Menningarminjar í Fljótsdalshreppi í Norður-Múlasýslu

Svæðisskráning

Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS078-98087
Reykjavík 1999

Efnisyfirlit

Inngangur 4

Skrá um menningarminjar í Fljótsdalshreppi 4

NM-154 Rafnkelsstaðir 4

NM-155 Víðivellir ytri 10

NM-156 Klúka 15

NM-157 Sturluflöt 17

NM-158 Víðivellir fremri 19

NM-159 Víðivallargerði 20

NM-160 Glúmsstaðir 25

NM-160b Glúmsstaðasel 30

NM-161 Þorgerðarstaðir 32

NM-162 Arnhallstaðir 34

NM-163 Lánghús 36

NM-164 Kleif 40

NM-165 Egilsstaðir 42

NM-166 Þuríðarstaðir 45

NM-167 Valþjófsstaður 47

NM-167b Suðurfell (Villingadalur) 54

NM-167c Valþjófsstaður (Múlinn) 55

NM-167d Valþjófsstaður (undir Fellum) 56

NM-167e Valþjófsstaður (Vesturöræfi) 57

NM-167f Valþjófsstaður (Miðheiði-Rani) 60

NM-168 Hóll 61

NM-169 Skriðu klaustur 63

NM-169b Skriðuklaustur (Rani) 68

NM-170 Bessastaðir 69

NM-171 Bessastaðargerði 75

NM-172 Melar 77

NM-173 Hamborg 79

NM-174 Brekka 83

NM-175 Brekkugerði 86

NM-176 Brekkugerðishús 90

NM-177 Arneiðarstaðir _____ **91**
NM-178 Geitagerði _____ **99**
NM-179 Merki _____ **101**
NM-661 Fornleifar á fleiri en einni jörð _____ **106**
NM-662 Óstaðsetjanlegar fornleifar _____ **107**
Heimildaskrá _____ ***108***

Inngangur

Nú er unnið að undirbúningi svæðisskipulags fyrir Fljótsdalshérað. Samkvæmt þjóðminjalögum er fornleifaskráning lögbundin þáttur í skipulagsstarfi og var leitað til Fornleifastofnunar Íslands um skráningu fornleifa á Héraði og í Borgarfirði eystra. Öll skráningarvinnan fór fram eftir kerfi Fornleifastofnunar Íslands og að henni lokinni eru til upplýsingar um fornleifar á öllu skráningarsvæðinu í einum gagnagrunni.

Í þessari skýrslu er birt minjaskrá Borgarfjarðarhrepps hins forna og skrá um þær heimildir sem notaðar voru. Nánari greinargerð um aðferðir þær sem beitt var, byggðasögu og sögu fornleifaskráningar er að finna í skýrslunni *Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra. Svæðisskráning*. Heildarfjöldi fornleifa í Fljótsdalshreppi eru 640 staðir á 26 jörðum sem eru að meðaltali 24,6 fornleifar á jörð. Auk þeirra eru sjö fornleifar sem ná yfir fleiri en eina jörð og eru það helst götur og vegir innansveitar sem utan. Einnig eru tveir minjastaðir sem ekki var unnt að staðsetja innan ákveðinna jarða. Heimildarkönnunin var unnin af Sædísi Gunnarsdóttur sem vann þessa skýrslu ásamt Orra Vésteinssyni.

Skrá um menningarminjar í Fljótsdalshreppi

NM-154 Rafnkelsstaðir

12 hdr. 1695. Hrafnkelsstaða er getið í Hrafnkelssögu Freysgoða, sem og Lokhillu sem stóð áður þar sem H stendur nú. H er einnig getið í Droplaugasonasögu. IF XI, 122, 149. 1397: Getið í máldaga Valþjófsstaðar sem á þar skógarteig og í máldaga Bessastaða. DI IV, 209, 212. 1570 og síðar eru R nefndi í máldaga Valþjófsstaðar. DI XV, 681.

Skriðuklausturseign 1847. Eyðihjáleigurnar Brattagerði [NM-128] og Hrólfsgerði taldar með. “H eru ysti bær í Fljótsdal austan ár, og á nyrsta hluta land milli Gilsár og Jökuldalsár inn að Víðivallamörkum frá Álavaði á Jökulsá og framanverða Brandsöxl á hálsinum og þaðan sama horf austur í Gilsá.” Nýbýlið Vallholt stofnað 1946-´48. SJM II, 69.

1918: Tún 6,3 ha, garðar 930 m2. “Tún eru um hjalla, brattar brekkur og botna, greiðfær og harðlend. Víðs vegar um hlíðina allt neðan frá Jökulsá liggja klettabelti út og fram, fremur óreglulega. Dálítið undirlendi er þó niður við ána út af Vallholti, Gilsáreyri,

Gilsárdalur liggur mun hærra en Fljótsdalssléttan, og vex Ranaskógur á mólendi yst í dalnum, en innar er mýrlendi, og voru þar meiri engjar en innar á dalnum. Annars voru útengjar aðeins smáblettir hét og þar um landareignina." SJM II, 69.

NM-154:001 *Rafnkelsstaðir* bæjarhóll bústaður
HH: "Tættur gamla torfbæjarins heima á Hrafnkelsstöðum, fast við eldra steinhúsið, standa en að hluta til, og má þar sjá fagurlega hlaðna grjótveggi, þar sem hver steinn er vandlega valinn. Þessir gömlu veggir mynda skjólgarða fyrir gamla trjágarðinn á bænum, þar sem er að finna einhver hæstu reynitré landsins." "Gamli bærinn stóð á sama stað og íbúðarhúsið ´16. Byggður í tíð Sæbjarnar Egilssonar b. á H 1870-´94. baðst. 14x51/2 alin. Hluti af henni stendur enn." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 70; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5

NM-154:002 *Hjallahús* heimild fjárhús
HH: "Hjallahús. Þar stendur eitt fremur lítið fjárhús/hesthús (?) með grjótveggjum og torfþaki, með birkitróði, öðru megin, en járnþaki hinum megin. Viðbyggð er lítil steinsteypt hlaða með járnþaki." "Á Grjótkofahjalla er fjárhús, nefnt Hjallahús." segir í örnefnalýsingu. Rétt ofan við aðalfjárhúsin.
Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir, 3; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5

NM-154:003 *Grjótkofi* tóft fjárhús
HH: "Grjótkofi (tótt). Er stakt fjárhús, út og uppi á túninu, skammt fyrir innan Grænastekk, af venjulegri stærð og lögun, með viðbyggðri hlöðu að utanverðu, dyr að framan (snýr út og fram). Þekjan er alveg fallin, en veggir standa að mestu, enda vel hlaðnir." "Fram af Grjótkofa er Grjótkofatún, sem nær fram að Bæjarlæk." "Fremst á hjallanum var fjárhús, kallað Grjótkofi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5; Ö-Hrafnkelsstaðir, 2, 4

NM-154:004 *Lambhús* tóft lambhús
HH: "Annað stakt fjárhús, á túni (Lambhúshól) skammt fyrir innan og ofan bæinn. Af svipaðri stærð og lögum og Hjallahúsið. Veggir standa vel, fallega hlaðnir, en torfþekjan er að mestu fallin."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5

NM-154:005 *Bakkahlaða* tóft hlaða
"Fremst og neðst í gamla túninu, er stök hlaða, kölluð Bakkahlaða." segir í örnefnalýsingu. HH: "Bakkahlöðutótt framan og neðan við bæ, stendur enn."
Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir, 4; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5

NM-154:006 *Hrólfsgerði* bæjarstæði býli
Hrólfsstaðir nefndir í Hrafnkelssögu og í skýringum segir að Hrólfsstaðir hétu þar sem nú heitir Hrólfsgerði og fjárhús sé frá Hrafnkelsstöðum. JJ: "1760 eru 2 eyðihjáleigur Brattagerði og Hrólfsgerði taldar hér með." "Fornbýlið Hrólfsgerði er þar sem nú stendur nýbúlið Vallholt um 1 km út frá H. Bæði býlin eru neðan fjalls ... Á báðum stöðum voru síðar beitarhús, og standa Vallholtsfjárhúsin nú á Hrólfsgerðinu." segir í Sveitum og jörðum. "Torf og grjótgarðar við Hrólfsgerði." "Fjárhúsin á Hrólfsgerði standa í túni, skammt fyrir utan nýbýlið Vallholt, og voru áður beitarhús frá Hrafnkelsstöðum. Talið er að þau standi á tóttum fornbýlisins Hrólfsstaðir, sem getið er í Hrafnkelssögu, og hafa fundist þar ýmsir munir, er virðast staðfesta það." "Túngarður úr grjóti og torfi var umhverfis húsin, og sé merki hans ofan og innan við húsin." KK: "Í hlíðinni millli Hrafnkelsstaða og Ranans er tún

ásamt fjárhúsi. Nefnist það Hrólfsgerði, og er talið að þar hafi staðið Hrólfsstaðir sem nefndir eru í Hrafnkels sögu. Á flatlendinu nálægt Fljótinu eru leifar af dys, og þar á að hafa verið einkennilega grjóthleðsla: grjóthringur og inni í honum steinhleðsla, aflöng, ferhyrndir."

Heimildir: IF XI, 127. JJ 1847, 357; SJM II, 69, 70; ÓO: Ferðabók, 141; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 180; KK IV, 31

NM-154:007 *Langagerði* hús fjárhús

HH: "Fjárhús, nokkuð langt, með hlöðu að baki, járnþök og timburstafn. Húsið er byggt af Eiríki J. Kjerúlf bónda í Vallholti í kringum 1960, þannig að grafið var fyrir húsinu með ýtu inn í uppgróinn sandfokshól, Síðan voru hlaðnir grjótveggir að innan en að utan eru engir veggir. ..Veggir eru vanalega hlaðnir úr grjóti upp í fulla hæð og standa vel." Yzt á Skógarbala [sjá 032] er fjárhús, sem Eiríkur í Vallholti byggði um 1960 ..." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 3; Ö-Vallholt, 2

NM-154:008 heimild útihús

HH: "Núverandi [torfhús 1990] fjárhús eru mikil sambygging, þ.e. 6 samhliða hús, með hlöðum að baki. Aðalfjárhúsin eru fjögur, í miðri stæðunni, og tvö og tvö þeirra sambyggð, þannig að þar eru ekki milliveggir, heldur aðeins stoðir, er halda uppi húsasundinu, því að þökin eru samt aðgreind á hverju húsi fyrir sig. ...Einnig byggði hann stutt fjárhús framan við stæðuna, og hesthús utan við, með steyptum vegg að utan. Einnig byggði hann hlöðuna, sem er með endilangri húsaröðinni að ofanverðum, en þar segir hann að hafi verið fjárhús, sem sneri eins og hlaðan, er hann byrjaði búskap." "Veggir húsanna eru yfirleitt vel hlaðnir, með torfi og grjótlaga að utanverðu. Að innan er eintómt grjót upp í a.m.k. 1,5 m hæð, en oft torflög þar fyrir ofan. Hornin á húsunum eru yfirleitt bogahlaðin að utanverðu, en húsin ganga nokkuð mislangt fram. Stafngluggar eru fyrir ofan dyr á húsunum og yfir þeim málaðar vindskeiðar. Einnig hafa steinar í veggjum að utan verið hvítmálaðir vestan á húsunum." SJM II, 3-4. Í túni í Vallholti

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 3; SJM II, 3-4

NM-154:009 heimild fjárhús

HH: "Skammt fyrir innan og ofan þá húsaþyrpingu sem hér var lýst á Hrólfsgerði, er stakt fjárhús með hlöðu, fremur lítið, veggir grjóthlaðnir og járnþök. hefur það verið endurbyggt af núv. bónda."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 4

NM-154:010 heimild

HH: "Skammt fyrir innan og ofan þá húsaþyrpingu sem hér var lýst á Hrólfsgerði, er stakt fjárhús með hlöðu, fremur lítið, veggir grjóthlaðnir og járnþök. hefur það verið endurbyggt af núv. bónda. Rétt innan við þar er svo lítill torfkofi, nú líklega notaður sem reykhús."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 4

NM-154:011 heimild fjós

HH: "Heima við íbúðarhúsið [í Vallholti] er lítið fjós, hlaða úr torfi og grjóti, með hvítmáluðum veggsteinum að framan, og sambyggt við það lítið torfhús með timburstafni, líklega smiðja." "Þessi hús eru byggð af Eiríki bónda, eftir að nýbýlið var stofnað um 1950. Í þeim er mjög vönduð hleðsla, og þau eru í góðu ástandi."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 4

NM-154:012 *Háls* bæjarstæði býli

“Utan við Lækjardalsmela, eru vallgrómar tættur af eyðibýli, sem heitir Háls.” segir í örnefnalýsingu. HH: “Þessar tættur eru austur við Gilsá, innst á Rananum, eða innan við hann. Að sögn Eiríks í Vallholti eru þarna merki um nokkur, sambyggð hús, og líkl. túngarð. Mestar líkur eru til, að þarna hafi verið sel frá Hrafnkelsstöðum eða Hrólfsgerði, meðan þar var búið.”

Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir, 3; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 4

NM-154:013 dys

“Dys var á melrinda, stutt framan við Kirkjuhamar ...” “Þar á litlum tanga, er steinaröð, hringmynduð, þar innan í er sem uppblásin steinþró, sem snýr frá austri til vestur; hún er 6 fet á lengd. Þetta er allt saman uppblásið, svo að þetta er slétt við jörðu.” “Inn frá Kirkjuhamarshjallanum gengur marafhjalli, nokkru lægra en hann, en þó aðeins hærri en nesið, rennisléttur að ofan, og hefur jarðvegur blásið af honum. Utan til á honum, nálægt norðurbrúninni, blés upp dys um aldamótin 1900.” Dysin hefur verið eyðilögð af vegaframkvæmdum, fundist hafa beinaleifar þarna.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 4; SV Árbók 1893, 36; Ö-Vallholt, 4

NM-154:014 heimild mylla

“Myllutótt við bæjarlæk.” segir í Sveitum og jörðum. “Myllutótt er við Bæjarlækinn, líklega skammt fyrir ofan veg.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 70; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

NM-154:015 *Álavað* heimild vað

“H eru ysti bær í Fljótsdal austan ár, og á nyrsta hluta land milli Gilsár og Jökuldalsár inn að Víðivallamörkum frá Álavaði á Jökulsá og framanverða Brandsöxl á hálsinum og þaðan sama horf austur í Gilsá.” segir í Sveitum og jörðum. HS: “Þekkt er Álavað fremst af Brattagerðiseyri og yst af eyrinni er annað vað [Skálavað].”

Heimildir: SJM II, 69; Helgi Gíslason “Um vöð og ferjur á Lagarfljóti”, 9

NM-154:016 *Selás* örnefni sel

“Örnefnið Selár er í landinu, en engar menjar sels sjást þar.” segir í Sveitum og jörðum. “Selás er klettur, utarlega á Breiðahjalla.” “Þar sem Engjadalslækur fellur ofan í gilið, eru eldgamlar húsatættur á ytri bakkanum og stutt frá gilbarminum, nafnlausar. Er líklegast, að þar hafi verið sel frá Hrafnkelsstöðum (sbr. Selásinn fyrrnefnda). Nú er grundin með tóttunum að verða kjarri vaxin.” segir í örnefnalýsingum.

Heimildir: SJM II, 69; Ö-Hrafnkelsstaðir, 2; Ö-Vallholt, 7

NM-154:017 *Brattagerði* bæjarstæði býli

“Annars er afbýli, Brattagerði kallað, í landareigninni rúman km inn af H, og má vera, að villst sé á nöfnum í heimildinni. ... Bæði býlin eru neðan fjalls skammt upp frá Jökulsá. Á báðum stöðum voru síðar beitarhús, ...” segir í Sveitum og jörðum. HH: “Um 1 km innan við Hrafnkelsstaðabæ eru beitarhúsin á Brattagerði. Standa þau á hólkolli eða halli skammt fyrir ofan veginn, í túnbletti, sem er umgirtur grjót- og torfgarði, og er nær alveg heill.” “Tvenn fjárhús voru yst og efst á túninu, með stuttu millibili. Fremri húsin voru tvístæð, með hlöðu bakvið og sneru þvert á dalinn, en ytri húsin einföld, þó með útskoti á austurhlið, sneru út og fram og dyr í austur. Nú mun vera um 2-3 áratugir síðan hætt var að nota húsin á Brattagerði. Þekjur hafa fallið eða verið rifnar, en veggirnir standa enn nokkuð sæmilega, enda hafa þeir verið listavel hlaðni, mest úr köntuðu grjóti, sem sprengt hefur verið úr klettum þarna nálægt.”

Heimildir: SJM II, 69; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5; ÓO: Ferðabók, 141; Halldór Stefánsson: “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 180

NM-154:018 tóft smalakofi
HH: “Smalabyrgi (líklega grjóthlaðið) er á Byrgishjalla, upp af Skipabotni, sem er skammt fyrir innan túnið.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

NM-154:019 *Gildruás* örnefni refagildra
HH: “Tófugildra hefur líkl. verið á Gildruás, eða Gildruhnaus, sem eru örnefni inn og upp í fjallinu.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

NM-154:020 *Smalaskáli* örnefni smalakofi
HH: “Smalaskáli er örnefni utan í Hálsinum, og hefur þar líklega verið smalabyrgi.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

NM-154:021 heimild stekkur
HH: “Stekkur hefur verið á Grænastekk, en ummerki hans líklega horfin.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

NM-154:022 *Kvíabali* örnefni kvíar
HH: “Stekkur hefur verið á Grænastekk, en ummerki hans líklega horfin. (Kvíabali var þar skammt fyrir neðan, svo varla hefur þá verið stekkur þarna ?).”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

NM-154:023 tóft stekkur
HH: “Á Timburfleti, eru tættur eftir fráfærustekk, og því stundum nefnd Stekkahjalli.” Þessar tættur eru í Vallholtslandi.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

NM-154:024 tóft rétt
HH: “Réttir hafa verið m.a. á Réttarholti, milli Hrafnkelsst. og Vallholts (líkl. fast við veginn?) ...”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

NM-154:025 tóft rétt
HH: “ ... og á loftmynd sýnist vera rétt í hvammi, utan og neðan við Brattagerði, en ég hef ekki tekið eftir henni af veginum.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

NM-154:026 *Kolás* örnefni
“Kolás er hryggur næst fyrir ofan Breiðahjalla. Hann nær frá Hrólfsgerðislæk inn að Bæjarlæk.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir, 2

NM-154:027 heimild uppsátur
“Suðvestan gamla garðsins heitir Krosshóll. Hann nær að Skipabotnslæk, sem fellur niður um svonefndan Skipabotn. Fremst í honum er Ferjuskot, þar var lögferjan bundin í hléi.” segir í örnefnalýsingu. Í landi H II
Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir II, 1

NM-154:028 *Kolabotnar* örnefni kolagröf

“Ofan hans eru Fláabrekkur, sem ná þvert yfir land jarðarinnar, utan frá Kolabotnum, sem Bæjarlækurinn fellur um, og inn á mörk fyrir ofan Hrosshamarssnið.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir II, 2

NM-154:029 *Brandsöxl* þjóðsaga tröllabústaður

“Upp frá Fláum heita Kambar, en Brandöxl, bústaður Grýlu, ber við loft upp af Kömbum.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir II, 3

NM-154:030 *Vörðuholt* örnefni

“Bærinn [Vallholt] var byggður á svonefndu Vörðuholti, stutt fyrir framan (innan) beitarhúsin Hrólfsgerði ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Vallholt, 1

NM-154:031 tóft geitakofi

“Ranasporður kallast yzt og nyrzt í Rana, inn og upp frá brúnni, og ofan við hann er Kiðhóll í skóginum, nær gilinu, en þar mótar fyrir gamalli kofatótt (geitakofa?).” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Vallholt, 1

NM-154:032 *Skógarbali* heimild áfangastaður

“Utan við lækinn, ofan vegar, er grasi vaxin grund, nú túnblettur, sem heitir Skógarbali. Innan og neðan til á honum eru fáein eldgömul birkitré í þyrpingu ... Þarna er gamall áningarstaðir, og var stórvaxinn gamall skógur á balanum, sem höggvinn var upp um 1870-80, nema nokkur tré sem standa enn.” segir í örnefnalýsingu. Fastur áningarstaður hestamanna og margir skráðu nöfn sín í berki trjánna.

Heimildir: Ö-Vallholt, 2

NM-154:033 *Kirkjuhamar* þjóðsaga huldufólksbústaður

“Stutt fyrir innan Skógarlækinn hefst svæði með nokkuð reglulegum, lítið hallandi hjöllum, sem víða eru með lágum klettum að norðan. Yzti og neðsti hjallinn nefnist Kirkjuhamar. Fram úr honum ganga nokkrir klettahöfðar í röð, úr meira eða minna stuðluðu bergi. Reglulegast er það í miðhöfðanum og myndar þar þverhníptan hamar, um 10 m háan. Mun það vera hinn eiginlegi Kirkjuhamar, þótt nafnið sé nú notað á allan hjallann.” segir í örnefnalýsingu. “Samkvæmt þjóðsögunum átti það að vera huldufólkskirkja. Eitt sinn sást bátur koma siglandi upp eftir Lagarfljóti og upp Jökulsá, sem þá rann fast upp að hamrinum, með mörgu prúðbúnu fólki, og hvarf hann við hamarinn.”

Heimildir: Ö-Vallholt, 3

NM-154:034 gata leið

“Stutt fyrir innan Skógarlækinn hefst svæði með nokkuð reglulegum, lítið hallandi hjöllum, sem víða eru með lágum klettum að norðan. Yzti og neðsti hjallinn nefnist Kirkjuhamar. Fram úr honum ganga nokkrir klettahöfðar í röð, úr meira eða minna stuðluðu bergi. Reglulegast er það í miðhöfðanum og myndar þar þverhníptan hamar, um 10 m háan. Mun það vera hinn eiginlegi Kirkjuhamar, þótt nafnið sé nú notað á allan hjallann. ... Gamlar götur liggja upp á hamarinn að utan og inn eftir honum frá þeim tíma, þegar ófært var fyrir framan hann. Nú er túnblettur uppi á hjallanum, sem nefnt er Kirkjuhamarsflötur, og neðan við hamarinn Kirkjuhamarshylur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Vallholt, 3

NM-154:035 heimild mógrafir

“Innan við Stekkjarhjalla [023] er mýrarblettur með gömlum svarðargröfum, og úr þeim sytrar Svarðargrafalækur um gildrag niður hlíðar.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Vallholt, 4

NM-154:036 heimild ferja

DB fékk þarna ferju á leið sinni um Austfirði 1901. HG: “Lögferja var á Jökulsá í Fljótsdal hjá Hrafnkelsstöðum.”

Heimildir: DB: “Við norðurbrún Vatnajökuls”, 163; Helgi Gíslason. “Um vöð og ferjur á Lagarfljóti”, 6

NM-154:037 heimild legstaður

SV: “Fyrir innan Gilsá, sem er fyrir innan Bolungavöll, þar á litlum tanga, er steinaröð hringmynduð; þar innan í er sem uppblásin steinþró, sem snýr frá austri til vesturs; hún er 6 fet á lengd. Þetta er allt saman uppblásið, svo að þetta er slétt við jörðu. Það er auðsjáanlegt, að þetta eru leifar af fornum haug, enda sáust þar fyrir nokkrum árum uppblásin hrossbein, og með því að þetta er rétt fyrir ofan Hrólfsstaði, er líklegt, að þetta sé haugr Hrólfs, er þar bjó.”

Heimildir: SV: Árbók 1893, 35-36

NM-154:038 *Lokhilla* bæjarstæði

Hrafnkell færði nú bú sitt austur yfir Fljótsdalsheiði og um þveran Fljótsdal fyrir austan Lagarfljót. Við vatnsbotninn stóð einn lítill bær, sem hét at Lokhillu. Þetta land keypti H og reisti stóran bæ sem hét Hrafnkelsstaðir.

Heimildir: IF XI, 122

NM-155 Víðivellir ytri

50 hdr. 1595, 1695, 1847. Víðivellir nefndir í Hrafnkötlu, ekki skýrt við hvaða V er átt. IF XI, 127. Víðivalla nyrðri er getið í Droplaugasonasögu. IF XI, 142. 1397: Getið í máldaga Valþjófsstaðar sem á þar skógarteig. DI IV, 209. 1406: Jörðin er tilgreind í kaupmálabréfi Arnodds Brandssonar og Sigríðar Guðmundsdóttur sem fékk jörðina sem sinn heimanmund frá förðu sínum séra Guðmundi Þorsteinssyni. DI III, 705-706. 1467: Vitnisburður um landamerki og ítök V. “ad Vijdeveller ytre ætte Hwshoma firer handann kieldá og alla þá holma sem þar eru yffer ad þeim árgranda sem geingur uti Jökulsá firer handan Hwsholma. og svo wissum wie ad wideveller ýtre áátu skog ut wid Silsá i rana. og anan skogarpart fram a Stullaflaut. og upp á x hesta letorf árlega i Skridu jaurd. og fim stodhrossa beit á vetrum. og taka ecke fololld frá. Teig med ummerkium firer framan skogargoturnar offan offan frá skridu.” DI V, 472. 1570 og síðar eru V nefndi í máldaga Valþjófsstaðar. DI XV, 681. 1595: “Herdís Magnúsdótir og synir hennar ... og Bjarni Ólafsson vegna Þórdísar Jónsdóttur systur sinnar, selja Erlendi Magnússyni Ytri-Víðivelli í Valþjófsstaðakirkjusókn, 50 hndr. að dýrleika ...” Jarðabók 265. 1674: “Jón Bjarnason selur Jóni Þorlákssyni hálfa Víðivelli ytri, en öll er jörðin 50 hndr. að dýrleika, og enn fremur vallarteig 1 hndr., fyrir Ekkjufell (N-Múl.), 20 hndr. að dýrleika, og 3 hndr. úr Gilsá, tiltekið hálft kotið Gelding.” Jarðabréf, 280. 1674: “Sigfús Bjarnason selur Jóni Þorlákssyni tuttugu og hálft hið fimmta hundrað í Víðivöllum ytri fyrir Fljótsbakka, ...” Jarðabréf, 280.

Eyðihjáleigur 1847 Hlíðarhúss og hjáleigunnar Klúku. 1397. “Á V var bænhús og hefur fundist grafreitur sem virðist ekki hafa verið hreyfður eftir öskufallið 1460. ... Landamörk við Klúku eru við Grænaklettslæk yst í Klúkutúni upp í Sóleyjarbotn (skál efst í fjallinu) og þvert í Gilsá. Mörk við Hrafnkelsstaði eru fremst á Brettagerðiseyri við Jökulsá

og upp með nýrri skógargirðingu og þvert um fjall í Gilsá. Enn eiga Va land handan Kelduár, ysta sléttlendið milli ánna inn í svokallaðan Granda. Það land heitir Hólmar, að mestu ræktað nú, en að öðru leyti þurrar grjót- og sandeyrar. ... Ítakaskrá V sýnir stöðu jarðarinnar í bændabyggð Héraðs. Samkv. F´18 á jörðin: Selland að Þórisstöðum í Hrafnkelsdal, selför í Seljadal (sem talið er að sé Hrafnkelsdalur), fjárgöngur fyrir 100 fjár í mánuð í Hrísnesi og skógarítak í Ranaskógi á Hrafnkelsstöðum. Heimildamaður nefnir auk þess: Reka á Héraðssöndum og torfristu og hrossagöngu á Klaustursnesi en á móti því síðarnefnda kom skógarítak í Hlíðinni utan við Veturhús." SJM II, 65-66.

1918: Tún 8 ha, garðar 1254 m2. "Gamla túnið var brattlítið, en jarðgrunnt, slétt frá náttúrunnar hendi, heimaengjar þurrar og slægar árlega, en votari og reytingssamari á Gilsárdal. Sumarhagar eru góðir fyrir allan búpening, enda þótt ekki sé um að ræða, víðlendar afréttir á heiðum og fjöllum og útbeit kjarngóð, nærtæk og landrými mikið." SJM II, 67.

NM-155:001 *Víðivellir ytri* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

NM-155:002 heimild bænhús

"Á V var bænhús og hefur fundist grafreitur, sem virðist ekki hafa verið hreyfður efir öskufallið 1460." segir í Sveitum og jörðum.

VÍÐIVELLIR YTRI Í FLJÓTSDAL (NM) (VALÞJÓFSSTAÐAÞING) - HÁLFKIRKJA

1397: [til Valþjófsstaða] liggia tíunder af xj bæium vtan bessastodum oc vídivollum. ero her af sex bænhus. og tuæer kirkiur oc greidaz tuo .c. af annare. en iij merkr af annari; Máld DI IV 209-212 [Valþjófsstaðar]

1397: [á ornamenti] var þetta lukt j tiund kirkiunnar er Olafur Jonsson skildist med.

portio Ecclesiæ xv alner aa hveriu are vmm xvj är; Máld DI IV 213. 7.7.1676: Þórður Þorláksson biskup heimilar að hálfkirkja megi uppgjörast á Víðivöllum ytri á þeim sama stað og gamla kirkjan hefði staðið. Jarðabréf, 281-82.

{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 97}

1676: Þorlákur Þorláksson biskup heimilar, eftir ósk Jóns Þorlákssonar sýslumannsi og með ráði prófastsins, sr. Stefáns Ólafssonar og synod, að hálfkirkja mætti uppgjörast á Víðivöllum ytri á þeim sama stað og gamla kirkjan hefði staðið."

Heimildir: SJM II, 66; Jarðabók 281-282

NM-155:003 *Geldingahús* tóft fjárhús

HH: "Á heimatúninu, skammt fyrir ofan bæinn, upp við svon. Bæjarhjalla, eru tættur fjárhúsa, Geldingahúsa, orðnar vallgrónar." "Inn af Bæjarlæk, en hann rennur fram og ofan allt túnið, næst Fetanum að ofan, er Framtún upp að læk. Ofan við bæinn er fjós og þar ofar tún, heim heitir Fjóstún. Lækurinn rennur ofan við það. ofan við hann eru nýræktir. Þar ofar, meðfram hjallanum, heitir Hesthústún, þar er hesthús [027] og einnig kindahús, sem heitir Geldingahús. Tóftin sést enn."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 7

NM-155:004 tóft hesthús

HH: "Rétt fyrir innan þær er grjóthlaðinn hesthúskofi, með viðbyggðri smáhlöðu, og hefur þeim verið breytt í reykhús. Á þeim er skúrþak af járni, en veggir teknir að falla."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 7

NM-155:005 garðlag túngarður

"Túngarður við Gilsárlæk." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 67

NM-155:006 heimild hesthús
“Inn af Bæjarlæk, en hann rennur fram og ofan allt túnið, næst Fetanum að ofan, er Framtún upp að læk. Ofan við bæinn er fjós og þar ofar tún, heim heitir Fjóstún. Lækurinn rennur ofan við það. ofan við hann eru nýræktir. Þar ofar, meðfram hjallanum, heitir Hesthústún, þar er hesthús og einnig kindahús, sem heitir Geldingahús. Tóftin sést enn. [003]” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivellir ytri, 11

NM-155:007 heimild fjós
“Inn af Bæjarlæk, en hann rennur fram og ofan allt túnið, næst Fetanum að ofan, er Framtún upp að læk. Ofan við bæinn er fjós og þar ofar tún, heim heitir Fjóstún.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivellir ytri, 10

NM-155:008 *Gimbrahús* heimild fjárhús
“ ... upp af því [004] var Gimbrahús, og ofan við það er hús, sem hét áður Kofi, en nú heitir það Fossgerði.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivellir ytri, 10

NM-155:009 *Lögrétta* örnefni
“Ofan við Eyrina, utan við bæinn, framan við Kofalækinn, er vallgróinn bakki, sem heitir Bringubakki. Uppi á honum er Langiteigur. Utan við hann, við lækinn, er dálítil lægð, sem heitir Lögrétta. Víðivellir voru áður sýslumannssetur og þarna var réttur settur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivellir ytri, 10

NM-155:010 *Nýjahús* heimild útihús
“Víðivallatún: Kelduá rennur rétt fyrir neðan bæinn, eða kvísl úr henni, en beygir svo aðeins frá, þar meðfram henni er neðsti hluti túnsins, sem heitir Eyri. Neðan við hana, utan til, kemur Hlíðarhúsakvíslin úr ánni. Ofan við Eyrina, út við Fremri-Giljalæk, heitir Holt. Framan við það er lág, sem heitir Kúalág. Framan við hana heitir Nýrækt, og framan við hana er Nýjahúsgrund. ... Ofan við Nýjahúsgrund er Nýjahúsið; að vísu gamalt, en heitir þó Nýjahús, nú horfið.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivellir ytri, 10

NM-155:011 heimild áveita
“Engjaáveita.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 67

NM-155:012 *Hlíðarhús* bæjarstæði býli
JJ: “1760 og 1804 er hér að auki talin eyðihjáleiga, Hlíðarhús.” “Afbýli og sel voru mörg í landareigninni, Hlíðarhús, í fjallinu út og upp af bæ, fóru í eyði um 1820 ...” segir í Sveitum og jörðum. HH: “Hlíðarhús (rústir) eru beitarhús frá Víðivöllum ytri, rétt fyrir utan Hlíðarhúsalæk, og skammt fyrir utan og ofan nýbýlið Víðivelli ytri I, og tilheyra húsin nú þeirri jörð. Búseta var á Hlíðarhúsum fram til 1820, en þó varla stöðug byggð. (Þeirra er einnig getið í Grýlukvæði séra Stefáns).”

Í eyði 1746, en komst aftur í ábúð frá 1790-1820. “Fjárhúsin á Hlíðarhúsum voru í notkun fram um 1970, en þá voru byggð steinsteypt hús skammt fyrir neðan, sem tóku við hlutverki þeirra. Nú eru þekjur allra húsanna fallnar eða hafa verið rifnar, en veggir standa

nokkuð vel. Aðalhúsin á Hlíðarbæjarhúsum nefnast Bæjarhús, eflaust vegna þess að þau eru byggð upp úr tóttum gamla torfbæjarins, sem stóð þar fram á miðja 19. öld. Bæjarhúsin hafa síðast verið þrístæð, þ.e. þrjú samhliða fjárhús, án milli veggja, um 10 m. löng. Húsin voru tvístæð fram á miðja þessa öld, og með millivegg, segir Rögnv. Erlingsson, sem vann við að breyta húsunum. Að húsabaki var viðbyggð hlaða, en í tótt hennar er nú reykingakofi úr timbri og járni. Bæjarhúsin eru á miðju túni, ofantil, en túnið var umlukt hringlaga torfgarði, sem enn sést partur af ofan við húsin, orðinn útflattur. Innan og ofan við Bæjarhúsin, og við gamla túngarðinn er tótt Efstahússins, sem var venjulegt fjárhús með lítilli en djúpri hlöðu, og sneri út og fram, en Bæjarhúsin þvert á hlíðina. Skammt fyrir utan og neðan Bæjarhúsin var svo Neðstahúsið, svipað að stærð og lögun og hitt, en hlöðulaust. Þriðja húsið nefndist Ystahús, og sjást minjar þess sem hrúgald skammt út af Neðstahúsinu. Loks eru tvær vallgrónar tættur ofan við Efstahúsið, og hafa þar verið einhverjir kofar. Túnið hefur verið sléttað og stækkað, og haustið 1070 reif mikið skriðuhlaup ysta hluta þess, en tætturnar sluppu."

Heimildir: JJ 1847, 357; SJM II, 66; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, ÓO: Ferðabók, 141; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 180

NM-155:013 *Urðarsel* bæjarstæði býli
"Afbýli og sel voru mörg í landareigninni, Hlíðarhús, í fjallinu út og upp af bæ, fóru í eyði um 1820, Urðarsel í ábúð á 17. öld ... Pálssen [svo] á Gilsárdal, selstöð um 1800." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Innanvert við Víðivallaurð, og inn og upp af Veturhúsum, í um 100 m hæð t.s., eru tættur Urðasels, ... og virðist þá hafa verið búið þar [17. öld]." Samanber Grýlukvæði Stefáns Ólafssonar. "Þarna eru nú aðeins ein tótt af langhúsi, sem líklega hefur verið fjárhús, og bogalaga garður framan við tóttina, sem líkist mest réttarhólfi. Auk þess mótar fyrir tveim öðrum tóttum, skammt fyrir utan og neðan, um 7x3 m hvor. Túngarður sést ekki. (Bæjar- eða seltættur hafa líklega veriðeyðilagðar þegar þarna var síðar byggt fjárhús eða stekkur)."

Heimildir: SJM II, 66; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 6; ÓO: Ferðabók, 141; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 180

NM-155:014 tóftir sel
HH "Í Selsundi, í Víðivallaskógi, inn og upp frá hlíðarhúsum, eru fornar seltættur, ..."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 7

NM-155:015 tóft útihús
HH: "Gömul hústótt (líkl. af fjárhúsi), er á bala út við Giljalæk, út og upp frá bænum."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 7

NM-155:016 *Gamlistekkur* heimild stekkur
HH: "Gamlistekkur nefnist barð, innan við Mórauðalækinn, neðan við Urðarsel." "Á því eru gamlar stekkjartættur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 7; Ö-Víðivellir ytri, 4a

NM-155:017 *Katla* varða
HH: "Katla heitir varða á Kötluhlíð, uppi í hálsinum (fjallinu), eftir þeim sem hlóð hana, en hann hét Ketill."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 7

NM-155:018 *Víðivallarétt* heimild rétt
HH: "Víðivallarétt, er líklega niðri á eyri við ána (Húseyjarkvísl), skammt fyrir innan Giljalæk. Hún var lögrétt fyrrum, að Rögnv. telur ."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 7

NM-155:019 heimild ferja
“Þar sem brúin er á Jökulsá, setti Methúsalem Kjarúlf upp straumferju til að flytja fé yfir á.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivellir ytri, 2

NM-155:020 *Brandsöxl* þjóðsaga tröllabústaður
“Þar inn af [Kömbunum] er dálítið hæð, klettabelti neðan í, og heitir það Stórahraun. Neðan við það og ofar eru mýrar, sem heita Stórahraunsmýrar. Ofan við Kambana er hár klettahjalli, sem heitir Brandsöxl. Eldgömul vísa hermir, að Grýla og Leppalúði hafi búið þar ...” segir í örnefnalýsingu. Sbr. “Eitt er bú í Brandsöxl, bölhyskið á.”
Heimildir: Ö-Víðivellir ytri, 3

NM-155:021 vegur leið
“Ofan við Skógarhjallann er Neðri-Stöng, en hún breikkar framan við hann og ná þar Hrafnaklettarnir upp að henni milli Giljalækjanna. Í Stönginni, upp af Skógarhjallanum, frama til, er gil sem heitir Vegagil. Þar lá vegurinn áður fyrr austur á Gilsárdal, ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivellir ytri, 8

NM-155:022 varða
“Ofan við Efri-Stöng [019] er svo smáhlíð, sem heitir Vörðuhólshlíð. Á henni er hár hóll með vörðu á, sem heitir Vörðuhóll.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivellir ytri, 8

NM-155:023 *Kofi/Fossgerði* heimild
“Niður Bæjarhjallann renna tveir lækir, hér um bil samsíða. Þeir heita Kofalækur og Bæjarlækur. Þeir koma ofan af fjalli og falla niður í gegnum túnið, ofan í Kelduá.” “ ... upp af því [004] var Gimbrahús, og ofan við það er hús, sem hét áður Kofi, en nú heitir það Fossgerði.” segir í örnefnalýsingum.
Heimildir: Ö-Víðivellir ytri, 9; Ö-Víðivellir ytri, 10

NM-155:024 heimild áveita
“Í hjallanum, rétt ofan við túnið, eru merki móti Klúku, er klettur, sem heitir Græniklettur. Framan við hann er Grænaklettslækur, sem er gamall áveitulækur, tekinn úr Bæjarlæknum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivellir ytri, 9

NM-155:025 *Fornasel* heimild sel
“ ... og Fornasel beint upp af beitarhúsunum Veturhúsum út með Jökulsá.” segir í Sveitum og jörðum. HH: “Beint upp af Veturhúsum, í um 150-200 m.h.y.s., í svonefndum Fornaselsbotnum, eru tættur sem kallast Fornasel. Tvær tóttir eru nokkuð skýrar, snúa hornrétt hvor á aðra, báðar aflangar, um 15-16 m á lengd og 5-7 m breiðar, og báðar með nokkrum þverveggjum.” Efri tóttin gæti verið af litlum bæ, en þó eru engar heimildir um að þarna hafi verið búið. Neðri (og ytri) tóttin, gæti verið af rétt. Líklega má sjá móta fyrir tveimur öðrum tóttaþyrpingum, sem þá eru eldri, en engin merki sjást um túngarð.”
Heimildir: SJM II, 66; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 6; ÓO: Ferðabók, 141; Halldór Stefánsson: “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 180

NM-155:026 *Veturhús* tóft beitarhús

" ... og Fornasel beint upp af beitarhúsunum Veturhúsum út með Jökulsá." segir í Sveitum og jörðum. "Veturhús, (tættur), voru beitarhús frá Víðvöllum ytri, utarlega í landinu. Þetta voru tvístæð fjárhús, í hefðbundnu formi og stærð, með hlöðu að húsabaki. (Voru framan af öldinni notuð frá Bessastöðum). Hætt var að nota þau um 19 (?) og nú eru þar aðeins vallgrónar tættur, þar sem rétt sér móta fyrir veggjum, fast við þjóðveginn að ofan." "Fjallið: Frá láglendi upp á Háls utan frá. Frá merkjum móti Hrafnkelsstöðum og inn að Veturhúsum, sem eru gömul beitarhús, en nú tóft, er svæði, sem nefnt er Hlíð." segir í örnefnalýsingu. Skemmdist við girðingarvinnu 1990.

Heimildir: SJM II, 66; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 6; Ö-Víðivellur ytri, 2

NM-155:027 heimild mylla

"Myllutótt við Hlíðarhúsalæk (myllusteinarnir til)." segir í Sveitum og jörðum. "Innan við holtið [Hlíðarhúsaholt] kemur svo Hlíðarhúsalækurinn niður í gegnum svonefnt Myllugil. Þar var kornmylla við lækinn og mikið malað af korni." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 67; Ö-Víðivellir ytri, 5

NM-155:028 heimild

ÞSS: "Nálægt 1880 var sá vinnumaður á Víðivöllum ytri í Fljótsdal í Norður-Múlasýslu er Eiríkur hét Einarsson. Einn dag um vor var hann að elta lambá austur í svonefndri Víðivallahlíð. Hljóp hann yfir grafning á eftir ánni en varð að fara ofan í hann. Þegar hann ætlaði að snara sér upp á hinn bakkann greip hann í víðitág er honum sýndist standa út úr bakkanum, til að létta sér hlaupið upp, og sleit hana frá og hélt í hendi sér þangað til hann hafði náð ánni. En þá varð honum litið á tágina og brá nú í brún því hann sá að tágin var hvorki meira né minna en járnhalda úr kistugafli. Við fyrsta hentugleika leitaði hann kirkjunnar og oft síðan en fann hana aldrei."

Heimildir: ÞSS VI 1986, 25

NM-156 Klúka

Háleiga Víðivalla ytri. "Eins og lönd nágrannajarðanna nær Klúkuland milli Kelduár og Gilsár, en landið er mjó rönd yfir fjallið, frá Hagagarði og Hagagarðslæk að innan og út að Grænakletti, varla yfir 1 1/2 km á breidd. Neðan þjóðvegar eru allvíðlendir valllendishólmar afmarkaðir af Klúkukíl, sem fellur út með veginum og í Kelduá, myndaður að nokkru að fjalllækjum." SJM II, 64.

1918: Tún 3,4 ha, garðar 180 m2. "Milli vegar og fjalls eru túnið, hallalítið vallendi að mestu upp að fjallsrótum. ... Vetrarbeit er sæmileg og sumarhagar góðir, en landið er þröngt. Engjar voru aðallega þar sem túnið er nú ofan við veginn, nærtækar vallendisengjar, þurrar, samfelldar og greiðfærar, en þó ekki sléttar. Einnig voru engjablettir á Gilsárdal, en ekki notaðir á þessari öld nema 1918, er grasbrestur var heima. Túnið var grasgefið og greiðfært þýfi, harðlent, en jarðdjúpt, fóðraði 2 kýr." SJM II, 64

NM-156:001 *Klúka* bæjarhóll bústaður

"Baðstofa endurbyggð 1897, portbyggð tvískipt uppi og niðri, kaupstaðarviðir, reisifjöl, máluð stofa inn af eldhúsi niðri. Notuð til ´49. Bæjardyr á þilstafni í norður, annars torf í veggjum og stöfnum." Segir í Sveitum og jörðum. HH: "Heima við bæinn í Klúku, rétt fyrir utan íbúðarhúsið, eru tvö, lítil, sambyggð hús, með veggjum af torfi og grjóti og járnþökum. Að baki þeim er hlaða, einnig með grjótveggjum og járnþaki, og steypt súrheysgryfja. Ytra

smáhýsið er notað sem fjós, en það fremra er geymsla fyrir reiðtygi o.s.frv. Þessi hús voru byggð upp úr gamla torfbænum, sem stóð þarna fram um 1950, og er ytri frjósveggurinn hinn upprunalegi baðstofuveggur, svo og veggurinn milli fjóss og hlöðu. Timburþil er á geymslunni að framan. þessi hús eru vönduð og smekkleg og standa vel."

Heimildir: SJM II, 65; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 8

NM-156:002 heimild hesthús

HH: "Hesthús. Örskammt fyrir innan og ofan bærinn er lítið hesthús, úr torfi og grjóti, og með torfþaki, sem bárujárn hefur verið lagt í boga ofan á (bárurnar langs), og viðbyggð hlaða á bakvið, með járnþaki. Langveggir eru alvaxnir grasi að utan. Húsið er gamalt að uppruna og í alveg í gömlum stíl, gólfið básar fyrir hestana. Sérkennilegt hús og athyglivert."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 8

NM-156:003 heimild smiðja

HH: "Steinsnari innar og ofar, í túnjaðri, við bæjarlækinn, er smiðjukofi, með torf/grjótveggjum og torfþaki, en timburþili að framan (vestan), um 2 x 3,5 m grunnmáli innanvert, og má því kallast óvenju stór. Sverrir Þorsteinsson bóndi í Klúku, byggði smiðjuna á árunum kringum 1950, en áður var lítil smiðja þarna rétt fyrir ofan." "... húsið nú notað sem hænsnahús. Þótt húsið sé ekki eldra, er það samt í mjög hefðbundnum smiðjustíl, eins og þær tíðkuðust framan af öldinni, en smiðjuhús eru núi orðin fágæt."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 8

NM-156:004 *Efstuhús* heimild fjárhús

HH: "Þrenn fjárhús standa í túninu innan bæjar og neðan, beggja megin við Bæjarlækinn, og kallast Efstuhús, Miðhús og Neðstuhús. Efstuhúsin eru beint fram af bænum, framan við lækinn, þrístæð fjárhús, með hliðarveggjum úr grjóti og torfi, járnklædd stöfnum að vestan (norðan) og járnþökum. Að húsabaki er löng hlaða, einnig járnklædd, en með grjótveggjum."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 8

NM-156:005 *Miðhúsið* heimild fjárhús

HH: "Þrenn fjárhús standa í túninu innan bæjar og neðan, beggja megin við Bæjarlækinn, og kallast Efstuhús, Miðhús og Neðstuhús. ... Miðhúsið er stutt fyrir innan og neðan, snýr út og fram, með dyrum sunnan á stafni. Veggir grjóthlaðnir allt um kring, með vandaðri hleðslu úr völdu grjóti, sem hefur litast rauðleitt af veggjaskóf, stafnar torfhlaðnir. Torfþak er á húsinu í upprunalegri mynd, með birkitróði að hluta til og hellur neðantil. Húsið er fornt að stofni segir Sverrir, en hefur verið stækkað og endurbyggt í seinni tíð."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 8

NM-156:006 *Neðstahús* heimild fjárhús

HH: "Þrenn fjárhús standa í túninu innan bæjar og neðan, beggja megin við Bæjarlækinn, og kallast Efstuhús, Miðhús og Neðstuhús. ... Neðstahúsið er hins vegar svipað Efstuhúsunum, nema ennþá nýtískulegra, tvístætt með einu risþaki, af bárujárni, krossviðarþili að vestan og glugga af báruplasti. Að baki því er hlaða, með grjótveggjum og járnþaki. Hliðveggir húsanna eru einnig úr grjóti og torfi."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 8-9

NM-156:007 tóft mylla

HH: "Myllutótt er við bæjarlækinn ..."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 9

NM-156:008 tóft beitarhús
HH: " ... beitarhúsatættur uppi á Bæjarhjalla, neðsta hjallanum upp af bæ, rifin 1923."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 9

NM-156:009 *Botnasel* tóft sel
HH: "Botnasel var í Sóleyjarbotnum, ofan við Urðirnar, inn og upp í fjallinu. Þar var haft í seli um 1865, en líklega aðeins fáein ár." "Sverrir í Klúku segir, að Ólafur afi sinn hafi byggt selið, og hafi þar ekki verið sel áður."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 9

NM-156:010 *Pálssel* bæjarstæði býli/sel
HH: "Pálssel var austur á Gilsárdal, handan við Víðivallahálsinn, á merkjum Klúku og Víðivalla ytri." "Þar eru að sögn allmiklar tættur, sem benda til búsetu. (Selið á að vera kennt við Pál Þorsteinsson, föður Jóns blinda í Víðivallagerði)."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 9

NM-156:011 *Hagagarður* garðlag landamerki
HH: "Gamall grjótgarður er á merkjum Klúku og Víðivalla fremri, "nær frá Klúkukíl upp í Urðarhorn í Efrafjalli, gerður upp á stykki 1912."" "Þar við lækinn er gamall vörzlugarður, nefndur Hagagarður." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 9; Ö-Klúka, 3

NM-156:012 *Vörðuhjalli* örnefni
"Hjallarnir heita Bæjarhjalli, Miðhjalli, Vörðuhjalli ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Klúka, 1

NM-156:013 *Narfagata* gata leið
"Næst brúninni er Langihjalli. Í honum, fyrir framan botnana, er Narfagata. Um hana er greiðfær leið með hesta, enda mikið notuð, meðan heyjað var á Gilsárdal." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Klúka, 2

NM-157 Sturluflöt

6 hdr. 1695, 1847 1497: Eiríkur Ormsson selur Narfa príor í Skriðu hálfa Sturluflöt. DI VII, 345. Skriðuklausturseign. HÞ: Sturluflötur réttast ekki Sturlaflötur né Sturlaflöt. Árbók 1923, 91. "Landskipting og staðhættir benda til, að S hafi verið hluti Víðivallatorfunnar fyrr, en um það skortir heimildir. .. S er innst bær í Suðurdal suðaustan Kelduár. Að utan, við Víðivallagerði, eru mörk við Sturluá, sem fellur í Kelduá á móti Þorgerðarstöðum og fylgja ánni sa. og upp að sýslumörkum norðan í hornbrynju. Kelduá skiptir löndum við Þorgerðarstaði, en síðan liggja mörk inn með Fellsá í Villingadal og með Strútsá suður fyrir Hornbrynju. ... Afréttarlönd eru góð í heiðartungunum milli ánna suður í Hornbrynju." SJM II, 58-59.

1918: Tún 2,3 ha, garðar 508 m2. "Undirlendi er fremur lítið, sléttar grundir næst Kelduá. Nú eru þær að mestu leyti tún, hallalítið, frá brekkurótum niður að ánni. Út frá túni eru harðvellismóar og grafningar, þvínæst tekur við aflíðandi fjallshlíð, neðst með melum,. en vaxin lyngi og fjalldrapa ofar ... Gamla túnið var greiðfært, fremur grasgefið og fóðraði 2 kýr, engjar mjög litlar, blettur utan við tún og annar á Víðivöllum fram (gamalt ítak) og flóaengi í

heiði, erfitt og langsótt. Jafnan var leigt engi í Vallþjófsstaðanesi og hagganga í Suðurfelli, og eru þar enn fjárhús (fellshús) um 5 mín gang frá bæ."

NM-157:001 *Sturluflöt* bæjarhóll bústaður
"Bærinn sneri hlið að hlaði, hlaðnir torfstafnar upp úr, bæjardyr í na. Portbyggð baðst. 9x4 1/2 alin að nokkru yfir fjósi. Kaupstaðarviðir í afltrjám og þiljum." Segir í Sveitum og jörðum. HH: "Heima við bæinn eru tveir smákofar og rúst af öðrum. Þeir eru grjóthlaðnir og með torfþaki, en líklega járn undir því. Notaðir sem geymslur. Líklega eru þeir leifar af gamla torfbænum, sem stóð þarna fram um 1940 a.m.k."
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 60; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 12

NM-157.002 heimild
HH: "Inn og upp á túninu er enn einn kofi af svipaðri stærð og gerð [001], líklega notaður sem reykhús."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 12

NM-157:003 *Grundarhús* heimild fjárhús
HH: "Fjárhúsin standa sitt hvoru megin við Bæjarlækinn, efst á túninu, utan og ofan við bæinn. Grundarhús er stakt fjárhús utan við lækinn, nýlega uppgert með stafni úr járni og plasti og rauðmáluðu járnþaki á sperrum, hið ágætasta hús. Að baki því hefur verið hringlaga hlaða, grjóthlaðin, um 4-5 m í þvermál og nokkuð djúp, líkist mest súrheyrgryfju. Þekjan er fallin, en viðir úr henni liggja þarna. hefur líklega verið með toppþaki og einni stoð í miðju."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 12

NM-157:004 *Lambhús* heimild skemma
HH: "Innan við lækinn var Lambhús, sem nú hefur verið breytt í geymslu fyrir vélar o.fl. Það hús er í svipuðum stíl og Grundarhúsið (torfgrjótveggir, járnþil og -þak). Rétt fyrir innan það eru nýleg steinsteypt fjárhús með hlöðu."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 12

NM-157:005 *Lækjarhús* heimild fjárhús
"Þá var annað fjárhús, framan við lækinn, kallað Lækjarhús. Þar er nú vélageymsla." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Sturluflöt, 4

NM-157:006 heimild mylla
HH: "Myllutótt við Bæjarlækinn ..."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 12

NM-157:007 heimild stekkur
HH: "... Sturluárrétt, smáréttarhólf í gili við Sturluá, stekkur inn við Fellsá, innan og ofan við túnið ..."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 12

NM-157:008 tóft
HH: "... Sturluárrétt, smáréttarhólf í gili við Sturluá, stekkur inn við Fellsá, innan og ofan við túnið, og grjóthlaðinn tótt á grund yzt á Strútsdal, hefur líkl. verið stekkur eða stöðull."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 12

NM-157:009 kuml legstaður

“Sumarið 1901 rannsakaði Daniel Bruun kuml, sem var að blása upp í landi Sturluflatar í Suðurdal, á láglendinu niður við Kelduá. Höfðu þar verið heygður maður og hestur. Höfuð mannsins hafði snúið í suður, fætur í norður, hesturinn grafinn til fóta. Beinin eru úr miðaldra manni, sennilega konu. Mannsgröfin var 1.90 m að lengd, en hrossgröfin 4.70 m, allar kumlleifarnar til saman 11 m langar. Hafði verið borið þarna saman allmikið grjót, og í þeirri breiðu komu grafir mannsins og hestsins allvel fram, en upprunaleg dýpt er óviss. Í kumlinu og umhverfis það fundust hart leiknar leifar haugfjár: 5588. Sörvistala úr gleri, stór, fannst utan við kumlið. 5589. Hnífur venjulegur. 5590. Járnmél, mjög illa farin, venjuleg gerð. 5591. Járnmolar ólögulegir, líklega flestir úr söðli. Geta má þess, að fáein skref austur af kumlinu fannst nokkurra þumlunga þykkt lag af viðarkolaösku, um 95 sm á hvorn veg, en þetta eru vafalítið minjar um kolagerð og kemur ekki kumlinu við.

Heimildir: KEKH 1956, 175-176

NM-157:010 garðlag vörslugarður

“Leifar vörslugarða á Strútsdal.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 59

NM-157:011 heimild kvíar

“Þegar komið er inn fyrir Kollgrund, taka grundir við. Þær heita Yztagrund, Litlagrund, Miðgrund og Kvíagrund, sem dregur nafn sitt af kvíatóftum, sem voru þar í gamla daga.” segir í örnefnalýsingu. Nú í túni.

Heimildir: Ö-Sturluflöt, 1

NM-157:012 *Sturluárrétt* heimild rétt

HH: “... Sturluárrétt, smáréttarhólf í gili við Sturluá ...”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 12

NM-157:013 heimild rétt

ÞJÁ: “Fyrir utan Sturlá í Fljótsdal er forn fjárrétt úr Kiðafelli og Villlingadal. Sér þessi rétt út sem forn farvegur Sturluárinnar.” Gæti verið sama og 012. Reimt var í réttinni.

Heimildir: ÞJÁ III, 291

NM-158 Víðivellir fremri

12 hdr. 1695. Víðivellir nefnir í Hrafnkötlu, ekki skýrt við hvaða V er átt. IF XI, 127. 1397: Víðivalla getið í máldaga Valþjófsstaðakirkju sem á þar skógarítak. DI IV, 209. 1470: Víðivellir fram nefndir í testamentisbréfi Einar Ormssonar en hann gefur Ragnheiði dóttur sinni hluta í henni. DI V, 570. Skriðuklausturseign. Víðivallargerði hjáleiga. “Jörðin á land frá Kelduá og þvert yfir Víðivallaháls í Gilsá. Að innan eru mörk við Skriðulæk rétt utan við tún í Víðivallagerði, en að utan móti Klúku við hagagarð og Hagagarðslæk skammt utan við V.”

1918: Tún 4,2 ha. “Engjar voru á árgrundum, þurrar, samfelldar, fremur grasgefnar og sléttar; slegnar árlega. Sturluflöt á þar engjablett gegn hagagöngu V í Villingadal. Slægjur voru einnig á Gilsárdal. Gamla túnið var greiðfært, en harðlent og jarðgrunnt, einkum næst fjallinu. Jörðin er heldur landlítil og einkum sumarhagar takmarkaðir. Vetrarbeit er einnig lítilvegna landþrengsla, en yfirleitt snjólétt.”

NM-158:001 *Víðivellir fremri* bæjarhóll bústaður

“Baðstofa á þrepi með reisifjöl 93/4x51/2 + baðstofuendi 6x6 álnir, þverhús 12 1/2x51/2 alin.” Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 63

NM-158:002 heimild bænhús

“ ... bænhúsum á Víðivöllum fram, Brekku og Glúmsstöðum.” segir í Sveitum og jörðum

Heimildir: SJM II, 38

NM-158:003 heimild hesthús

HH: “Á Víðivöllum fremri stendur nú aðeins eitt torfhús, þ.e. Hesthúsið, rétt fyrir ofan bæinn, sem byggt er upp úr gömlu fjárhúsi, er kallaðist Efstahús. Járnþak er á húsinu og timburþil á stafni. Að baki því er hlaða, með járnþaki.”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 9

NM-158:004 *Neðstuhús* heimild fjárhús

“Neðarlega á gamla túninu voru aðalfjárhúsin, sambyggð, hétu Neðstuhús, nú rifin.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Víðivellir fremri, 4

NM-158:005 *Bæjarhlaða* heimild hlaða

“Bæjarhlaða og nokkrir samliggjandi kofar, nafnlausir, voru rétt utan (NA) við nýju gripahúsin, nú rifin.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Víðivellir fremri, 4

NM-158:006 heimild stekkur

“Á Bæjarhjalla fremst er Stekkjarklettur, og þar við er stekkur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Víðivellir fremri, 1

NM-158:007 *Bjarnajaðar* heimild legstaður

“Bjarnajaðar er inn við merkin, þar á að vera heygður sakamaður.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Víðivellir fremri, 2

NM-158:008 garðlag túngarður

“Túngarður ofan við tún.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 62

NM-158:009 heimild áveita

“Sýnileg ummerki vatnsveitinga á tún.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 62

NM-158:010 *Víðivalla-Móri* þjóðsaga draugur

ÞSS: Þegar Auðun [sjá 163:026] lá banalegunna kom vinur hans Einar sem bjó á Víðivöllum fremri og lofaði að taka við draugnum fyrir Auðun og fylgdi Móri Einari eftir það og var þá kallaður Víðivalla-Móri.

Heimildir: ÞSS II, 211-213

NM-159 Víðivallargerði

Hjáleiga Víðivalla fremri. 6 hdr. 1695. “Ytri mörk eru rétt utan við tún og þvert yfir hálsinn í Blautanes við Gilsá, en innri mörkin við Sturluá og um 6 km milli marka við Kelduá.” SJM II, 61 1918: Tún 4,4 ha, garðar, 1178 m2. “Beitiland er gott fyrir alla gripi en ekki rúmt fyrir fé, sem raunar var rekið á Vesturöræfi, en er nú hætt og gengur mest í heimalandi. ... Engjar voru þurrar, samfelldar og grasgefnar í vætutíð og véltækar allar. Kelduárin og fjallalækjum var veitt á þær í gróindum og túnið líka. Þótti grasvöxtur mjög undir því komin, að vatnsveitingar tækjust, og er töluvert um áveitugarða og skurði, sem víða sjást enn. Gamla túnið er á þremur flötum hólum og Lindargil og Dæld á milli, gott 200 hesta tún.” SJM II, 61.

NM-159:001 *Víðivallargerði* bæjarhóll bústaður
“Framhús 12x6 álnir, portbyggt með kvisti og timburþili fram á hlað (b. 1900), baðstofa 17x6 alin, sneri eins. Fjós og hlaða aðeins frá bænum. Önnur hús við enda baðst. og frammihúss, búr og eldh. t.v., skemma t.h. Búið í bænum til ´36.” Segir í Sveitum og jörðum. HH: “Rétt fyrir ofan steinhúsið í Gerði, eru rústir gamla torfbæjarins eða a.m.k. hluta af honum, þ.e. líklega búrs, eldhúss og skemmu, er síðast var notuð sem fjós og stendur enn, með torfþöktu járnþaki og tvöföldum dyrum. Yzt í þyrpingunni er smákofi, með járnþaki. Rústirnar eru grasi grónar, og ættu að geta endst lengi enn. (Þetta eru líklega heillegustu bæjarrústir, sem til eru í Fljótsdal).”
Heimildir: Túnakort 1918, SJM II, 62; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 10

NM-159:002 *Hjáleiga* örnefni
“Auk Víðivallasels ... heitir Hjáleiga yst og neðst í túninu. Ókunnugt er um byggð þar.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 61

NM-159:003 *Efstahús* heimild fjárhús
HH: “Fjárhúsin í Víðivallagerði standa í gisinni þyrpingu á bala skammt fyrir utan bæinn. Fjárhúsin eru þrjú, öll stök, með viðbyggðum hlöðum, og auk þess ein stök hlaða. Standa þau öll í hálfhring utanum eins konar hlað eða húsagarð, og minna á húsaskipun sveitabæja í Mið-Evrópu. ... Húsin nefnast hér Efstahús, Miðhús og Neðstahús, en á milli Efsta- og Miðhúss var Hesthús, sem nú er hlaða.” “Húsin eru öll nokkuð keimlík, með torfgrjóthlöðnum veggjum og járnþökum, en timburþil eru á stöfnum Efsta- og Miðhússins. Miðhúsið hefur líklega verið hlaðið upp nýlega, en veggir hinna húsanna virðast vera nokkuð gamlir og eru dálítið farnir að geta sig, einkum á Neðstahúsinu. Járnþökin eru á sperrum, óvenjulega brött, og ná ýmist út á ytri veggbrún eða hafa verið framlengd, með járni sem lagt hefur verið á veggina, til að forðast vatnsrennsli ofan í hann. Þökin eru öll einangruð á innra borði, með frauðplasti, sem sett er upp á milli sperra. Aðrar eru í hefðbundnu formi, með stoðum upp í sperrur, en botnar þeirra úr vatnsheldum krossviði. Í sumum húsunum eru gólfgrindur af járni, og kjallari undir þeim fyrir skítinn. Vatn og rafmagn er í öllum húsunum. Þekjur húsanna eru grænmálaðar en stafnar og efri veggir á hlöðum blámálaðir, og timburstafnar með brúnum viðarlit.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 10

NM-159:004 *Miðhús* heimild fjárhús
HH: “Fjárhúsin í Víðivallagerði standa í gisinni þyrpingu á bala skammt fyrir utan bæinn. Fjárhúsin eru þrjú, öll stök, með viðbyggðum hlöðum, og auk þess ein stök hlaða. Standa þau öll í hálfhring utanum eins konar hlað eða húsagarð, og minna á húsaskipun sveitabæja í Mið-Evrópu. ... Húsin nefnast hér Efstahús, Miðhús og Neðstahús, en á milli Efsta- og Miðhúss var Hesthús, sem nú er hlaða.” “Húsin eru öll nokkuð keimlík, með torfgrjóthlöðnum veggjum og járnþökum, en timburþil eru á stöfnum Efsta- og Miðhússins. Miðhúsið hefur líklega verið hlaðið upp nýlega, en veggir hinna húsanna virðast vera nokkuð gamlir og eru dálítið farnir að

geta sig, einkum á Neðstahúsinu. Járnþökin eru á sperrum, óvenjulega brött, og ná ýmist út á ytri veggbrún eða hafa verið framlengd, með járni sem lagt hefur verið á veggina, til að forðast vatnsrennsli ofan í hann. Þökin eru öll einangruð á innra borði, með frauðplasti, sem sett er upp á milli sperra. Aðrar eru í hefðbundnu formi, með stoðum upp í sperrur, en botnar þeirra úr vatnsheldum krossviði. Í sumum húsunum eru gólfgrindur af járni, og kjallari undir þeim fyrir skítinn. Vatn og rafmagn er í öllum húsunum. Þekjur húsanna eru grænmálaðar en stafnar og efri veggir á hlöðum blámálaðir, og timburstafnar með brúnum viðarlit."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 10

NM-159:005 *Neðstahús* heimild fjárhús

HH: "Fjárhúsin í Víðivallagerði standa í gisinni þyrpingu á bala skammt fyrir utan bæinn. Fjárhúsin eru þrjú, öll stök, með viðbyggðum hlöðum, og auk þess ein stök hlaða. Standa þau öll í hálfhring utanum eins konar hlað eða húsagarð, og minna á húsaskipun sveitabæja í Mið-Evrópu. ... Húsin nefnast hér Efstahús, Miðhús og Neðstahús, en á milli Efsta- og Miðhúss var Hesthús, sem nú er hlaða." "Húsin eru öll nokkuð keimlík, með torfgrjóthlöðnum veggjum og járnþökum, en timburþil eru á stöfnum Efsta- og Miðhússins. Miðhúsið hefur líklega verið hlaðið upp nýlega, en veggir hinna húsanna virðast vera nokkuð gamlir og eru dálítið farnir að geta sig, einkum á Neðstahúsinu. Járnþökin eru á sperrum, óvenjulega brött, og ná ýmist út á ytri veggbrún eða hafa verið framlengd, með járni sem lagt hefur verið á veggina, til að forðast vatnsrennsli ofan í hann. Þökin eru öll einangruð á innra borði, með frauðplasti, sem sett er upp á milli sperra. Aðrar eru í hefðbundnu formi, með stoðum upp í sperrur, en botnar þeirra úr vatnsheldum krossviði. Í sumum húsunum eru gólfgrindur af járni, og kjallari undir þeim fyrir skítinn. Vatn og rafmagn er í öllum húsunum. Þekjur húsanna eru grænmálaðar en stafnar og efri veggir á hlöðum blámálaðir, og timburstafnar með brúnum viðarlit."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 10

NM-159:006 heimild hesthús

HH: "Fjárhúsin í Víðivallagerði standa í gisinni þyrpingu á bala skammt fyrir utan bæinn. Fjárhúsin eru þrjú, öll stök, með viðbyggðum hlöðum, og auk þess ein stök hlaða. Standa þau öll í hálfhring utanum eins konar hlað eða húsagarð, og minna á húsaskipun sveitabæja í Mið-Evrópu. ... Húsin nefnast hér Efstahús, Miðhús og Neðstahús, en á milli Efsta- og Miðhúss var Hesthús, sem nú er hlaða."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 10

NM-159:007 *Víðivallasel* bæjarstæði býli/beitarhús

"Í nýrri jarðabók 1861 er býlið talið sjálfstæð jörð og nefnd hjáleiga, Víðivallasel, en ekki sérmetin." "Beitarhús eru tvenn, Stekkur um 10 mín. gang inn frá bæ og önnur voru á selinu [Víðivallaseli], sem áður er getið, til 1952." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Er um 2 km innan við Stekkinn. Þar voru beitarhús frá Víðivöllum fremri og síðar frá Gerði til 1952. Tættur þeirra greinilegar enn í litlum túnbala undir brattri hlíð, en hafa ekki verið skoðaðar. Garður var utanum túnið, sem bendir til búsetu á selinu." Sagt í landi Víðivalla fremri í ÓO.

Heimildir: SJM II, 60-61; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 11; ÓO: Ferðabók, 141; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 180

NM-159:008 heimild mylla

"Myllutættur við Grundarlæk spöl frá bæ." segir í Sveitum og jörðum. "Klettarimi liggur beint inn frá þessum kletti hann heitir Smiðjuklettar. og Smiðjubrekka er öll brekkan fram í Grundarlæk. Þar við lækinn stendur svo Myllutóftin. Notuð meðan ómalað korn fluttist." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 61; Ö-Víðivallagerði, 5

NM-159:009 *Stekkur* heimild beitarhús
"Beitarhús eru tvenn, Stekkur um 10 mín. gang inn frá bæ og önnur voru á selinu [Víðivallaseli], sem áður er getið, til 1952." segir í Sveitum og jörðum. "Um 1/2 km inn frá bænum eru beitarhús frá Gerði, sem kallast Stekkur (Gerðisstekkur). Á Stekknum eru tvö fjárhús, aðskilin, en stutt á milli, og snúa bæði samhliða dalnum." Innan við Ljósá, með fjallinu, heitir Gamlistekkur, þar voru beitarhús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 61; Ö-Víðivallagerði, 3

NM-159:010 heimild áveita
"Kelduárin og fjallalækjum var veitt á þær í gróindum og túnið líka. Þótti grasvöxtur mjög undir því komin, að vatnsveitingar tækjust, og er töluvert um áveitugarða og skurði, sem víða sjást enn." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Grunur á, að sumt áveitugarða og skurða sé mjög gamalt, frá 18. öld." "Þau eru bæði með járnþaki á sperrum, svipað og heimahúsin, og í góðu standi. Viðbyggð hlaða er við fremra húsið, undir sama þaki og það."
Heimildir: SJM II, 61; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 10-11

NM-159:011 tóft
"Nú liggur vegurinn efst um hana og framan við Hjáleigu [002]. En það er flötur meðfram Börðunum. En þar er brekka, sem liggur frá túngarði fram að Bæjarlindinni fyrrtöldu. Þarna undir Börðunum stendur vallgróin tóft, sem fyllt hefur verið með gosösku frá 1875." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 1

NM-159:012 *Brunnhúsbarð* örnefni brunnur
"Framan við Bæjarlind er Bæjarhóll. Yzti hluti hans heitir Brunnhúsbarð." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 2

NM-159:013 heimild áveita
"Þorsteinn Jónsson veitti Bæjarlindinni á tún sitt, svo brekkan hljóp fram. Fyrir þetta reiddist hann svo sjálfum sér, að hann sagði, að rétt væri að kalla skemmdina "Þorsteinn skammar skömm."" segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 2

NM-159:014 *Smiðjutún* örnefni smiðja
"Fyrir framan Dældina [sem er við 013] er Smiðjuholt og næst er Smiðjutún. Grund er neðan við veg, Innri-Grund er meðfram Smiðjubrekku, inn að Grundarlæk." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 2

NM-159:015 garðlag túngarður
"Fyrir framan Dældina [sem er við 013] er Smiðjuholt og næst er Smiðjutún. Grund er neðan við veg, Innri-Grund er meðfram Smiðjubrekku, inn að Grundarlæk. Mór, nú ræktað, er framan við Nýjaskurð inn að Svölusundi. Svölusund er grunn dæld, sem liggur til norðurs úr Grundarlækjarfeta. En hann er stór grund, slétt, meðfram túngirðingunni, allt inn að Grundarlæk, og heitir bletturinn innan lítils túngarðs, sem þarna liggur, næstum því þvert, Efri-Leira." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 2

NM-159:016 heimild ferja

“Norðan við Silungakíl heitir Ferjueyri. Þar var eitt sinn ferja á Kelduá og heitir þar Ferjuhylur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 2

NM-159:017 gata leið

“Innan við Stekkinn [beitarhúsin] er svo Innri-Ljósá ofan við Reiðgötur er Nýjahlaup. En neðan við Reiðgöturnar er Innri-Stekkgrund og Innri-Stekkkíll.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 3

NM-159:018 heimild kolagröf

“Neðan við Stekkgrundirnar [017] byrja Móarnir, gamalt skóglendi, að mestu grasigróið með mörgum kolagröfum.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 3

NM-159:019 *Nýistekkur* heimild rétt

“Innan við Stórabotn er Háaskriða og um hana er Háuskriðulækur. Neðan við hann er Háskriðugrund. Þá er næst Nýistekkur, það er lítil fjárrétt, við brekkuna og samnefnd grund, þar var um nokkur ár Nátthagi.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 3

NM-159:020 *Nátthagai* örnefni nátthagi

“Innan við Stórabotn er Háaskriða og um hana er Háuskriðulækur. Neðan við hann er Háskriðugrund. Þá er næst Nýistekkur, það er lítil fjárrétt, við brekkuna og samnefnd grund, þar var um nokkur ár Nátthagi.” segir í örnefnalýsingu. Ekki ljóst hvort um hafgirtan nátthaga er að ræða.

Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 3

NM-159:021 garðlag

“Innri-Botn heitir þarna fyrir framan [020] og vestan í holtinu. Innan við hann er Tjaldbotn og Tjaldgrund, fram að lágum torfgarði, en innan við hann heitir Leirtjörn ... “ segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 3

NM-159:022 *Sigfúsarskurður* renna áveita

“Ólafsvellir heita sléttir bakkar austan við Selkvísl og Langatjörn liggur á ská austan Móanna, niður af Leirtjörn og Kerlingaraus og austan Ólafsvalla. Vestan úr henni er Sigfúsarskurður, gerður af Sigfúsi bónda hét í þeim tilgangi að ná vatni úr Selkvísl, úr fyrir ofan Móa, allt út á Heimanes.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 4

NM-159:023 *Ytri-Rétt* heimild rétt

“Rétt utan við ána eru Ytr-Rétt og Innri-Rétt. Sú ytri er lágur klettabogi, grasgróin í botninn. En sá innri er djúpur og þröngt klettagil með björk í klettabrúnum til prýðis.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 5

NM-159:024 *Innri-Rétt* heimild rétt

“Rétt utan við ána eru Ytri-Rétt og Innri-Rétt. Sú ytri er lágur klettabogi, grasgróin í botninn. En sá innri er djúpur og þröngt klettagil með björk í klettabrúnum til prýðis.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 5

NM-159:025 *Þórðarskúti* þjóðsaga
“Þá tökum við örnefni fjallshlíðarinnar og byrjum utan frá. Ofan við Fjósbrekku er hryggur, þetta er klettaband, sem gengur til suðurs upp allt fjall, þó ekki óslitið. En til þess sést allt á brún og stenzt hann á við hrygginn hjá Valþjófsstað og Skriðuklaustri. Lítið eitt sunnar og ofar, ofan við bæ, er hár klettur og skúti undir berginu, sem heitir Þórðarskúti. Það eru munnmæli, að einhverjum Þórði hafi verið úthýst hér í Víðivallagerði, hafi hann látið fyrirberast þarna í skútanum og dáið þar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 5

NM-159:026 heimild smalakofi
“Framan við Drangadali, og upp af Skollabotnum, er hár og brattur klettahjalli, sem heitir Neðrahorn. Utan á það er fært með hesta. Svo inn að Ljósá, fyrir ofan Bjarg. Þessi hjalli er hinn efsti eða næstur fjallsbrún. Spölkorn innan við Þingmannaklif er Geldingasteinn, og smalakofi er suðvestan undri honum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 7

NM-159:027 *Jólavarða* varða
“Í Selfjalli eru tvær vörður; sú neðri, Jónavarða, er innan við Litlueyrarlæk og sú efri heitir Spilavarða.” segir í örnefnalýsingu. “Jólavarða var hlaðin á jólum. Spilavarða hlaðin úr smáhellum, sem minna á spil.”
Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 8

NM-159:028 *Spilavarða* varða
“Í Selfjalli eru tvær vörður; sú neðri, Jónavarða, er innan við Litlueyrarlæk og sú efri heitir Spilavarða.” segir í örnefnalýsingu. “Jólavarða var hlaðin á jólum. Spilavarða hlaðin úr smáhellum, sem minna á spil.”
Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 8

NM-159:029 *Sigmundarkofi* örnefni
“Syðst, inn og suður undir Sturluá, heitir Grenishryggur. Framan við Kerlingarlæk heitir Tréhraun, það liggur suður fjallsbrúnina. Inn af því, á brúninni, er hvilft í hálsinn og norðan við Svartöldu heitir slakki; þar er Sigmundarkofi og Fýrka, varða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 8

NM-159:030 *Fýrka* varða
“Syðst, inn og suður undir Sturluá, heitir Grenishryggur. Framan við Kerlingarlæk heitir Tréhraun, það liggur suður fjallsbrúnina. Inn af því, á brúninni, er hvilft í hálsinn og norðan við Svartöldu heitir slakki; þar er Sigmundarkofi og Fýrka, varða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 8

NM-159:031 *Fjósbrekka* örnefni fjós
“Brekkan ofan við bæinn heitir Fjósbrekka.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Víðivallagerði, 2

NM-160 Glúmsstaðir

20 hdr. 1695, 1847. Jarðarinnar er getið í Fljótsdælasögu IF XI, 215. 1549: Glúmsstaðir nefndir í kaupmálabréfi DI XI, 688. 1552: Glúmsstaðir nefndir í vottunarbréfi Gissurar Helgasonar en hann hafði búið þar í 12 ár. DI XII, 379. "Glúmsstaðaland nær frá Jökulsá neðan og upp á Múla miðjan. Mörk við Glúmsstaðasel eru nú við Illagil (áður utar, við Fossá), en að utan móti Langhúsum nokkuð mitt á milli bæjanna. ... Ytri bærinn er hinn upprunalegri G I. Hinn Glúmsstaðir II, er nýbýli stofnað 1948. Áður var tvíbýli á G og skiptist jörðin að 1/3 og 2/3 milli ábúenda. ... Afrétt er óskipt." SJM II, 51-52.

1918: Tún 4,6 ha, garðar (utan túns), 720 m2. "Gamla túnið er allt slétt frá nátttúrunnar hendi, engjar snöggar, en víðalendar, greiðfærar, heygóðar og fremur nærtækar, stórgripahagar í lakara lagi, en sauðfjárbeit ágæt bæði sumar og vetur, landið snjólétt, en skjóllítið. Mestur hluti lands hefur nú verið brotinn, þurrkaður og græddur og ræktunarskilyrði erfið orðin og takmörkuð." SJM II, 52.

NM-160:001 *Glúmsstaðir* bæjarhóll bústaður
"Baðstofa 15x6 álnir, hálf á þrepi hinn helm. portbyggður, alþiljað uppi og niðri. Þverhús við hlaðið 15x6 álnir. Allt þiljað uppi, hálft niðri. Bærinn byggður um 1880 (það elsta), rifinn ´54." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 52

NM-160:002 heimild bænhús
"... bænhúsum á Víðivöllum fram, Brekku og Glúmsstöðum." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 38

NM-160:003 heimild fjárhús
HH: "Tvenn fjárhús eru á túninu fyrir utan bæinn, ofan vegar. Rétt fyrir ofan veginn er einfalt hús, með grjótveggjum og járnklæddu þaki, sem er tyrft að hluta til. Að baki því er hlaða, með grjót-stein- og járnveggjum og járnþaki."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 17

NM-160:004 heimild fjárhús
HH: "Tvenn fjárhús eru á túninu fyrir utan bæinn, ofan vegar. Rétt fyrir ofan veginn er einfalt hús, með grjótveggjum og járnklæddu þaki, sem er tyrft að hluta til. Að baki því er hlaða, með grjót-stein- og járnveggjum og járnþaki."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 17

NM-160:005 heimild hlaða
HH: "Stuttu innar og ofar [en 002 og 003] er stór, járnklædd hlaða, með skúrþaki ..."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 17

NM-160:006 *kofi* heimild
HH: "Stuttu innar og ofar [en 002 og 003] er stór, járnklædd hlaða, með skúrþaki, og kofi þar fyrir ofan, með grjótveggjum og járnþaki."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 17

NM-160:007 heimild skemma
HH: "Bakvið íbúðarhúsið er torfkofi (grjótveggir og torfþak), notaður sem geymsla fyrir mat o.fl."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 17

NM-160:008 heimild fjós

HH: “Þá er fjós úr blönduðu efni, rétt fyrir innan og ofan bæinn.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 17

NM-160:009 heimild hesthús
HH: “Lengra inn og uppi á túninu er gamalt hesthús, með grjóthlöðnum veggjum, sem standa vel enn, og torfþöktu járnþaki, notað sem reykhús. Stórar hellur liggja á þakinu, sem líklega hafa verið í upphaflegu torfþekjunni.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 17

NM-160:010 heimild fjárhús
HH: “Loks er fjárhústótt spölkorn fyrir innan hesthúsið, með viðbyggðri hlöðutótt, og geta það verið Parthúsin eða leifar þeirra.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 17

NM-160:011 garðlag túngarður
HH: “Um 1920 var túnið á Glúmsstöðum I girt miklum grjótgarði, frá ánni og upp í Bjargið, beggja vegna, og hlaðið í skörð í Bjarginu.” “Girt hagagirðing frá Jökulsá og upp í Bjarg framan við túnið á G I. Síðan hlaðið grjóti í slakka í Bjarginu um 3-4 km vegalengd inn að Fossá og girt þaðan í Jökulsá. Utan við bæ var vörslugarður frá á upp í Bjarg.” segir í Sveitum og jörðum. Ekki ljóst hvort um 1-2 garða er að ræða, læt þetta standa svona þangað til anað kemur í ljós. Það er hvort þetta er allt túngirðingin eða hvort þessi frá á og upp í Bjarg er annar garður.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 17; SJM II, 52

NM-160:012 heimild fjárhús
HH: “Rétt fyrir utan þau [fjárhúsin á Glúmss 2] er annað hús, lítið, með grjótveggjum, járnþaki og timburþili, e.t.v. leifar beitarhúsanna.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 17

NM-160:013 heimild beitarhús
HH: “Á Glúmsstöðum 2 var upphaflega stekkur og síðan beitarhús frá Glúmsstöðum, og túnblettur utanum. ... Beitarhúsin síðan notuð frá nýbýlinu. Þau hafa nú verið rifin ...”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 17

NM-160:014 heimild
HH: “Inn og upp á túninu [á Glúmsst. 2] er torfkofi nokkur, með smiðjulagi, þ.e. timburstafn, notaður til reykinga.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 17

NM-160:015 *Rögnvaldarsel* tóftir sel
HH: “Rögnvaldarsel er nokkru innar [en Hamarssel], eða nálægt merkjum við Illagil.” “Rögnvaldarsel heitir staður inn með Jökulsá, og eru þar rústir.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 17; SJM II, 51

NM-160:016 *Hamarssel* bæjarstæði býli/sel
HH: “Hamarssel, er gamalt sel frá Glúmsstöðum, 3-4 km. inn frá bænum, og telja menn að þar hafi verið búið fyrrum, þó ekki sé vitað um neina ábúendur. Þar hafa lengi verið beitarhús frá Glúmsstöðum.” “Húsin muni vera 2-3 stæð, með hlöðu, með langveggjum af grjóti, járnþökum, -stöfnum o.s.frv., þ.e. af venjulegri “nýhúsagerð”. Þau hafa nýlega verið girt, og er ætlunin að sleppa þannig við hreinsun á þeim, og geyma eitthvað til seinni tíma notkunar.”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 17; ÓO: Ferðabók, 141; Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum, 180

NM-160:017 *Gnúpsstaðagarður/Gnúpsstaðagerði* garðlag landamerki
HH: "Gnúpsstaðagarður kallast garðbrot út við Langhúsamerki, og halda sumir að hinir horfnu Gnúpsstaðir hafi verið þar." "Á mörkum G og Langhúsa er garðbrot fornt, sem Gnúpsstaðagerði heitir." segir í Sveitum og jörðum. Glúmsstaðir nefndir Gnúpsstaðir í fornum máldögum Valþjófsstaða.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 17; SJM II, 51

NM-160:018 heimild mylla
HH: "Myllutótt við Fossá."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 17

NM-160:019 heimild áveita
"Lítilsháttar áveitur." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 52

NM-160:020 *Tóftartangi* örnefni
"Næsta hæð innan við Ytra-Háaleiti, þar á holtinu er Fremra-Háaleiti. Svo er yst á túni, við ána, Jökulsá, tangi, sem heitir Tóftartangi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 1

NM-160:021 *Tangavað* heimild vað
"Næsta hæð innan við Ytra-Háaleiti, þar á holtinu er Fremra-Háaleiti. Svo er yst á túni, við ána, Jökulsá, tangi, sem heitir Tóftartangi. Tangavað var á ánni. Þar var komið upp í Tóftartanga, en farið út í hana við réttina utan við Hól." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 1

NM-160:022 heimild rétt
"Næsta hæð innan við Ytra-Háaleiti, þar á holtinu er Fremra-Háaleiti. Svo er yst á túni, við ána, Jökulsá, tangi, sem heitir Tóftartangi. Tangavað var á ánni. Þar var komið upp í Tóftartanga, en farið út í hana við réttina utan við Hól." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 1

NM-160:023 gata leið
"Þar inn frá þessu [021] með ánni heita Lón. Svo er neðan gatna, er liggja inn túnið ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 1

NM-160:024 *Ærhúsbotn* örnefni fjárhús
"Þar inn frá þessu [021] með ánni heita Lón. Svo er neðan gatna, er liggja inn túnið, fyrst yzt Ærhúsbotn ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 1

NM-160:025 *Brunnhvammur* örnefni brunnur
"Þar inn frá þessu [021] með ánni heita Lón. Svo er neðan gatna, er liggja inn túnið, fyrst yzt Ærhúsbotn, svo er Brunnhvammur, sem er rétt utan í túnhólnum, sem nefndur er Hóll." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 1

NM-160:026 *Smiðjubotn* örnefni smiðja
“Hér utan [024] við bæinn, framan við Hólinn, heitir neðst Grund, og Lágatún er þar ofar. Þá er næst framan við Lágatún Smiðjubotn.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 1

NM-160:027 *Fjárhústún* örnefni fjárhús
“Bæjarholt heitir, þegar komið er að utan inn úr túngirðingunni, og Fjárhústún.” segir í örnefnalýsingu. Sennilega sama og 002-003.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 2

NM-160:028 *Parthús* heimild
“Bæjarholt heitir, þegar komið er að utan inn úr túngirðingunni, og Fjárhústún. Þá er nefnt Efratún upp af bænum. Og Harðbali heitir túnspildan framan við Efratún. Næst fyrir framan Harðbala er lækur sem heitir Hesthúslækur. Þá er komið að parthústúni, sem er fyrir ofan Parthúsgrund, á Parthústúni standa Parthús.” segir í örnefnalýsingu. Sennilega sama og 009.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 2

NM-160:029 *Hesthúslækur* örnefni hesthús
“Bæjarholt heitir, þegar komið er að utan inn úr túngirðingunni, og Fjárhústún. Þá er nefnt Efratún upp af bænum. Og Harðbali heitir túnspildan framan við Efratún. Næst fyrir framan Harðbala er lækur sem heitir Hesthúslækur. Þá er komið að parthústúni, sem er fyrir ofan Parthúsgrund, á Parthústúni standa Parthús.” segir í örnefnalýsingu. Sennilega sama og 008.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 2

NM-160:030 *Þvottalækur* heimild þvottastaður
“Þegar kemur fram úr túninu, er fyrst mýri, sem heitir Parthúsmýri. Innan við þá mýri kemur niður lækur, sem heitir Þvottalækur. Þar var ullin þvegin.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 2

NM-160:031 varða
“Þá er næst, hér innar, Hólsgrund, nú tún, er beint á móti Hóli. Upp af Grundinni er Hólsgrundarhöfði. Á honum eru tvær vörður, sem munu standa lengi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 2

NM-160:032 varða
“Þá er næst, hér innar, Hólsgrund, nú tún, er beint á móti Hóli. Upp af Grundinni er Hólsgrundarhöfði. Á honum eru tvær vörður, sem munu standa lengi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 2

NM-160:033 heimild stekkur
“Innan við Hólsgrund [031], niður við á, heitir Stekkjarhvammur, og þar á túni, ofan við hann, var Stekkurinn. Þetta tún er nú nefnt Stekkjartún.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 2

NM-160:034 *Brúarhvammur* örnefni brú
“Svo er Brúarhvammur [á eftir stekknum] þar niður við ána, þar er drangur nafnlaus í Jökulsá.” segir í örnefnalýsingu. “Þar sem drangurinn er í ánni er sagt að hafi verið steinbogi til forna, en Þuríður Hámundardóttir, landnámskona, hafi látið brjóta steinbogann eftir að börn hennar fórust af honum. Börnin ætluðu að strjúka yfir í Glúmsstaði ...”

Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 2, 9

NM-160:035 *Fossárvað* heimild vað
“Neðan við það, niður við ána, heitir Hesthúsbotn; þá er komið inn að Fossá, sem kemur hér ofan af Múlanum, við hana er Fossárvað, kemur upp í Hestabotn.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 3

NM-160:036 *Háaleitisvað* heimild vað
“Þá byrjum við aftur og nú hærra. Þá er að geta þess, að við Ytra-Háaleiti var eitt sinn aðalvaðið á Jökulsá, það hét Háaleitisvað, en er nú alófært.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 3

NM-160:037 *Kvíaklettur* örnefni kvíar
“Lambaleitarhjalli [óglögg klettarák í fjallinu] er uppi, ofan við Götuhjalla, hann endar hér ofan við túnið og utan þess, en hét upp af Lambaleitarklettur,og í sömu línu, ofan túns, er Kvíaklettur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 4

NM-160:038 mannvirki
“Klifahylur er í Jökulsá móts við Hólsklif norðan ár. Þar er strengur yfir ána og oft áður dregnar þar vörur, og póstur er en fluttur þessa leið.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðir, 9

NM-160b Glúmsstaðasel

Ábúð hafi fyrir 1885. “Landamörk eru að innan við Snikilsá og afréttir þar fyrir innan, hálendið inn af Múla, en svo heitir fjalllendið milli Norður- og Suðurdals. Mörk við Glúmsstaði II eru nú við Illagil uppi í Múlanum og bein lína úr því niður í Jökulsá, en áður við Fossá. Ysta spilda var seld Glúmsstaðabónda nokkru fyrir aldamót. Að ofan eru landamörk við Þorgerðarstaði á Þverfellum austanvert við mitt fjall.” SJM II, 49.

1918: Tún 1,3 ha, garðar 158 m2. “Aðalengjar voru á mýrunum utan við bæinn. Þær voru samfelldar, en blautar, snöggar og víðast þýfðar. Einnig voru slegnar starengjar uppi á Múla og harðvellismóar inni við Bjargsenda. Gamla túnið var greiðfært harðvelli, snöggt jarðdjúpt og sumt slétt.” SJM II, 49.

NM-160b:001 *Glúmsstaðasel* bæjarhóll bústaður
“Gamli bærinn byggður rétt fyrir aldamót af kaupstaðarviðum. portbyggð baðst. með eldhúsi undir palli, slétt súð úr plægðum viði, um 3 rúmlengdir. Viðbygging með járnþaki ´22 ein rúmlengd. Búið í bænum til ´51.” Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 50

NM-160b:002 garðlag
“Torfi bóndi Hermannsson hlóð fyrir aldamót grjótgarð meðfram moldarbörðum neðst í túni til að hefta uppblástur túnsins. Heppnaðist vel.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 50

NM-160b:003 *Hólhús* heimild fjárhús
HH: “Aðalfjárhúsin í Seli eru á túninu, skammt fyrir utan og ofan bæinn, þrístæð og byggt upp

í “nýhúsastíl”, þ.e. grjótveggir langs, en stafnar og þök úr bárujárni, og hlaða að baki, járnklædd. ... Þarna var áður fjárhús sem hét Hólhús.”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 18

NM-160b:004 *Neðstahús* heimild fjárhús

HH: “Aðalfjárhúsin í Seli eru á túninu, skammt fyrir utan og ofan bæinn, þrístæð og byggt upp í “nýhúsastíl”, þ.e. grjótveggir langs, en stafnar og þök úr bárujárni, og hlaða að baki, járnklædd. ...Neðan við bæinn er Neðstahús, eitt langhús, með hlöðu að baki, sem snýr eins. Járnþök munu vera á báðum húsunum, en torf ofan á járninu á fjárhúsinu.”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 18

NM-160b:005 heimild fjós

HH: “Fjós og hesthús sambyggð eru rétt fyrir ofan bæinn, með hlöðu að baki. Annað húsið er með torfþaki eða torfi ofan á járninu.”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 18

NM-160b:006 heimild

HH: “Efst á túninu er kofi, sem gæti verið smiðja.”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 18

NM-160b:007 lind vatnsból

“Um túnið rennur uppsprettulind spölkorn framan við bæ.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Glúmsstaðasel, 4

NM-160b:008 *Trönusel* tóftir beitarhús

HH: “Sá hluti Norðurdals, sem er innan við Glúmsstaðasel, austan Jökulsár, kallast Seldalur. Þar eru nokkrar seljatættur ... Trönusel er yzt á dalnum, rétt framan við Innri-Trönuá, rúma 2 km frá bænum. þar voru beitarhús frá Seli, aflögð um síðustu aldamót og sjást tættur þeirra vel enn.” “Rétt framan við fremri ána [Ytri- eða Innri Trönuá] , ofan við göturnar er Trönusel.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 18; Ö-Glúmsstaðasel, 1

NM-160b:009 *Bjargsendasel* tóftir sel

HH: “Bjargsendasel var um klukkustundar gang (um 3 km) innar en Trönusel. ... þar er ein tótt sem líkist baðstofutótt og nokkrar smærri , en enginn túngarður. Tætturnar hafa skemmst nokkuð af vatnsrennsli síðustu áratugina. Selið er við Bjargsendann og Bjargsendalæk, um 1 km utan við Ytri-Snikilsá, sem er merki við afréttina.” “Milli Háumýrar og Strípamýrar, þar sem bjargið nær lengst niður að ánni, heitir Bjargsendi, þar innar er svo Stórigrafningur. Þar, rétt innan við læk, ofan gils, eru eldgamlar tættur, nefndar Bjargsendasels, og lækurinn heitir Bjargsendalækur. Utan við hann er tangi fram í ána. Selið er rétt innan við lækinn, þar nokkuð innar, er svo Snikilsá á merkjum móti afrétti.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 18; Ö-Glúmsstaðasel, 2

NM-160b:010 heimild stekkur

HH: “Stekkur er alllangt innan við túnið, um það bil mitt á milli þess og Ytri-Trönuár. Tóttin orðin mjög máð ...” “Innan við þennan garð [014] er stykki, lægð, sem ekki sést fyrr en komið er að því, þetta heitir Leyningur. Þar nokkuð innar er gamall stekkur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 18; Ö-Glúmsstaðasel, 1

NM-160b:011 tóft smalakofi

HH: “Grjótrúst af smalakofa er inn undir Dýjafelli.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 18

NM-160b:012 heimild kláfferja
HH: “Kláfur var settur á ána fyrir neðan bæinn, um 1930, fyrst á grjóthlöðnum vörðum, en síðan voru steyptir stöplar.” Það var kláfur sem tók af 1906, segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 18; SJM II, 48

NM-160b:013 *Svarðarmýri* örnefni mógrafir
“Nokkuð langt framar en Hornið, skammt utan túns, er lækur sem heitir Svarðarlækur, nýrækt utan hans, en innan við hann er mýri, sem heitir Svarðarmýri, ræktuð.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðasel, 1

NM-160b:014 garðlag vörslugarður
“Grund nú ræktuð, heitir svæðið framan við túnið, fram að gömlum vörzlugarði.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðasel, 1

NM-160b:015 gata leið
“Rétt framan við fremri ána [Ytri- eða Innri Trönuá] , ofan við göturnar er Trönusel.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glúmsstaðasel, 1

NM-161 Þorgerðarstaðir

8 hdr. 1695, 1804. Þorgerðar og Þorgerðarstöðum er getið í Vopnfirðingasögu. IF XI, 36. 1397: aa heimaland [Valþjófss.] allt. mulaland [með ummerkjum] Þorgerdarstade. DI IV, 109-212. 1560: Segir í kvittunarbréfi séra Hallvarðs Einarssonar fyrir Valþjófsstað meðtekur han að hafa tekið við Þorgerðarstöðum 7 hndr.DI XIII, 559. 1570 og síðar eru Þ nefndi í máldaga Valþjófsstaðar. DI XV, 681.

Þorgerðarstaðir voru Valþjófsstaðakirkjueign. “Þ er innsti bær í Suðurdal vestan Kelduár, og nær land utan frá Marklæk og inn að Tunguá. ... Að sunnan og sv. á jörðin land upp á Þverfell, og síðan norður eftir vatnaskilum.” SJM II, 57. 1918: Tún 3,6 ha, garðar 450 m2. “Gamla túnið er á greiðfæru og grasgefnu valllendi. Engjar voru á harðvelli út frá túni á báða vegu, fremur snöggar og arðslægar og uppi á Múla, starengi og laufslægjur, oft slegnar árlega og síðast 1938.”

NM-161:001 *Þorgerðarstaðir* bæjarhóll bústaður
“Baðstofan 6x3,5 m með reisifjöl, eldavélarhús, hlöður f 50 hb.” Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 58

NM-161:002 heimild fjárhús
HH: “Skammt innan við bæinn, á túninu, eru tvístæð fjárhús, með járnþökum og stöfnum en hliðarveggjum af grjóti og torfi. Að baki húsanna er járn-bogaskemma sem gegnir hlutverki hlöðu.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 13

NM-161:003 heimild fjárhús

HH: “Rétt innan við húsin [002] er tótt af eldra fjárhúsi.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 13

NM-161:004 *Garðhús* heimild útihús
“Þá eru komið heim að túni. Hús þar heita Garðhús ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorgerðarstaðir, 3

NM-161:005 *Húshústóft* heimild útihús
“Þá eru komið heim að túni. Hús þar heita Garðhús ... Þá er Hólhústóft. Þar stóð Hólhúsið, sem fór af í skriðuhlaupi 10. nóv. 1941.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorgerðarstaðir, 3

NM-161:006 heimild mylla
“Myllutótt er við Merkilæk, lenti undir aurskriðu 1942.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 58

NM-161:007 garðlag
HH: “Grjótgarður ofan við túnið ...”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 13

NM-161:008 *Dalshús* heimild beitarhús
“... Dalshús ... eru beitarhús frá Þorgerðarstöðum og standa gegnt bænum á Sturluflöt.” segir í Sveitum og jörðum. HH: “Dalhús nefnast beitarhús frá Þorgerðarstöðum, sem eru í mynni dalsins, andspænis Fellshúsum á Flöt. Hætt var að nota húsin 1958.”
Heimildir: Ö-Þorgerðarstaðir, 2; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 13

NM-161:009 *Hringsel* heimild sel
“Utan og neðan við Hnausana [sem eru í brekkunni sem Flötuskriðuvegur liggur um] er Hringsel og Hringselsgrund.” segir í Sveitum og jörðum. Merkt inn á kort DB
Heimildir: Ö-Þorgerðarstaðir, 2; DB: “Við norðurbrún Vatnajökuls”, 171

NM-161:010 *Sveinssel* tóftir sel
Klappargil er utan við Flötuskriðu og við það er Sveinssel, segir í örnefnalýsingu. DB: “Annar [grjótgarður] við Sveinssel milli ár og fjalls og lokar Þorgerðarstaðadal.” Merkt inn á kort DB.
Heimildir: Ö-Þorgerðarstaðir, 2; SM II, 58; DB: “Við norðurbrún Vatnajökuls”, 171

NM-161:011 *Flötuskriðuvegur* heimild leið’
Fyrir ofan Stórabás “er Flataskriða og liggur þar samnefndur vegur, Flötuskriðuvegur, gamall heybandsvegur, ofan af Múlanum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þorgerðarstaðir, 1

NM-161:012 *Stöppusel* tóftir sel
“Skammt utar á dalnum [en Randalínusel] er Stöppuklif, þar er Stöppusel, og í ánni þar er foss, sem heitir Stöppufoss.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Ö-Þorgerðarstaðir, 1; ÓO: Ferðabók, 141; Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum, 180

NM-161:013 *Randalínusel* tóftir sel

Ranalínusel er norðan við Randalínulæk sem er utan við Stóralæk, segir í örnefnalýsingu. DB: “Það var frá Valþjófsstað og er kennt við Randalín, talið er, að hún hafi verið lögmannskona og að hún hafi skorið Valþjófsstaðahurðina.” Merkt inn á kort Daníels Bruun.

Heimildir: Ö-Þorgerðarstaðir, 1; DB: “Við norðurbrún Vatnajökuls”, 171

NM-161:014 *Gamlistekkur* heimild stekkur
“Utan við Klifið er Gamlistekkur og utan hans er Holtslækur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þorgerðarstaðir, 3

NM-161:015 heimild
“Þá kemur Dalhúsgjá og síðar Vísgjóta. Þar var heyi rennt á streng niður á Dalshústúnið.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þorgerðarstaðir, 3

NM-161:016 *Hesthúsgjóta* örnefni hesthús
“Þá er Gunnugjóta, síðan er Bæjarsnið, Hesthúsgjóta, Vetrarsnið og Marklækjargjá, sem Marklækurinn rennur um.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þorgerðarstaðir, 3

NM-161:017 *Rjúpnamelsvað* heimild vað
“Rétt utan og neðan við bæ heitir Rjúpnamelur. Þar var Rjúpnamelsvað á Kelduá, nú ófært.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þorgerðarstaðir, 5

NM-162 Arnhallstaðir

8 hdr. 1695, 1804. 1552: Arnhallsstaðir nefndir í vottunarbréfi Gissurar Helgasonar en hann hafði búið þar í átta ár. DI XII, 379. 1570 og síðar eru A nefndi í máldaga Valþjófsstaðar. DI XV, 681. Valþjófsstaðakirkjueign HÞ: Arnaldsstaðir rétt ekki Arnhaldsstaðir né Arhallastaðir, Árbók 1923, 91. “Arnaldsstaðaland nær að svonefndum Gjám í fjalli á móts við Víðivallagerði, inn að Markalæk, sem er um einn km. utan við Þorgerðarstaðir, og upp á Múla.” SJM II, 55. Í eyði síðan 1969.

1918: Tún 2,6 ha, garðar 228 m2. “Undirlendið er á uppgrónum grjóthlaupum og grýttum og jarðgrunnum harðvellisgrundum. “Engjar eru sléttar og grýttar en mjög snögglendar og reytingssamar.” Tún eru á blettum milli hlaupa. ... Túni og engjum hætta búin af skriðu- og aurhlaupum úr fjallinu.” SJM II, 55.

NM-162:001 *Arnhallstaðir* bæjarhóll bústaður
“Baðstofa portbyggð og alþiljuð uppi og niðri 8x6 álnir. Þverhús með þilvegg fram á hlað, alþiljað, með lofti og gólfi og járnþaki, 10x5 álnir. Þessu hús o.fl. notuð til ´29, en hlóðaeldhús stendur enn að nokkru, gögn og fjós.” Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 56

NM-162:002 heimild fjós
HH: “Fjós o.fl. hús eru viðbyggð bæjarhúsinu á Arnaldsstöðum. Fjósið er með grjótveggjum og torfþaki, líklega ofan á járni, stafn þess snýr að hlaðinu, fallega hlaðinn og húsið stendur vel. Nú líkl. notað sem geymsla. Fjóshlaða var byggð , með grjóttorfveggjum og skúrþaki af járni.” “Fremst var kallað Framtún, þá Miðtún, Fjárhústún og yzt hét Þríhyrna. Ofarlega í

túni hét Efstahús, fjárhús. Þar skammt frá Hólkofi." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 14; Ö-Arnaldsstaðir, 4

NM-162:003 heimild hesthús
HH: "Þar fyrir utan [002] lítið hús í svipuðum stíl. Veggir húsanna allir rauðlitaðir af skófum, og grasi vaxnir ofantil, standa vel. Þessu hús munu vera gömul að stofni til." "Fremst var kallað Framtún, þá Miðtún, Fjárhústún og yzt hét Þríhyrna. Ofarlega í túni hét Efstahús, fjárhús. Þar skammt frá Hólkofi." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 14; Ö-Arnaldsstaðir, 4

NM-162:004 heimild fjárhús
HH: "Fjárhús eru dreifð um túnið, ofan og utan við bæinn, og eru a.m.k.. fjögur, öll stök eða aðskilin. Fyrir ofan bæinn eru tvö fjárhús, með stuttu millibili, annað þeirra með viðbyggðri hlöðu, bæði gömul, með grjótveggjum og torfþekjum, sem þaktar hafa verið með bárujárni og grjót lagt ofaná til festingar. Einnig hafa timburstafnar verið settir á húsin. Hlaðan er með járnþaki á sperrum. Veggir mjög farnir að gefa sig og húsin heldur hrörleg." "Fremst var kallað Framtún, þá Miðtún, Fjárhústún og yzt hét Þríhyrna. Ofarlega í túni hét Efstahús, fjárhús. Þar skammt frá Hólkofi." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 14; Ö-Arnaldsstaðir, 4

NM-162:005 heimild fjárhús
HH: "Fjárhús eru dreifð um túnið, ofan og utan við bæinn, og eru a.m.k.. fjögur, öll stök eða aðskilin. Fyrir ofan bæinn eru tvö fjárhús, með stuttu millibili, annað þeirra með viðbyggðri hlöðu, bæði gömul, með grjótveggjum og torfþekjum, sem þaktar hafa verið með bárujárni og grjót lagt ofaná til festingar. Einnig hafa timburstafnar verið settir á húsin. Hlaðan er með járnþaki á sperrum. Veggir mjög farnir að gefa sig og húsin heldur hrörleg." "Fremst var kallað Framtún, þá Miðtún, Fjárhústún og yzt hét Þríhyrna. Ofarlega í túni hét Efstahús, fjárhús. Þar skammt frá Hólkofi." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 14; Ö-Arnaldsstaðir, 4

NM-162:006 heimild fjárhús
HH: "Nokkurn spöl utar og ofar á túninu er stakt fjárhús, með hlöðu, mjög álíkt hinum, og í svipuðu ástandi." HH: "Kringum það er stórgrýtisdreyf úr gamalli skriðu, enda hafa nokkrum sinnum hlaupið aur- og grjótskriður á túnið, og jafnvel á fjárhúsin, síðast í nóv. 1941. ... " "Fremst var kallað Framtún, þá Miðtún, Fjárhústún og yzt hét Þríhyrna. Ofarlega í túni hét Efstahús, fjárhús. Þar skammt frá Hólkofi." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 14; Ö-Arnaldsstaðir, 4

NM-162:007 heimild fjárhús
HH: "Ystu húsin eru skammt fyrir utan og neðan þessi, tvístæð með hlöðu að baki, timburjárnstöfnum og járnþökum á sperrum, en hliðarveggir af grjóti og torfi." "Þessi hús eru líklega ekki gömul." "Fremst var kallað Framtún, þá Miðtún, Fjárhústún og yzt hét Þríhyrna. Ofarlega í túni hét Efstahús, fjárhús. Þar skammt frá Hólkofi." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 14; Ö-Arnaldsstaðir, 4

NM-162:008 *Stekkur* heimild beitarhús
HH: "Um 1 km utan við Arnaldsstaði eru beitarhús, sem kallast Stekkur, í sérstöku túni." HH: "Þar eru tvístæð fjárhús af grjóti og torfi, líklega með torfþökum og járni ofaná, svipað og heimahúsin. Að baki járnklædd hlaða." "Túnið á beitarhúsunum, á Stekknum, var kallað Stekkatún. Þórhallur segir, að bærinn hafi áður fyrr staðið á stekknum, en verið færður

þangað, sem hann er nú, vegna landbrots Kelduár."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 14

NM-162:009 *Marklækjarbeitarhús* heimild beitarhús
HH: "Halldór Benediktsson hafði fé á Marklækjarbeitarhúsum, en hann bjó á Skriðuklaustri." "Rétt utan við Marklæk eru rústir af beitarhúsum, sem voru kölluð Marklækjarhús." segir í örnefnalýsingu. "Tættur þeirra hljóta að vera við Marklækinn, sem skiptir löndum við Þorgerðarstaði, etv. horfnar undir skriður. (Jörðin var eign Valþjófsstaðar til 1916, og skipti á skógarítaki og engjum og líkl. einnig beit sbr. ofangr. tilv.)." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 14; SJM II, 55; Ö-Arnaldsstaðir, 3

NM-162:010 *Selhöfði* örnefni sel
"Þarna utast, upp af merkjunum heitir Neðstihjalli, og í þann hjalla eru Gjár. Næsti hjalli þar inn af heitir Skógarhjalli. Á honum utan og ofan beitarhúsa, er skóglaus blettur, Selhöfði." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnaldsstaðir, 1-2

NM-162:011 *Marklækjargata* gata leið
"Í Bjarginu eru snið, innst er Marklækjargata, upp með Marklæknum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnaldsstaðir, 2

NM-162:012 garðlag vörslugarður
"Enn mótar fyrir vörslugarði frá Kelduá upp í brekkurætur, í notkun til um ´20." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 55

NM-163 Lánghús

6 hdr. 1695. Valþjófsstaðakirkjueign, talin 6 hndr 1698 og 1804. "Hún liggur þvert um enda Múlans milli Jökulsár og Kelduár. Mörk við Glúmsstaði eru á svokölluðu Nesi við Jökulsá gengt Bjarnargjá á Hólsfjalli og við Arnaldsstaði beint á móti Víðivallagerðisbæ upp á Múlakoll og þaðan spöl til norðurs. Fyrrum áttu L láglendisspilduna milli ánna (Hólma), en hún lenti undir Víðivelli." SJM II, 53.

1918: Tún 2,3 ha, garðar 550 m2. "Tún harðlent og brunagjarnt í þurrkum, engjar einungis á Langhúsaeyri, sumarhagar f. stórgripi snöggir, komin vatnleiðsla ... " Túnsléttun hafin fyrir aldamót. SJM II, 54.

NM-163:001 *Lánghús* bæjarhóll bústaður
"Baðstofa 9x51/2 alin, 3 hlöður." Segir í Sveitum og jörðum. HH: "Rétt fyrir neðan bæinn (neðan vegar) er fjóskofi úr torfi og grjóti og með nokkuð upprunalegu torfþaki og gömlum dyrum austan á. Hætt var að nota það fyrir nokkrum árum. Viðbyggt því er tótt gamla eldhússins í torfbænum sem þarna stóð. Þar er steindrangur yfir dyrum."
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 54; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 15

NM-163:002 heimild hlaða
HH: "Gömul fjóshlaða er austast á túninu á Langhúsum, rétt neðan við veginn, snýr Au-V með dyrum austan á stafni en vindauga vestan á. Hlaðan er mikið niðurgrafin. Yfirbygging er í gömlum stíl, með þremur (?) stoðum í röð í miðju, en járnþak er á henni a.m.k. að hluta.

Veggir standa nokkuð vel, en viðhald hefur ekki verið nægjanlegt, enda hætt að nota hlöðuna fyrir nokkrum árum." Við hana er steypt súrheysgryfja.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 15

NM-163:003 *Hólhús* heimild fjárhús

HH: "Fjárhús neðan vegar skammt vestur af fjósinu, snýr samhliða dalnum." "Þetta er mjög sérkennilegt hús, eiginlega þrískipt og viðbyggð hlaða að auki. Miðhlutinn er sennilega gamall, en húsið hefur í seinni tíð verið lengt út eftir, og þverhýsi byggt út úr því til vesturs (líkl. gömul hlaða). Veggir eru mjög vandaðir að hleðslu og standa vel, nema aðeins farnir að bila á elsta partinum. Dyr eru austan á miðju. Upprunalegt torfþak er á elsta hluta hússins, en járn lagt ofan á það, a.m.k. að vestan. Á yngri pörtum er járn undir torfþakinu. (Líklega grindur í ysta hlutanum?). Á hlöðunni er járnþak á sperrum."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 15

NM-163:004 *Garðhús?* heimild útihús

HH: "Aðalhúsin (Garðhús?) eru andspænis Hólhúsinu, sunnan vegar og örskammt vestan við íbúðarhúsið." "Þetta er mikil sambygging, sem hefur vaxið og aukist með viðbyggingum í ýmsar áttir, allt fram á okkar daga. Aðalhúsið er ferningslaga (jafn á alla kanta, um 10-12 m), raunar fjögur samliggjandi fjárhús, án milliveggja, en risþak á hverju fyrir sig, og sperrur undir sundum. Gluggi á hverjum stafni að sunnan, dyr á miðju sunnan á og aðrar nálægt suðurenda á austurhlið. Elsta húsið mun hér (sem víðar) vera í miðju, og er þar upprunalegt torfþak með tróði o.s.frv., en undirlag þekjanna á húsunum til hliðar í sambyggingunni er af margvíslegum toga, sumsstaðar járn. Utan við þetta stóra hús er viðbyggð hlaða, lítil en líklega upprunaleg, einnig með torfþaki, og tótt af gömlu hesthúsi austan við hana, einnig viðbyggt. (Ætlunin var að stækka hlöðuna þangað, en í stað þess var byggð ný steypt hlaða, nokkurn spöl SA af húsunum. Þá er enn stutt fjárhús, byggt í framhaldi af hlöðunni, til vesturs (SV), með dyrum vestan á stafni og glugga yfir, og er það með járni undir torfþekjunni. Öll þessi hús eru meira eða minna upp gerð á síðustu áratugum, sérstaklega þekjurnar, sem hafa "brunnið" nokkuð á suður- og austurhliðum, en eru annars í góðu lagi. Veggir allra húsanna í þyrpingunni eru frábærlega vel hlaðnir og heilir, yfirleitt með óvenju miklum fláa, sem tryggir að þeir standi betur. Efst í veggjunum er yfirleitt torflag, og stafnar úr torfi (streng eða þökum)."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 15

NM-163:005 *Ullartóft* heimild

"Þá eru hér nokkur nöfn, heima við bæ, í túni og nærliggjandi. Austast í túni var lægð, nefnd Ullartóft ..." segir í örnefnalýsingu. "Þessi hús og Ullartóftir er nú allt horfið í Jökulsá, sem mjög brýtur þarna land."

Heimildir: Ö-Langhús, 5

NM-163:006 *Austurhús* heimild fjárhús

"Fjárhús voru dreifð um túnið, syðst var Austurhús ..." segir í örnefnalýsingu. "Þessi hús og Ullartóftir er nú allt horfið í Jökulsá, sem mjög brýtur þarna land."

Heimildir: Ö-Langhús, 5

NM-163:007 *Bakkhús* heimild fjárhús

"Fjárhús voru dreifð um túnið, syðst var Austurhús , en út og niður frá bænum Bakkahús, ætíð kallað Bakkhús." segir í örnefnalýsingu. "Þessi hús og Ullartóftir er nú allt horfið í Jökulsá, sem mjög brýtur þarna land."

Heimildir: Ö-Langhús, 5

NM-163:008 *Húseyri* örnefni
HH: “Austan Múland heitir Húseyri og húseyrarkvísl, sem fylltist í skriðuhlaupunum 1941. Líklega kennt við einhver beitarhús.” “Neðan undir Geitahjallaenda er klettur, sem heitir Háaklif, og að honum féll áin, eða réttara kvísl úr henni, sem hét Húseyjarkvísl, en farvegur hennar fylltist upp í skriðuföllunum miklu ... Sunnan Húseyjarkvíslar eru eyrar allstórar og lítt grónar, sem heita Húseyrar. Ná þær frá fremri enda Sandeyrar og út fyrir Háaklif. Yzti tanginn á þessum eyrum, þar sem kvíslin fellur aftur í ána, er grasivaxinn og kallaður Húseyjarhólmi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 15; Ö-Langhús, 1

NM-163:009 *Gamlistekkur* heimild stekkur
HH: “Gamlistekkur yst af Hrakhamri, þar fyrir ofan.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 16

NM-163:010 *Hrakhamarsrétt* heimild rétt
HH: “Hrakhamarsrétt er á melhjalla, sem gengur út frá Hrakhamri, lögrétt Múlamanna, hlaðin úr grjóti.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 16

NM-163:011 *Geithús* heimild beitarhús
HH: “Geitahús yst á Geitahjalla, á Múlaendanum. þar voru beitarhús frá Langhúsum, notuð til 1926-27.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 16

NM-163:012 heimild áveita
“Áveitumannvirki töluvert, var á L, Jökulsá stífluð með grjótgarði, svo að lón myndaðist, garður yfir svonefnda Eyri við ána og síðan 300 m skurður.” segir í Sveitum og jörðum. “Áveitan brást, þegar lítið var í ánni í gróindum.”
Heimildir: SJM II, 54

NM-163:013 garðlag
“Grjótgarður var yst á Geitahjalla, fjárheldi.” segir í Sveitum og jörðum. Ekki ljóst hvort að þetta tilheyrir beitarhúsunum eða ekki.
Heimildir: SJM II, 54

NM-163:014 *Blautasnið* garðlag leið
“Út frá Hrakhamri liggur sniðgata, upp á Réttarhjallann [sjá 010], heitir þar Blautasnið ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Langhús, 2

NM-163:015 varða
“Bjarndýrsbotnar skipta svo milli Grjóthjalla og Vörðuhjalla, sem rís þar nokkuð hærra, en lækkar inn til landsins, endar hann við klettahornið Steinku ... Á Vörðuhjalla er Varða, sem mun vera lítið eitt sunnar en hávestur, borið saman við bæ.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Langhús, 4

NM-163:016 *Kvennagarður* garðlag
“Milli Seftjarnar og Þýfðalóns var garður, kallaður Kvennagarður. Eftir honum lá engjagatan á Fram-Eyrina.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Langhús, 5

NM-163:017 gata leið
“Milli Seftjarnar og Þýfðalóns var garður, kallaður Kvennagarður. Eftir honum lá engjagatan á Fram-Eyrina.” segir í örnefnalýsingu. Þar sem gatan getur verið lengri en garðurinn skrái ég hana sér.
Heimildir: Ö-Langhús, 5

NM-163:018 *Torflón* örnefni rista
“Út og norður af Bæjarlóni var Djúpatjörn og talið í sömu röð: Húsfreyjulón, norður af því Torflón, þá tvö Bakkalón.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Langhús, 5

NM-163:019 *Ytra-Skógarvað* heimild vað
“Nokkuð vöð höfðu nöfn á Jökulsá. Ytra Skógarvað og Fremra Skógarvað ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Langhús, 5

NM-163:020 *Fremra-Skógarvað* heimild vað
“Nokkuð vöð höfðu nöfn á Jökulsá. Ytra Skógarvað og Fremra Skógarvað ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Langhús, 5

NM-163:021 *Drangsvað* heimild vað
“Nokkuð vöð höfðu nöfn á Jökulsá. Ytra Skógarvað og Fremra Skógarvað, þá er Drangsvað nálægt Drang, ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Langhús, 5

NM-163:022 *Melgrófarvað* heimild vað
“Nokkuð vöð höfðu nöfn á Jökulsá. Ytra Skógarvað og Fremra Skógarvað, þá er Drangsvað nálægt Drang, svo Melgrófarvað dregur nafn af Melgræfum í Valþjófsstaðalandi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Langhús, 5

NM-163:023 *Hundabrot* heimild vað
“Aðeins innar [en 022] er Hundabrot og nokkru framan er Teigshúsvað.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Langhús, 5

NM-163:024 *Teigshúsvað* heimild vað
“Aðeins innar [en 022] er Hundabrot og nokkru framan er Teigshúsvað.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Langhús, 5

NM-163:025 *Klúkuvað* heimild vað
“Á móts við bæinn Klúku, sunnan Kelduár, er vað á ánni, nefnt Klúkuvað.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Langhús, 6

NM-163:026 *Langhúsa-Móri* þjóðsaga draugur

ÞSS “Auðunn hét maður er bjó í Langhúsum í Fljótsdal öndverðlega á 19du öld, Einarsson frá Haugur í Skriðdal, bróðir Einars í Haugum. ... Kom ein útsveitamaður þá [sennilega veturinn 1836-7] að Langhúsum með nokkrar kindur og bað Auðun taka þær af sér. En annaðhvort hafði Auðunn áður tekið svo margt fé sem hann gat hýst eða annað kom til þess að hann treysti sér eigi að taka af honum kindurnar. Er sagt hann bæri eigi fyrir bjargleysi heldur það að sig vantaði fjármann til að gæta þess. Reiddist þá útsveitamaðurinn og fór í styttingin en sagði þá um leið: “Ég skal hafa í huga að senda þér smaladreng áður en mjög langt um líður.” ... Litlum tíma það á eftir þá er svo sagt að Auðun væri að sækja hesta sína suður á Geitahjalla sunnanvert í Múlanum. Vissi hann þá eigi fyrri til en þar kom allt í einu að honum strákur í mórauðum fötum og heldur ferðamikill. Sér hann þegar að það muni uppvakningsdraugur og sendur sér og muni þar kominn smaladrengurinn er útsveitamaðurinn lofaði. Fældi hann þegar hestana og drápu þeir sig þegar tveir fyrir Geitahjallann en Auðun komst heim og var þá illa útleikinn að menn hafa sagt, rifinn og tættur. Tók nú draugur þessi að sækja Auðunn allhart og villti einatt um hann.” Þegar Auðun lá banalegunna kom vinur hans Einar sem bjó á Víðivöllum fremri og lofaði að taka við draugnum fyrir Auðun og fylgdi Móri Einari eftir það og var þá kallaður Víðivalla-Móri.

Heimildir: ÞSS II, 211-213

NM-164 Kleif

4 hdr. 1695, 1894. Kleif var eign Valþjófsstaðakirkju. “Landamörk við Egilsstaði eru rétt utan við bæinn við Kleifará, sem steyptist þar í 10 fossum niður snarbratta hlíð, en að innan við Axará og eru um 12 km milli ánna. Þá nær Kleifarland inn á Svartöldu, og er þar talið að liðinn sé fjórðungur af heiði og leið í Hrafnkelsdal ...” SJM II, 48. 1918: Tún 1,5 ha, garðar 550 m2. “Engjar voru þurrar og slitróttar inni á Kleifardal, en uppi í heiði grasgefnar og sléttar með stör og lauf. Heyskapur í heiðinni var oft 80-90 hb. .. Gamla túnið var þýft og hallandi, en grasgefið.” SJM II, 48.

NM-164:001 *Kleif* bæjarhóll bústaður

“Gamli bærinn var á sama stað og núver. íbúðarhús. Sneri hlið að að hlaði. Tumburstafn með bæjardyrum í suður, annað úr torfi. Baðstofa 81/2x5 álnir portbyggð með reisifjöl.” Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 48

NM-164:002 heimild fjárhús

HH: Fjárhúsin á Kleif standa á túninu, rétt framan og ofan við bærinn. Þetta eru fimm samliggjandi hús.” “Þau eru með grjótveggsramma og járnþökum. Tvö ystu húsin eru með bretaskálajárni (eiginlega efri hluti skálanna) og timburþili af skálunum, en hin þrjú eru með bárujárnsþökum á sperrum. Þau eru sambyggð, þannig að enginn veggur er á milli og ein hurð austan á, og eins eru bretaskálahúsin líkl. sambyggð þannig, því þar eru líka aðeins einar dyr. Að húsabaki er allstór hlaða, einnig byggð upp úr bretaskálum.”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 19

NM-164:003 heimild fjós

HH: “Heima við íbúðarhúsið er lítið fjós, viðbyggt, að bæjarbaki, veggir úr grjóti, neðan að framan, og járnþak.”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 19

NM-164:004 *Lambhús* heimild fjárhús
HH: “Yzt á túninu var fjárhús, hét Lambhús.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 19

NM-164:005 *Sauðhús* heimild fjárhús
HH: “Þar sem fjárhúsin eru nú hét Sauðhús.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 19

NM-164:006 heimild kvíar
HH: “Kvíar voru innst á túninu gamla, nú líkl. sléttaðar. þar heitir Kvíaholt.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 19

NM-164:007 heimild hesthús
HH: “Hesthúsgrund kallast framan við fjárhúsin, en hesthúsið er horfið.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 19

NM-164:008 heimild stekkur
HH: “Stekkur var innanvert við Stekkahraun, nokkurn spöl fyrir utan Miðselið.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 19

NM-164:009 *Ófærusel* bæjarstæði býli/sel
“Utan við Ófæruna er Ófærusel. Þar var búið til forna. Reyndar er þetta ekki alveg rétt, næst utan við Ófæruna heitir Holt niður við ána. Þar utar er stór lækur, Ófæruselslækur, og þar utar er svo Ófæruselið. Og utan þess er mýri, sem heitir Ófæruselsmýri.” segir í örnefnalýsingu. HH: “Ófærusel er um 10 km innan við Kleif, á svonefndum Kleifardal, andspænis Trönuseli, rétt fyrir ofan samnefndan foss í Jökulsá. Þar er skjólsælt og fagurt umhverfi. Þar voru beitarhús frá Kleif framan af 19. öldinni, og sagt er að þar hafi verið búið í fáein ár.” “Beitarhúsatætturnar eru skýrar, en rétt fyrir utan þær mótar aðeins fyrir hólfaðri tótt, sem gæti verið seltóttin. Ein tótt, aðskilin, er stutt fyrir innan. Engin merki sjást um túngarð.” “Haldið að þar hafi verið búið, en annars sel frá Kleif.”
Heimildir: Ö-Kleif, 2; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 19; ÓO: Ferðabók, 141; Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum, 180

NM-164:010 *Miðsel* tóft beitarhús
HH: “Miðsel, var um 3 km innan við Kleifarbæinn, nú innst í nýræktartúnum. Þar voru beitarhús, tvístæð, með heystæði, fram til 1907, og eru tættur þeirra óhreyfðar, en vaxnar háu grasi.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 19

NM-164:011 heimild mylla
HH: “Myllutótt er við Kleifarána, niður við Jökulsá.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 19

NM-164:012 *Ytri-Garður* garðlag vörslugarður
HH: “Vörslugarðar eru úr fjalli og niður í Jökulsá, utan við Ófærusel og innanvið Ófæru, eða yst í Kleifarskógi.” “Utan við það er Ytri-Garður, gamall vörzlugarður.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 19; Ö-Kleif, 2

NM-164:013 *Innri-Garður* garðlag vörslugarður

HH: “Vörslugarðar eru úr fjalli og niður í Jökulsá, utan við Ófærusel og innanvið Ófæru, eða yst í Kleifarskógi. Innri garðurinn er úr grjóti, en sá ytri aðallega úr torfi.” “Við Mjóagilslæk er vörzlugarður kallaður Innri-Garður.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 19; Ö-Kleif, 5

NM-164:014 þjóðsaga huldufólksbústaður

“Nokkuð frammi á túninu á Kleif eru tveir steinar misstórir, þar sem sagnir eru um huldufólk ... Í byrjun þessarar aldar var á Kleif hjá þeim hjónum Pálínu Friðriksdóttur og Sigmundi Jónssyni vinnukona og þá gömul orðin. Einhverju sinni var hún stödd við huldufólksstein og sá þá hjón með tvö börn vera að hýsa gráskjöldótta kú í minni steininum. Áleit hún, að huldufólk hefði aðsetur í stærri steininum, en minni steinninn væri fjós þeirra.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 48

NM-164:015 varða

“Þar utar [en 008] er svo Krókahraun með vörðum á.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kleif, 2

NM-164:016 vegur leið

“Innsta nafnið í Lönguhlíð er Vegaslakki, þar um liggur vegurinn til afréttarins.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kleif, 2-3

NM-164:017 *Á Hellunni/Helluvað* heimild vað

“Rétt innan við ós Kleifarár er vað á Jökulsá, sem kallað var á Hellunni eða Helluvað.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kleif, 5

NM-164:018 heimild

“Heyskapur í heiðinni var oft 80-90 hb. Þangað var bæði bratt og langt að sækja, og því setti Þorfinnur bóndi Sigmundsson laust fyrir 1930 upp 600 m langan vír af brúnni niður á jafnsléttu og renndi böggunum niður í trissu. Þessi útbúnaður var notaður til 1950 ...” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 48

NM-165 Egilsstaðir

16 hdr 1651. 1517: Gefur Þorvarður Guðmundsson Sigurði Finnbogasyni og konu hans Egilsstaði í Fljótsdal í próventu. DI VIII, 628-629. 1651: “Sr. Ívar Haraldsson selur, í umboði Brynjólfs biskups Sveinssonar, Guðrún Árnadóttur hálfa jörðina Eiða, 15 hndr, að dýrleika fyrir Egilsstaði (N-Múl), 16 hndr. að dýrleika, og Ytrikleif, 9 hndr.” Jarðabréf, 277.

Valþjófsstaðakirkjueign. “1804 (en hvergi annarsstaðar) er jörð þessi talin hjáleiga frá Þuríðarstöðum. Prestur einn í brauðskýrslu sinni 1839 telur hana með eyðibólinu, Auraseli (sem aðeins finnst nefnt í reg. til jb 1760) 8 h að dýrleika.” JJ 1847, 362. “Jörðin er næst innst í Norðudal, mörk við Þuríðarstaði eru við Þórisstaðalæk og að innan við Kleifará rétt utan við Kleif og 4-5 km milli marka. Landið nær inn á heiði um Þóristjörn, Svartöldu, Eyrarselskróka og í Kleifará.” SJM II, 46.

Vantar upplýsingar á túnakorti. “Útheyskapur var áður sóttur svo til eingöngu upp fyrir brúnir og heyinu rennt niður á streng. Þar voru grasgefnar engjar og yfirleitt greiðfærar og bæði votar og þurrar, “og er engjavegur bæði brattur og langur; heyfall yfirleitt sérlega gott og hollt til vetrarfóðurs.”” SJM II, 46.

NM-165:001 *Egilsstaðir* bæjarhóll bústaður
“Portbyggð baðst. 10x5 álnir. Eldhús niðri. Allir viðir úr kaupstað, plægð slétt súð. Máluð. Rifin ´40.” Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 46

NM-165:002 heimild hesthús
HH: “Hesthús nýlegt er 150-200 m framan við bæinn, í “nýhúsastíl”.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 20

NM-165:003 heimild
HH: “Beint fyrir ofan bæinn, lítill kofi, sporöskjulaga, með bröttu torfþaki, nú líklega geymsla.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 20

NM-165:004 heimild hesthús
HH: “Þá er torfkofi utan við nýja steinhúsið, sem hefur líklega verið hesthús áður en er nú geymsluhús.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 20

NM-165:005 heimild fjárhús
HH: “Þá eru úti og niðri á túninu, þrjú gömul fjárhús, stök, með nokkru millibili, utan við Bæjarlækinn. Efra Miðhúsið er upprunalegt, með torfþaki og veggir standa vel. Lítið timbur-járnhús er þar viðbyggt.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 20

NM-165:006 heimild fjárhús
HH: “Þá eru úti og niðri á túninu, þrjú gömul fjárhús, stök, með nokkru millibili, utan við Bæjarlækinn. ... Neðra Miðhúsið er með viðbyggðri hlöðu, sem er sporöskjulaga að utanverðu a.m.k., grjótveggir, og járnþök á sperrum á báðum húsum.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 20

NM-165:007 heimild fjárhús
HH: “Ystahúsið er langt fjárhús, snýr samhliða fjallinu, með dyrum á austurvegg miðjum og glugga á útistafni. Hlaða viðbyggð, að hluta úr bárujárni, nema grjótveggur að framan og ofan.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 20

NM-165:008 *Lúðusel* tóftir sel
“Þarna uppi [við Hrafnagil í Eyrarselsfjalli] er svo Lúðasel eða Lúðursel og Lúðaselsbotnar eru þarna ofan við Hrafnakletta, mitt á milli ánna [þ.e. Kleifará og Eyrarselsá]. Þar eru merki eftir selið.” segir í örnefnalýsingu. “Upp af Hrafnaklettum eru botnar í fjallinu, kallaðir Lúðaselsbotnar, þar eru fornar selrústir, kallaðar Lúðasel eða Lúðursel.” “... og enn eru tættur á Lúðaseli í Lúðabotnum upp af Eyrarseli.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Ö-Egilsstaðir, 1, 4; SJM II, 46

NM-165:009 *Sölvavarða* varða
“Þar norður á heiðinni, á smáöldu, er Sölvavarða, skammt frá Kleifaránni, talið er að þar hafi maður orðið úti.” segir í örnefnalýsingu. Maðurinn á að hafa orðið úti þarna litlu fyrir 1800
Heimildir: Ö-Egilsstaðir, 1-2, 5

NM-165:010 *Vegamelur* heimild leið
“Utan við Hesthjalla [ofan við Egilsstaði] var heybandsvegur og fjárgötur til heiðar, þar heitir Vegamelur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Egilsstaðir, 6

NM-165:011 *Aurasel/Eyrarsel* bæjarstæði býli/beitarhús
JJ: “1804 (en hvergi annarsstaðar) er jörð þessi talin hjáleiga frá Þuríðarstöðum. Prestur einn í brauðskýrslu sinni 1839 telur hana með eyðibólinu, Auraseli (sem aðeins finnst nefnt í reg. til jb 1760) 8 h að dýrleika.” HH: “Afbýlið Eyrarsel er niður við Jökulsá og innan við Eyrarselsá. Það fór í eyði í Stórubólu. Síðar voru þar og eru enn beitarhús.” “Gömul selstöð, afbýli og síðast beitarhús frá Egilsstöðum, um 1 km. innan við bæinn, við Eyrarselsá. ... Þar eru tvö fjárhús, með stuttu millibili, á litlum túnbletti. Fremra húsið er gamalt og enn í upprunalegri mynd, með torfþaki og líklega með viðartórði. Ytra húsið er að mestu úr bárujárni, aðeins með langveggjum af grjóti, og járnklæddri hlöðu að baki.” Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: JJ 1847, 358; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 20; SJM II, 46; ÓO: Ferðabók, 141; Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum, 180

NM-165:012 *Gamlistekkur* heimild stekkur
HH: “Gamlistekkur er við Hvannalæk, nokkuð út frá Eyrarseli ...”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 20

NM-165:013 heimild mylla
HH: “Gamlistekkur er við Hvannalæk, nokkuð út frá Eyrarseli og mylla var við Grundarlæk rétt framan við tún.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 20

NM-165:014 *Selhlíð* tóftir sel
“Selhlíð heitir í miðju fjalli út og upp af bæ, þar eru óljósar tættur - af seli eftir nafninu að dæma ...” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 46

NM-165:015 garðlag túngarður
“Eldri grjótgarður um tún heima ...” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 46

NM-165:016 *Miðaftansvarða* varða eyktamark
“ ... framan við þá [012] ber við loft frá bænum Miðaftansvarða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Egilsstaðir, 2

NM-165:017 garðlag
“En Birnuhamar er í Jökulsá niður af flögum, sem nú eru. Þar upp af er svo Garðslækur, þar var garður hér áður fyrr.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Egilsstaðir, 2

NM-166 Þuríðarstaðir

18 hdr. 1695. “1696 og 1804 (þá með Egilsstöðum) er jörð þessi talin 18 h að dýrleika, en prestur einn telur hana í brauðskýrslu sinni 1830 6 hndr að dýrleika.” JJ 1847, 362. 1397: “aa heimaland [Valþjófsst.] allt. mulaland [með ummerkjum] Þorgerdarstade. fiordung i aRnneidarstodum. land vnder kleif fram fra þuRidarstodum wnder iokla med ollum giædum.” DI IV, 109-212 1552: Þuríðarstaðir nefndir í vottunarbréfi Gissurar Helgasonar en hann hafði búið þar í eitt ár. DI XII, 379. 1560: Segir í kvittunarbréfi séra Hallvarðs Einarssonar fyrir Valþjófsstað meðtekur han að hafa tekið við Þuríðarstöðum 20 hndr. með 2 kúgildum. DI XIII, 559. 1570 og síðar eru Þ nefndi í máldaga Valþjófsstaðar. DI XV, 681.

Valþjófskirkjueign. “Landamörk við Hól eru heldur innar en gengt Glúmsstöðum og við Egilsstaði við Ytri-Þórisstaðalæk, sem kemur úr Þóristjörn skammt uppi í heiðinni norður af Þórisfelli. Að ofan nær landið að Gilsárvötnum.” SJM II, 44. 1918: Tún 1,9 ha, garðar 472 m2. “Engjar þóttu reytingssamar, harðvelli og laufslægjur í fjallinu, en starengi ofan brúna, grasgefið en þýft.” SJM II, 44.

NM-166:001 *Þuríðarstaðir* bæjarhóll bústaður
“Meðfram gamla túninu heima á Þ að ofan mótar enn fyrir fornum túngarði, og í brekku fram og niður af íbúðarhúsinu eru sýnileg hleðslubrot í jörðu, og ætla menn að þar hafi fornbærinn staðið.” segir í Sveitum og jörðum. “Þrepbaðstofa 9x6 álnir, alþiljuð, súð úr plægðum viði, allir viðir úr kaupstað. Bæjardyr í suður, stafnar meðhálfþil fram á hlað. Skemma innréttuð til íbúðar ´30, 2 hæðir.” Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 44-45

NM-166:002 garðlag túngarður
“Meðfram gamla túninu heima á Þ að ofan mótar enn fyrir fornum túngarði, og í brekku fram og niður af íbúðarhúsinu eru sýnileg hleðslubrot í jörðu, og ætla menn að þar hafi fornbærinn staðið.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 44

NM-166:003 heimild hesthús
HH: “Á heimatúninu var hesthús, inn og upp á túni. ...”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 21

NM-166:004 *Fremstahús* heimild fjárhús
HH: “ ... Fjárhús fyrir ofan bæinn. Fjárhúsin hétu Fremstahús, Lambakofi, Gamlahús og Nýjahús, og stóðu sum þeirra fram yfir 1980, en jörðin fór í eyði um 1987, og voru öll húsin og tætturnar sléttaðar 1988 eða 89.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 21

NM-166:005 *Lambakofi* heimild fjárhús
HH: “ ... Fjárhús fyrir ofan bæinn. Fjárhúsin hétu Fremstahús, Lambakofi, Gamlahús og Nýjahús, og stóðu sum þeirra fram yfir 1980, en jörðin fór í eyði um 1987, og voru öll húsin og tætturnar sléttaðar 1988 eða 89.”
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 21

NM-166:006 *Gamlahús* heimild fjárhús
HH: “ ... Fjárhús fyrir ofan bæinn. Fjárhúsin hétu Fremstahús, Lambakofi, Gamlahús og

Nýjahús, og stóðu sum þeirra fram yfir 1980, en jörðin fór í eyði um 1987, og voru öll húsin og tætturnar sléttaðar 1988 eða 89."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 21

NM-166:007 *Nýjahús* heimild fjárhús

HH: " ... Fjárhús fyrir ofan bæinn. Fjárhúsin hétu Fremstahús, Lambakofi, Gamlahús og Nýjahús, og stóðu sum þeirra fram yfir 1980, en jörðin fór í eyði um 1987, og voru öll húsin og tætturnar sléttaðar 1988 eða 89."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 21

NM-166:008 heimild fjós

"Heimahús öll úr torfi og grjóti ... fjós f. 3 ..." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 44

NM-166:009 *Kvíaból* örnefni kvíar

"Kvíaból er innast á túninu ..." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þuríðarstaðir, 1

NM-166:010 heimild rétt

" ... innan við túnið er gömul rétt í dæld." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þuríðarstaðir, 1

NM-166:011 *Bæjarlind* lind vatnsból

"Bæjarlind kemur eftir túninu, og rennur niður utan við bæinn." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þuríðarstaðir, 1

NM-166:012 *Fjárhúslind* lind vatnsból

"Og utan þeirra [fjárhúsanna] er uppsprettulind, sem heitir Fjárhúslind." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þuríðarstaðir, 2

NM-166.013 *Fossárvað* heimild vað

"Stekkur [009] var utan við lækinn, niður á láglendinu. Stekkaþýfi er í kringum stekkinn. Þetta er ofan við veginn, og þar út af er allhár hjalli, sem heitir Hraunsnef. Nú er á honum tún. Þar niður af er vað á Jökulsá, það heitir Fossárvað ..." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þuríðarstaðir, 1

NM-166:014 *Þuríðarstaðavað* heimild vað

"Beint á móti bæ er Þuríðarstaðavað á ánni." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þuríðarstaðir, 2

NM-166:015 *Stekkur* heimild beitarhús

HH: "Beitahús á Stekk við Stekkalæk innst í landinu. Þau voru í notkun fram um 1980, eða lengur, en hafa nú verið jöfnuð við jörðu. Innan við lækinn eru gamlar tættur eldri beitarhúsa, undir svon. Fögruklettum." "Beitarhús á Stekk um 1 km. innan við bæ lögð af um aldamót, en endurreist ´70." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 21; SJM II, 44

NM-166:016 tóftir beitarhús

HH: "Beitahús á Stekk við Stekkalæk innst í landinu. Þau voru í notkun fram um 1980, eða

lengur, en hafa nú verið jöfnuð við jörðu. Innan við lækinn eru gamlar tættur eldri beitarhúsa, undir svon. Fögruklettum."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 21

NM-166:017 heimild mylla

"Myllutættur við Grundarlæk horfnar." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 44

NM-166:018 *Fögruklettar*þjóðsaga huldufólksbústaður

"Fögruklettar eru utan við lækinn, en hann kemur hér ofan úr heiði. Í Fögruklettum hefur sézt huldufólk." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þuríðarstaðir, 1

NM-167 Valþjófsstaður

Kirkjustaður. 9,5 hdr. 1695. 1143-1180: Oddr Gizurarson prestur þar; c. 1190: Markús Gíslason af Rauðasandi gefur Sigmundi Ormssyni kirkjuvið úr Noregi, stóð sú kirkja við ritun Hrafns sögu hinnar sérstöku; Rafnssaga, Bsk I, 645 c. 1200: graftarkirkja; Kirknaskrá Páls, DI XII 4. 1491 er til vitnisburðarbréf um torfskurð frá Valþjófsstað. Þar vottar Páls Grímsson að skorið var upp 20 hesta torf í Skriðu en í staðinn fengi Skriðubóndi að reka lömb í Tungurnar. DI VI, 748-749. 1552. Vitnisburðarbréf Gissurar Helgasonar um Staðaröræfi frá Valþjófsstað. "Og heyrde eg alldre a þessvm arvm. at navckur ætti neina jtavlv fram a stadar ayræfi. hvorki lamba rekstur. nie annars penings. vtan hvndrat lamba rekstvr fra Skridv j Marivtvngur. enn staduren ætti j stadin vpp aa xx hesta torfskvrd arliga j Skridv land. Og eingin madur Rak sina peninga þessi fyrr greind aar hvorki fram af Selidal. eda vnder Snæfell. Og eigi hinv nyrdre ayræfin. Vtan med þess leyfi sem Valþiofstad hiellt. vtan busmala rekstur. sem i selivm var hafdur." DI XII, 379-380.

Kirkjustaður. Hjáleigur Hóll (NM-168) ásamt Garði (byggður 1804) og Hvammi. "Staðurinn á skóg til kolagjörðar í Lánghúsa, Arnhallsstaða og Þorgerðarstaðalöndum, en skógarteigur kirkjunnar í Ytri Víðivalla landi má heita liðinn undir lok; skógarteigur kirkjunnar í Hrafnkelsstaðalandi er notaður til eldsneytis. Aptur á móti er skógarpartur sá, sem staðurinn á fremra Víðivalla landi eigi yrktur, en friðaður og í gróðri. Kirkjan á enn fremur 2 afréttarlönd, millum beggja Jökulsánna í Fljótsdal og á Jökuldal, sem árlega eru brúkuð til skiptis fyrir hérum 1,500 fjár, og er þar nokkur grastekja; svo og þriðja afréttarlandið, á Suðurfelli, og er það notað fyrir lömb, og þar sömuleiðis nokkur grastekja. ...í með sendri afskrift af lögfestu gamalli er getið Rafnskelsdals, og skýrir presturinn frá, að með Aðalbóls heimalandi sé bygður Seljadalur, "sem meinist það sama sem Rafnkelsdalur". JJ 1847, 366-367. Jökulsá afmarkar Valþjófsstaðaland að sa. og austan. Upp frá ánni er Valþjófsstaðanes, mestallt þurrt og grasgefið með áveitu, annars harðslægt. ... Tvíbýlt er á V frá 1926, en 1949 var ræktunarlandi skipt og stofnað nýbýli á V II, á þriðjungi jarðarinnar. Stundum hefur verið tvíbýli á V I" SJM II, 39.

1918: Tún 10,8 ha, garðar 3000 m2. "V var og er landkostajörð, gamla túnið að vísu í þurrara lagi. Árlegur fengur af útheyi var um 400 hb. og oft lánað um 200 hesta engi einkum landsetum jarðarinnar. Haglendið er ágætt og óþrjótandi fyrir alla gripi sumar jafnt sem vetur, hrossaganga var talin hin besta á Héraði, landið skjólsælt og sérlega vorgott, ræktunarskilyrði yfrin." SJM II, 39.

NM-167:001 *Valþjófsstaður* bæjarhóll bústaður

“Portbyggð baðst. byggð rétt fyrir aldamót 17x6 álnir og langhús 14x51/2 alin, geymsluhús 16x6 álnir.” Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 40

NM-167:002 heimild kirkja

“Á Bessastöðum var aðalkirkjan, en um eða fyrir 1200 flutt að Valþjófskirkjustað, þó hún ætti ekki nema hálflendu til 1306.” “Menn vita eigi, hvenær fyrst var reist kirkja á Valþjófsstöðum. Jón Sigurðsson hefir leitt rök að því í Ísl. Fornbréfasafni I, bls. 341, að Bessastaðir hafi framan af verið helzta kirkjan í Fljótsdal, en um eða fyrir 1200 hafi Valþjófsstaðir orðið aðalkirkjan, og þó ekki nema hálfland fyrr en 1306 að kirkjan eignaðist alla jörðina og þar varð staður. Á síðari hluta 11. aldar er talað um kirkjubygging á Valþjófsstað. .

VALÞJÓFSSTAÐIR Í FLJÓTSDAL (NM) -Maríu

1143-1180: Oddr Gizurarson prestur þar;

c. 1190: Markús Gíslason af Rauðasandi gefur Sigmundi Ormssyni kirkjuvið úr Noregi, stóð sú kirkja við ritun Hrafns sögu hinnar sérstöku; Rafnssaga, Bsk I, 645

c. 1200: graftarkirkja; Kirknaskrá Páls, DI XII 4

1201: Jón Sigmundsson leiðir Guðmund Arason til kirkju; Prestssaga Guðmundar, Bsk I, 471.

1306: gior stadr aa Valþiofs stodum er adr uar half lendi ; Gottskálksannáll, IA, 340

1361: Kirkiv bruni a Valþiofstoðvm .ij. nottvm firir Tiburcius messo; Annálsbrot frá Skálholti, IA, 226

1397: aa heimaland allt. mulaland [með ummerkjum] Þorgerdarstade. fiordung i aRnneidarstodum. land vnder kleif fram fra þuRidarstodum wnder iokla med ollum giædum. wtan skog. selland at laugarhusum. fiordung i kelldudal [+skóga og skógarteiga]

skal greidaz eyrir fatækum monnum huern paaskadag.

þar skal reida fatæka menn yfer aa [+hvalreka]

Jon suartr gaf kirkiunni halfann vidreka oc hualreka ...

Þangat liggia tíunder af xj bæium vtan bessastodum oc vídivollum. ero her af sex bænhus. og tuæer kirkiur oc greidaz tuo .c. af annare. en iij merkr af annari. af bænhusum. v. sex aurar af hueriu. en af einu ij merkr.

Þar skulu vera prestar tueir oc diaknar tueir. oc iij marka vmagi.

Suo micit hefir lukst j salugiafer sidan síra jon kon til [virðingarfé, vaðmál, bækur, ornamenti, smíði,kvikfé]

jtem lagdi til síra sigmundr kirkiunnar. iord ä arnhallzstodum fyrir x. c. oc xij. c. j rekum. kluptasandr halfr þar j. [+ mikla reka]

jtem lagdi sira jon olafsson xx c. til vppgerdar kirkiunni.

Jtem gaf olafr jonsson efter fodur sinn [bók og kvikfé]

Þetta hefer til gefiz sidan síra gudmundr þorsteinsson tok med [kvikfé, vara, ornamenti, bók]

porcio ecclesie vm næstu x. aar. xij. c.

jtem vm xviij. aar. ccc. medan síra sturli hiellt stadinn. aadr síra gudmundr kom til.

Suo micit gods aa kirkian nu at auk fornar jnnstædu.

jordina arnnhallzstadi j fliotzdal xvj. hundrvt. haalfa jord hrollaugstadi xij. c. koma her af xx. hundrvt j porcionem medan stadinn hellt [vantar]; Máld DI IV 209-212

[1471]: Máld DI V 632-634

1575: Máld DI XV 681-682

27.2.1880: Ássókn í Fellum lögð undir Valþjófsstað; (PP, 9) [lög]

Heimildir: SJM II, 40; Árbók 1884-5, 24-37

NM-167:003 *Hjallhúsið* heimild fjárhús
HH: “Gripahús heima við bæinn. Af þeim er nú ekki eftir nema eitt fjárhús, Hjallhúsið, gamalt að stofni til, með grjót-torfveggjum, langs að ofan, en járnklæddum stafni og þekjum. Viðbyggð hlaða með járnþaki (“nýhúsastíll”). Húsið hefur verið gert upp þannig. Þar er uppi á lágum hjalla fyrir ofan bæinn.”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22

NM-167:004 heimild fjós
“Þá er næst í röðinni Fjósatunga. Þar var gamalt fjós, þá er komið inn fyrir bæ.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 3

NM-167:005 *Kvíabólsrétt* heimild rétt
“Og fremst á túni hét Kvíaból.” segir í örnefnalýsingu. HH: “Kvíabólsrétt var á Kvíabólinu heima við bæinn á Valþjófsstað, norðan undir eða inn á milli melanna. Þetta var torfrétt, nú horfin.”

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 3; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

NM-167:006 heimild áveita
“... áveita úr Jökulsá á nesið, hin fyrsta á Austurlandi (frá því um 1790) ...” segir í Sveitum og jörðum. “Þar innar Stekkateigi, þar sunnan við koma þær saman Jökulsá og Keldáin, þar er vinkill á ánni. Þá er komið að Úthleypuskurði. Lengi var Jökulsá veitt á nesið, þessi skurður var grafinn út nesið, beygir hér utan við Valþjófsstaðamela og nær út í Klausturnes.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 40; Ö-Valþjófsstaður, 2

NM-167.007 heimild mylla
“... áveita úr Jökulsá á nesið, hin fyrsta á Austurlandi (frá því um 1790), einnig elsta myllan við Melgrófarlæk frá svipuðum tíma.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 40

NM-167:008 *Nýigarður* garðlag áveita
“1890-´00: Hlaðinn áveitugarður á mörkum V og Skriðu. Var samkvæmt úttekt 555 faðma langur, 2 áln. og 13 þuml. á hæð og 2 áln, og 22 þuml á þykkt.” segir í Sveitum og jörðum. “Áður var þarna garður hlaðinn úr snyddu, sem gegndi tvíþættu hlutverki, bæði sem varnar- og landamerkjagarður og sem áveitugarður. Nú er þessi garður falinn á stórum köflum. Hann hefur alltaf verið kallaður Nýigarður.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 40; Ö-Valþjófsstaðir, 1

NM-167:009 *Garðar* bæjarstæði býli
JJ: “1760 voru hér að auki taldar hjáleigur með Valþjófsstað Garðar og Hvammur, og voru Garðar byggður 1804 , en Hvammur talinn með staðnum.” “Í túni á nágrenni V voru 5 hjáleigur: Gunnhildargerði, Miðbær (í eyði 1760), Garðar (til 1811), Hvammur (til 1756) og Staðarsel, sem fór í eyði 1756. Á Görðum og Hvammi voru og eru enn fjárhús, á Gunnhildargerði og Miðbæ núv. VI og prestsetur.” segir í Sveitum og jörðum. HH: “Garðar voru á grundinni, um það bil miðja vega milli Prestsseturs og Végarðs og heitir þar Garðstún og Garðahlaup.” “Síðast voru þar allstór fjárhús úr torfi og grjóti, líklega tvístæð (eða meira), og hlaða á bakvið. Þessi hús voru rifin og sléttuð í kringum 1975, en þar er enn dálítil grjótdreyf og annað graslag en í túninu umhverfis.” 1696: Garðar [Valþjófstaðakirkjueign], 6 hdr, 1 kúg, landsk. 60 al.

Heimildir: JJ 1847, 362; SJM II, 38; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22; Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum, 180

NM-167:010 *Hvammur* bæjarstæði býli
JJ: "1760 voru hér að auki taldar hjáleigur með Valþjófsstað Garðar og Hvammur, og voru Garðar byggður 1804 , en Hvammur talinn með staðnum." "Í túni á nágrenni V voru 5 hjáleigur: Gunnhildargerði, Miðbær (í eyði 1760), Garðar (til 1811), Hvammur (til 1756) og Staðarsel, sem fór í eyði 1756. Á Görðum og Hvammi voru og eru enn fjárhús, á Gunnhildargerði og Miðbæ núv. VI og prestsetur." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Hvammur. Fornt býli og síðar beitarhús frá Valþjófsstað, inni í djúpum hvammi, framan við Valþjófsstaðamela. Búseta var í Hvammi til 1756." "Steypt fjárhús voru byggð þar 1970-75, og muni öll eldri hús þá hafa verið rifin og jöfnuð við jörðu, svo og fornar tættur, ef til voru." 1696: Hvammur [Valþjófstaðakirkjueign], 6 hdr, 1 kúg, landsk. 60 al.

Heimildir: JJ 1847, 362; SJM II, 38; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22; ÓO: Ferðabók, 140; Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum, 180

NM-167:011 kuml legstaður
KE: "Séra Vigfús Ormsson hefur í fornleifaskýrslu sinni 1821 skráð eftirfarandi lýsingu á kumli, sem hann fann á Valþjófsstöðum: Þegar ég eitt sinn fyrir hér um 20 árum var að ganga um mela nokkra, er liggja sunnan og suðaustan við túnið á Valþjófsstað - hvörjir melar árlega blása upp undir túnið - sá ég fram úr moldbakkarofi standa lærlegg af manni, hvörsvegna ég fór í þeim sama stað að forvitnast um, hvört meira væri að finna; fann ég þar þá beinagrind af manneskju, er, eftir því sem beinin lágu, var að sjá hefði lagzt eður lögð verið þar hálfkreppt fyrir. Milli bols og höfuðs var mikið af stórum og smáum tölum, þær stærstu voru á stærð við fremstu kjúku vísifingurs á meðalmanni, þó nokkuð styttri, svartar að lit með hvítum og rauðum krossum, en hinar minni á stærð við krækjuber, einlitar eins og silfraðar væru; neðanvert við tölurnar, eða hvar brjóst manneskjunnar virðist verið hafa, lá nisti eða lítill ferhyrndur ferhyrndur koparskjöldur, hvör eð hér með fylgir til sýnis, en tölurnar eru allar týndar, svo ekkert af þeim getur senzt. Í mittisstað beinagrindarinnar voru 2 kopar-kvenskildir, er litu út fyrir að hafa verið á belti til að krækja að sér, þar eð á öðrum var krókur, en undir hinum sást vottur til vefnaðartjös með vaðmálsvígindum. Skildir þessir eiga hér með að fylgja til sýnis. Þessi skýrsla prestsins má heita skilmerkileg, t.d. um staðsetningu haugfjárins. Líkið hefur áreiðanlega legið kreppt á hliðinni eins og mörg önnur. Koparkvenskildirnir eru kúptar nælur, önnur af gerðinni Rygh 652 og 654, afbr. Smykker 51k, með 7 ásteyptum hornum, hin af gerðinni Rygh 652 og 654, alveg eins og Smykker 51b. Það sem séra Vigfús kallar ...ferhyrndan koparskjöld ...er í rauninni kringlótt næla, en hið upphleypta verk, sem á henni er, gengur á fjórum stöðum út fyrir kringlubrúnina, og veldur það orðalagi prests."

Heimildir: KE 1956, 176

NM-167:012 *Gunnhildargerði* bæjarstæði býli
"Í túni á nágrenni V voru 5 hjáleigur: Gunnhildargerði, Miðbær (í eyði 1760), Garðar (til 1811), Hvammur (til 1756) og Staðarsel, sem fór í eyði 1756. Á Görðum og Hvammi voru og eru enn fjárhús, á Gunnhildargerði og Miðbæ núv. VI og prestsetur." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Gunnhildargerði var um 20-30 m utar (og ofar) en félagsheimilið Végarður er nú, og sést þar dálítil þúst til minja um þetta forna býli."

Heimildir: SJM II, 38; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22; Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum, 180

NM-167:013 *Miðbær* bæjarstæði býli
"Í túni á nágrenni V voru 5 hjáleigur: Gunnhildargerði, Miðbær (í eyði 1760), Garðar (til

1811), Hvammur (til 1756) og Staðarsel, sem fór í eyði 1756. Á Görðum og Hvammi voru og eru enn fjárhús, á Gunnhildargerði og Miðbæ núv. VI og prestsetur." segir í Sveitum og jörðum. HH "Miðbær, sem var stutt fyrir ofan núverandi Presthús (Valþjófsstað I)." ATH rangt, Miðbær í eyði frá 1700. HH: "Þar voru fjárhús úr torfi og grjóti fram um 1960-70, þegar ný steypt fjárhús voru byggð þar fyrir prestssetrið. Tvær þústir eru á sléttu túninu, innan og ofan við hús prestsins, viðtað um Miðbæ í dag. Neðri þúfan er vikurhaugur, sem rakað var saman á túninu eftir Öskjugosið 1875, en sú efri er leifar af einhverju gripahúsi."

Heimildir: SJM II, 38; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22; ÓO: Ferðabók, 140; Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum, 179

NM-167:014 *Staðarsel* bæjarstæði býli

"Í túni á nágrenni V voru 5 hjáleigur: Gunnhildargerði, Miðbær (í eyði 1760), Garðar (til 1811), Hvammur (til 1756) og Staðarsel, sem fór í eyði 1756. Á Görðum og Hvammi voru og eru enn fjárhús, á Gunnhildargerði og Miðbæ núv. VI og prestsetur. Eigi er kunnugt hvar Staðarsel var, ef til vill uppi í heiði eða Hrafnkelsdal." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 38

NM-167:015 *Teigshús* tóftir beitarhús

HH: "Teigshús nefndust gömul beitarhús frá Valþjófsstað, inni í svonefndum Valþjófsstaðteig, um 2 km utan við bæinn Hól. Tættur þessar eru skýrar, á grund skammt fyrir ofan veginn." "Þar hafa verið tvístæð fjárhús, með millivegg, og líklega hlaða eða heystæði að baki. (Fyrirhugað er að stöðvarhús Fljótsdalsvirkjunar verði inni í fjallinu á þessum slóðum."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22

NM-167:016 *Gamlistekkur* tóftir stekkur

HH: "Skammt fyrir utan Teigashúsin var stekkur frá Valþjófsstað, Gamlistekkur, og heitir Stekkeyri þar fyrir neðan. Þar munu vera töluverðar tættur að sögn Sverris Þorsteinssonar ..." Sverrir þessi telur að þarna hafi verið Staðarsel, en enginn veit hvar það var.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22

NM-167:017 *Selhjalli* örnefni sel

HH: "Selhjalli heitir hátt uppi í fjallinu ofan við Valþjófsstað, og eru þar líklega seltættur, en tæplega hefur verið búið þar."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22

NM-167:018 heimild rétt

HH: "Skilarétt á Stekkjartanga: "Er allt það fé, sem kemur úr Rana, af Vesturöræfum og undan Snæfellinu, réttað undir svokölluðum Stekkjartanga við Jökulsána, á nesinu fyrir austan Valþjófsstað" (Stefán Árnason: Sóknarlýsing 1849). Enginn kannast nú við þessa rétt "Undir Stekkjartanga", en tanginn er beint niður af Valþjófsstað, um það bil sem Jökulsá mætir Keldá. Líklega hafa árnar brotið upp þann hluta tangans, sem réttin var á."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

NM-167:019 *Stekkjartangi* örnefni stekkur

HH: "Skilarétt á Stekkjartanga: "Er allt það fé, sem kemur úr Rana, af Vesturöræfum og undan Snæfellinu, réttað undir svokölluðum Stekkjartanga við Jökulsána, á nesinu fyrir austan Valþjófsstað" (Stefán Árnason: Sóknarlýsing 1849). Enginn kannast nú við þessa rétt "Undir Stekkjartanga", en tanginn er beint niður af Valþjófsstað, um það bil sem Jökulsá mætir Keldá. Líklega hafa árnar brotið upp þann hluta tangans, sem réttin var á."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

NM-167:020 tóftir rétt

HH: “Rétt við Végarð: Stutt fyrir utan girðinguna, utanvið félagsheimilið Végarð, mótar fyrir torfgörðum, er mynda nokkur hólf, líkt og í rétt, einnig garðstúfar sem stefna þvert á fjallið. Þessar minjar eru skammt fyrir utan og ofan eyðibýlið Gunnhildargerði.” Sverrir í Klúku telur það þarna hafi verið skilarétt, áður en Melaréttin við Bessastaðaána kom til.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

NM-167:021 tóft + garðlag

HH: Rétt á Vatnsleysu, þ.e. efst á Melunum innan og ofan við bæinn, hlaðin úr grjóti, og Nátthagagarður við hana, en enn í notkun, fyrir bæinn.”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

NM-167:022 *Sigmundartótt* heimild

“Sigmundartótt hét norðan við gamla bæinn.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 8

NM-167:023 heimild kirkjugarður

HH: “Gamli kirkjugarðurinn er í hlaðinu, andspænis timburhúsinu, og var hann sléttaður um 1920-30 og gróðursett tré í hann. Legsteinar og krossar voru flestir fluttir niður í nýja garðinn, einn kross er enn í þeim gamla.” Ekki ljóst hvort kirkjan hefur áður verið í þessum kirkjugarði en ef hún hefur ekki verið það þarf að skrá hann sér annar má þessi fornleif detta út við aðalskráningu.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

NM-167:024 *Þjófaleiði* þjóðsaga legstaður

HH: “Þjófaleiði tvö voru fram og niðri á túninu, en hafa verið sléttuð.”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

NM-167:025 gata leið

“Innan við Hrísnesið lá niður Götudals, þar var gata niður á nesið [Valþjófsstaðanes].” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 1-2

NM-167:026 garðlag

“Sunnan Nýjagarðs myndast lón, sem heitir Nýjalón, það er ofan þessa og nær niður í Hrísnesið. Þar innar er Gamlalón, þar var byggður garður löngu á undan Nýjagarði ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 2

NM-167:027 *Kolabotnar* örnefni kolagröf

“Ofan við Torfhjalla er Torfhjallarákir og þar ofar er Sehjalli. Ofan hans er Selhjallarák. Ofan hans tekur við svæði, sem nefnt er Miðfjall. Í því heita Kolabotnar þeir eru yst í fjallinu og Garðaskriða er upp af Görðum.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 4

NM-167:028 heimild ferja

“Þar sem straumferjan var á Jökulsá heitir Ferjueyri. Milli Nýjagarðs og Stekkatanga heitir Ferjubakki, hvorutveggja nýnefni frá 1917.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 6

NM-167:029 *Drangsvað* heimild vað
"Klettastapi í Jökulsá, nokkuð innan við tún, var kallaður Drangur, og þar var Drangsvað." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 7

NM-167:030 *Teigshúsvað* heimild vað
"Vöð á Jökulsá í Valþjófsstaðalandi: Innst er Teighúsvað, þá er næst Hundsbrot." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 7

NM-167:031 *Hundsbrot* heimild vað
"Vöð á Jökulsá í Valþjófsstaðalandi: Innst er Teighúsvað, þá er næst Hundsbrot." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 7

NM-167:032 *Melgrófarvað* heimild vað
"Utan við Háamel er Melgrófarvað ..." segir í örnefnalýsingu. Allt vöð á Jökulsá
Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 7

NM-167:033 *Fremra-Skógarvað* heimild vað
"... þá er Fremra-Skógarvað og Ytra-Skógarvað, líka nefnt Kirkjubrot. Það er í stefnu frá kirkjunni." segir í örnefnalýsingu. Allt vöð á Jökulsá
Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 7

NM-167:034 *Ytra-Skógarvað* heimild vað
"... þá er Fremra-Skógarvað og Ytra-Skógarvað, líka nefnt Kirkjubrot. Það er í stefnu frá kirkjunni." segir í örnefnalýsingu. Allt vöð á Jökulsá.
Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 7

NM-167:035 *Langhúsastrengur* heimild vað
"Milli Melgrófarvaðs og Drangavaðs er slæmt vað, kallað Langhúsastrengur. Talað var um að fara yfir Á Strengnum." segir í örnefnalýsingu. HG: "Langhúsastrengur hét vað sem stundum var farið á bílum eftir að þeir komu. Þá var farið á milli Langhúseyrar og Hvammseyrir neðan við Hvammshúsin, beitarhús frá Valþjófsstað." Allt vöð á Jökulsá
Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 7; Helgi Gíslason "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti", 9

NM-167:036 *Pálsvörður* varða
"Á brún Klausturhæðar, beint upp af Végarði eru tvær vörður, kallaðar Pálsvörður, nýnefni frá því um 1940, kenndar við Pál Kjerúlf frá Hrafnkelsstöðum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 7

NM-167:037 heimild
Daniel Bruun getur þess að fáeinar litlar tættur hafi verið snertispöl SA frá kirkjunni.
Heimildir: DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 165

NM-167:038 *Kirkjuvað* heimild vað
HG: "Kirkjuvað kallast vað á ánni beint niður af Valþjófsstaðakirkju."
Heimildir: Helgi Gíslason. "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti", 9

NM-167:039 heimild sel
"selland [á kirkjarn] at laugarhusum. fiordung i kelldudal [+skóga og skógarteiga]"
Heimildir: DI IV 209-212

NM-167b Suðurfell (Villingadalur)

Fyrrum eign Valþjófsstaðakirkju en nú hreppsins. Þetta svæði afmarkast af Kelduá að vestan en sýslumörkum að vestan. Innr-Þverá sem rennur í Strútsá innan við Strútsfossinn er á merkjum milli afréttar og Sturluflatar. "Land þetta er leysivíðáttumikið. Norðan úr sporðinum milli Kelduár og Fellsár og suður undir Geldingafell við jökulrönd eru um 30 km og vestan af Hraksíðu austur á Sauðahnjúk um 20 km." SJM II, 60 "Norðan- og norðvestan til er þetta landi víðast gróið, dalirnir báðum megin Kiðafells kostalönd, en siðausturhlutinn, sem eyðimörk yfir að líta, svo að varla sést stingandi strá. Það eru Hraunin." SJM II, 60.

NM-167b:001 *Fellshús* heimild beitarhús
HH: "Fellshúsin eru beitarhús frá Flöt, og standa rétt fyrir innan Fellsána, andspænis bænum. Þar telja sumir að hafi verið bær í fornöld, er hét Fell. Þar nálægt var að sumra áliti forn þingstaður, Kiðjafellsþing, sem nefnt er í Fljótsdælu, en líklega hafa minjar þess eyðst af skriðum. Á Fellshúsum eru nú tvístæð fjárhús, með hlöðu að baki. Veggir grjóthlaðnir, nem þil að framan, og sameiginlegt járnþak."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 12

NM-167b:002 *Kiðjafellsþing* heimild þingstaður
HH: "Fellshúsin eru beitarhús frá Flöt, og standa rétt fyrir innan Fellsána, andspænis bænum. Þar telja sumir að hafi verið bær í fornöld, er hét Fell. Þar nálægt var að sumra áliti forn þingstaður, Kiðjafellsþing, sem nefnt er í Fljótsdælu, en líklega hafa minjar þess eyðst af skriðum." HH: "Það er fleira að skoða og skilgreina á Sturlufleti ... Einhverjar eldgamlar og óljósar sagnir eru um, að þarna rétt sunnan við Fellsána, hafi eitt sinn verið fjórðungsþing Austfirðinga svo nefnt "Kiðufellsþing", sem nefnt er svo í Fljótsdælu. Svo virðist sem Fellið (Suðurfell) hafi fyrrum heitir Kiðafell eða Kiðufell, og kemur það fram í heimildum m.a. hjá Sigfúsi Sigfússyni og Sigurði Gunnarssyni á Hallormsstað. Báðir geta þeir um tættur og aðrar minjar um þinghaldið þarna."

"Sigursteinn segir að þessar minjar séu nú alveg horfnar, m.a. vegna skriðufalla og uppblásturs." SS: "Fjórðungsþing var háð undir Kiðafelli. Það er fremst í Suðurdalnum. Sóttu þangað Austfirðingar allir. Þar sjást tóftarrústir miklar. Og þar er sagt að barist hafi verið. Enda hafa þar nærri fundist dysjar og blásið upp mannabein og hesta." KJ telur þarna hafa verið fjórðungsþing og hafi þingið að Þingmúla verið lagt niður og flutt að K. ÓL: "Hafi Kiðafellsþing verið háð, eins og hefir verið talið, innst í suðurdal Fljótsdal, þá er það rétt, að sá þingstaður virðist vera heppilegastur til fjórðungþingsins af öllum þingstöðum í Fljótsdalshéraði. Skaptfellingar og Álftfirðingar hafa átt tiltölulega stutta fjallvegi þangað að sækja. En hinsvegar er mikil óvissa um þetta þing ... Fljótsdæla ein getur um þennan þingstað, og aðeins á tveim stöðum. ... Það mun vera Sigurður prófastur Gunnarsson á Hallormsstað, er fyrstur gat þess til, að þingstaður þessi hefði verið í suðurdal Fljótsdals. Örnefnið Kiðafell þekkist þar þó ekki, en innarlega í dalnum er fjallsmúli, er nefndur er Fell. Telur Sigurður Gunnarsson, að Fellið muni áður hafa heitir Kiðjafell. Norðvestan undir Fellinu eru rústir ... Hinsvegar bendir örnefnið Þingmannaklif, til þess, að einhver þingmannavegur hafi legið þarna um dalinn, og sama er að segja um fleiri örnefni þar í nánd."

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 12. HH: "Af náttúru og minjum á

Austurlandi VI”; ÞSS VI, 9; KJ Árbók 1924, 36; ÓL Árbók 1925-1926, 10-12

NM-167b:003 *Kiðjafell* bæjarstæði býli
ÓO”Fell, fyrrum allmikið stórbýli.” HS: “Fell (Kiðjafell). Þingstaður forn og býli fram um 1700.” Gæti verið sama og 001.
Heimildir: ÓO: Ferðabók, 141; Halldór Stefánsson: “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 180

NM-167b:004 mannabein legstaður
SS: “Fjórðungsþing var háð undir Kiðafelli. Það er fremst í Suðurdalnum. Sóttu þangað Austfirðingar allir. Þar sjást tóftarrústir miklar. Og þar er sagt að barist hafi verið. Enda hafa þar nærri fundist dysjar og blásið upp mannabein og hesta.”
Heimildir: ÞSS VI 1986, 9

NM-167b:005 *Prestasel* tóftir sel
HH: “Innan við Fellshúsin eru seltættur á s.m.k. tveimur stöðum. Nefnist það ytra Prestasel og er sagt vera skammt fyrir innan húsin, en það innra kallast Broddasel. Einhverjar tættur sjást á báðum stöðum ...” “Þetta svæði tilheyrði Valþjófsstaðakirkju langt fram eftir öldum, og var haft þar í seli frá Valþjófsstað, eins og nafnið Prestasel bendir til.” Merkt inn á kort DB.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 12; DB: “Við norðurbrún Vatnajökuls”, 171

NM-167b:006 *Broddasel* tóftir sel
HH: “Innan við Fellshúsin eru seltættur á s.m.k. tveimur stöðum. Nefnist það ytra Prestasel og er sagt vera skammt fyrir innan húsin, en það innra kallast Broddasel. Einhverjar tættur sjást á báðum stöðum ...” “Þetta svæði tilheyrði Valþjófsstaðakirkju langt fram eftir öldum, og var haft þar í seli frá Valþjófsstað, eins og nafnið Prestasel bendir til.” Merkt inn á kort DB.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 12; DB: “Við norðurbrún Vatnajökuls”, 171

NM-167b:007 *Álfakirkja* örnefni huldufólksbústaður
HH: Álfakirkja í Strútsdal.
Heimildir: HH: “Af náttúru og minjum á Austurlandi VI”

NM-167c Valþjófsstaður (Múlinn)

Múlinn nefndur í máldaga frá 1397. DI IV, 109-212. Múlinn er svæðið milli Jökulsár og Kelduár og tilheyrði það Valþjófsstðakirkju en er nú afréttarland jarðanna sem eru á milli ánna (Þorgerðarstaðir, Arnaldsstaðir, Múli og Glúmsstaðir. Mörk við heimalönd eru Ytri-Snikilsá að vestan en Tunguá að austan. Frá Tunguá ræður Kelduá þar til Fremri- (Innri-) Sauðá rennur í hana og svo með henni að Sauðárvatni svo um Víðidalsvörp og sýslumörk um Geldingafell í Vatnajökul

NM-167c:001 *Ragnaborg* þjóðsaga
“Milli Innri- og Ytri Heiðarár “er allhá og áberandi borg, sem heitir Ragnaborg, þangað á einhver að hafa farið til að blóta goðin.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Múlinn, 1

NM-167c:002 *Tungufellskofi* heimild sæluhús
“Skammt ofan ármótanna (Tunguár og Kelduár) er foss í Kelduá, en Tungufellskofi (aflagður) er utan við ána.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Múlinn, 2

NM-167c:003 *Sjónarhólskofi* heimild
“... í sunnanverðum Heiðarbug er Sjónarhólskofi (aflagður) á Sjónarhól. Skammt þar sunnar kemur kvísl í Kelduá, er heitir Folakvísl. Hún rennur alveg við kofann og kemur úr stöðuvatni þarna á söndunum, Folavatni.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Múlinn, 2

NM-167c:004 *Bergkvíslarkofi* heimild sæluhús
“Vestan við Múlahraun heita Eyjabakkar, og sunnan þeirra er Bergkvíslarkofi við Bergkvíslar, sem hér falla vestur í Jökulsá.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Múlinn, 2

NM-167c:005 *Þingvöllur* örnefni
“Í tunguoddinum milli Innri-Sauðár og Kelduár “heitir Þingvöllur, dregur nafn af því, að þar er skipt í leitir.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Múlinn, 2

NM-167c:006 *Dýjasel* bæjarstæði býli/sel
“Í Ytra-Dýjafelli (Milli Ytri- og Innri-Snikilsár) er talið, að hafi verið eyðibýli, sem hét Dýjasel eða Dýjakot.” segir í örnefnalýsingu. “Afbýli, Dýjasel, er við Dýjafell inni á Dal, þar var búið á f. hl. 19 aldar, það gæti verið sama og Bjargsendasel [NM-169b:009], sem er við Dýjafell.” segir í Sveitum og jörðum. “Þjóðsaga segir, að síðasti ábúandi hafi heitið Þórður, og samkvæmt sögunni var hann myrtur í kaupstaðarferð 1701” Sagan er í Syndir feðranna, Reykjavík 1970.
Heimildir: Ö-Múlinn, 4; SJM II, 49

NM-167c:007 *Hrakstrandarkofi* heimild sæluhús
“Svæðið suðvestan við Innri-Heiðará meðfram Jökulsá heitir Hrakströnd (Hraksíða á Hkorti). Þar var áður kofi, nefndur Hrakstrandarkofi, aflagður.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Múlinn, 5

NM-167c:008 *Tvívarða* varða samgöngubót
“Á Víðidalsvörpum er varða, sem heitir Tvívarða eða Klofnavarða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Múlinn, 6

NM-167d Valþjófsstaður (undir Fellum)

Afréttarsvæði austan við Vesturöræfi og vestan við Jökulsá í Fljótsdal og eru mörk við heimalönd um Stóralæk. Svæðið tilheyrði Valþjófsstaðakirkju

NM-167d:001 *Þrælaháls* örnefni
“Beint norður af Axarárvötnum er Þrælaháls. Sunnan við hann er Bræðraalda.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-undir Fellum, 2

NM-167d:002 *Laugakofi* heimild sæluhús
“Laugafell ... er inn og upp af Laugakofa, sem er leitarmannakofi innan við ána. Þar er einnig heit laug, nefnd Lind, hún er 40-50 gr. heit.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-undir Fellum, 2

NM-167d:003 *Hálskofi* heimild sæluhús
“Nokkuð framan við [Sæfells]nesið er leitarmannakofi, sem heitir Hálskofi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-undir Fellum, 3

NM-167d:004 *Þjófadalur* örnefni
“Snæfellsháls endar við svonefndan Þjófadal. Mýrlendið þar niður af heitir Þjófagilsflói og um hann rennur Þjófagilsá. Þar upp af er svo Þjófadalurinn. Áin kemur upp í Snæfelli og rennur í bugðu mikilli. Þjófahnúkar heita hnúkarnir innan við Þjófagilsá. Þjófadalurinn, þar sem göngumenn fara vestur á sandinn, er mesta þrengslaskora. Þetta eru fjórir hnúkar í tvísettri röð.” - SV í Snæfelli er gjá eða hvilft kölluð Þjófabæli.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Undir Fellum, 4, 5

NM-167e Valþjófsstaður (Vesturöræfi)

Vesturöræfi tilheyrðu Valþjófsstaðakirkju. Þau eru vestan við Snæfell-Sauðafell-Þrælaháls og austan við Jökulsá á Brú. Þau ná norður að suðurmerkjum Aðalbóls sem eru lína úr Jökulsá réttsýnis í austur í ármót Glúmsstaðaselsár og Þuríðarstaðadaslár og áfram í sömu stefnu í Hölkná. Þá upp með Hölkná að Aðalbólsvegi en fyrir norðan hann er Rani 1552. Er vitnisburðarbréf Magnúsar Þorvaldssonar um landareigs staðarins [Valþjófsstaðar ?], bréfið nefnt Hrafnkelsdalsbréf. “ ... ec var j Fliotzdal þriatigi ara. heyrdi ec alldri tvimeli a leika at þat veri ecki stadar eign allt land millvm Jokvlsar ok Snefellz fram vnder jokvl og j vtanverdan Hrafnkelsdallendan en ytra ok j þessv fyrrgreindv landi fra stadnum fvglar veidder ik fiskar ok aller peningar j hafder ok alldi akert af neinum manni til ik alldri mvtvr til teknar.” DI XII, 376. Ekki víst að þetta eigi heima hér.

“Vesturöræfi frá norðurmörkum austur á Þuríðarstaðadalsbrúnir og Hnúka (Grjótárhnúk, Langahnúk og Sauðahnúk) og suður undir Háöldur, má heita að sé algróið land. Mjög gott beitiland sauðkindum og hreindýrum og þó sérstaklega hálsinn, þar sem hreindýrskýrnar bera. En landið sunnan og austan þessa hrings er aftur hrjóstrugra, nema í Nýjahrauni, þar eru komnir töluverðir grasgeirar, þar sem dökkgræn sandtaðan og jökulpuntuinn eru að gera það land að nytjalandi.” Ö-Vesturöræfi, 5

NM-167e:001 *Dysjará* örnefni
Dysjará rennur um Dysjarárdal í Jökulsá á Brú, segir í örnefnalýsingu. Á Hkorti er þetta örn haft Desjará.
Heimildir: Ö-Vesturöræfi, 1

NM-167e:002 *Sauðakofi* heimild sæluhús
“Rétt við syðri enda Kofaöldu er Sauðakofi og stendur við Sauðá.” segir í örnefnalýsingu. Sennilega þessi kofi sem Daníel Bruun og ferðafélagar gista í á leið sinni að jöklinum 1901 og eru þeir þá fyrstu næturgestir í sæluhúsinu. Kofinn var með torfþaki og hvíldi á stórum hellum lögðum á sperrur. Hreindýrshorn stundum notuð í stað rafta.

Heimildir: Ö-Vesturöræfi, 2; DB: “Við norðurbrún Vatnajökuls”, 184-185

NM-167e:003 *Glúmsstaðasel* tóftir sel

“Vestan megin Glúmsstaðadalsár, rétt vestan við Tungusporðinn, er Glúmsstaðasel. Þar var fyrr meir haft í seli frá Glúmsstöðum í Fljótsdal.” segir í örnefnalýsingu. SR: Glúmsstaðsel er nær beint austur og niður af Búrfelli þar sem það er hæst “Annað Glúmsstaðasel er í Glúmsstaðadal inn úr Hrafnkelsdal, og er talið, að jörðin hafi átt selför þar, en ókunnugt er um heimildir fyrir því.” Á Glúmsstaðaseli eru volgrur eins og á Laugarhúsum - suður undan einni syðstu tóftinni virðist seytla vatn úr tveimur lindum. Austur og norður frá grasbalanum er lækjargrafningur, mikið til gróinn að norðan, en talsvert rof er í honum að austan. Í grafningnum er lækur og volg uppspretta.

Friðlýstar minjar. “Tætturnar frá þessum seljum sjást greinilega enn.” Memorial frá Pétri Þorsteinssyni sýslumanni og Hjörleifi Þórðarsyni 1778: “... da en Iord I ... Fliótzdal Sysselmanden Peter Thorstenssen tilhórende Kaldes Glumstader, saa Kaldes og saa en liden afdal, ..., Glumstade Dal, og deri værende Sætterboel Glumstade Sæl, som efter Situationen samt navnetz anvisning, sluttes at Have været I gamle tiider paa samme maade et Pertinent til bemeldte Iord Glumstader, ...” pr. í SB Byggðaleifar, 22. Byggð hafði verið reynd í Glúmsstaðaseli nokkru áður því að þegar byggt var á Aðalbóli 1775 lét presturinn á Valþjófsstað flytja viði þangað m.a. frá Glúmsstaðseli og voru viðir þaðan einnig notaðir til uppbyggingar Vaðbrekkubæjarins 1770x73. Páll segir sjálfur 1781: “... ég hefi gjört stóran kostnað upp ´Hrafnkelsdal og látið þar byggja þrjá bæi (af hvörjum einn er þó aftur lagður í eyði vegna harðinda plássins) ...” og mun þar átt við Glúmsstaðsel. - SR Byggðaleifar, 19-20. SR telur mögulegt að fleira geti hafa komið til því Pétur Þorsteinsson sýslumaður gerði einnig tilkall til að eiga Glúmsstaðasel þar sem hann var eigandi Glúmsstaða í Fljótsdal. Mun hann ekki hafa haft aðrar heimildir fyrir því en örnefnið og virðist ekki hafa orðið neitt ágengt með þessa landakröfu. Sigurður Gunnarsson skrifar 1872 að neðst í Glúmsstaðadal sé fornbýli er Sámsstaðir heiti “Þar sýnit hafa verið stórhýst. Sér enn menjar 12 húsatópta.” StSÍ II; 455. Kaalund tekur undir þetta er hann sá yfir í Glúmsstaðadal 1873 tóftir af Glúmsstaðaseli á lítill grasflöt út að ánni “her boede ifölge tradition Sam fordum.” Aðrir nefna ýmist Glúmsstaðsel eða Sámsstaði og virðist síðara nafnið tilbúningur frá 19. öld - SR Byggðaleifar, 66. Bruun virðist einn hafa rannsakað minjarnar og gerði hann af þeim uppdrátt er hann var á ferð 1901. Hann telur að tóftaþyrpingin með flest hólfin hafi verið mannabústaður og felst SR á það en uppdráttur hans er í aðalatriðum líkur Bruuns. SR telur að hinar tóftirnar, sem eru 7 talsins, séu líklega útihús. Margar af tóftunum eru skýrar og greinilegar. Í rofabarði sem tóftaþyrpingin sem talin er vera mannabústaður stendur út á sást Ö-1362 í hnausum en undir hleðslunni var H-1158 jafnfallið og óhreyft en undir því voru jarðlög hreyfð af mannavöldum. Yfir tóftinni sem er næst fyrir norðan (nr. 7 hjá Bruun) reyndist “a” lagið vera ofan á hleðslunum og rústin því frá 15. öld eða fyrr. SR Byggðaleifar, 66-68

Heimildir: Ö-Vesturöræfi, 2; SR Byggðaleifar, 19-20, 22; 66-68; SJM II, 51; StSÍ II; 455

NM-167e:004 *Þuríðarstaðasel* tóftir sel

“Austan við ármótin er Þuríðarstaðsel og var nytjað frá Þuríðarstöðum í Fljótsdal.” segir í örnefnalýsingu. SR: Syðst í Hrafnkelsdal undir mynni Þuríðarstaðadals austan Þuríðarstaðadalsár gegnt Tungusporði þar sem Þuríðarstaðardalsá og Glúmsstaðadalsá koma saman og mynda Hrafnkelu. Seltóftirnar eru nær beint vestur og niður af Kálfafelli fremra þar sem það er hæst.

“Tætturnar frá þessum seljum sjást greinilega enn.” Memorial frá Pétri Þorsteinssyni sýslumanni og Hjörleifi Þórðarsyni 1778: “Og da en af bemeldte Waltiófstaders Kirke Iorder I Fliotzdalen Kaldes Turijdarstader, Saa Kaldes og saa et Forladt Sætterboel Turijderstadesæl og

Platzen hvor den staaer som er en liden a parte afhængig Dal Fra Rafnkeldsdalen, Turijderstadedal;" pr í SR Byggðaleifar, 22. Selsins og rústanna er víða getið í ritum á 19. öld og telja sumir að þar hafi verið eyðibýli - SR Byggðaleifar, 66. SR sýnir á uppdrætti sýnum 11 tóftir og tóftaþyrpingar stórar og smáar á mjóu svæði milli tveggja gróinna lækjardraga eða farvegsgrafninga sem liggja uþb frá N til S. Norðan og neðan við tóftirnar er bogadreginn túngarður mjög sokkinn í jörðu milli lækjardraganna. Í hann var grafin hola og reyndist hleðslan vera undir H-1158 gjóskunni óhreyfðri. Næst garðinum eru tvær tóftaþyrpingar og telur SR að sú eystri sé af kvíum en hin vestari af mannabústað. Hola var grafin í þær síðarnefndu og reyndist Ö-1362 vera þar í hnausum. "Annars gætu byggðaleifar þessar verið frá ýmsum tímum og líklega eru þær margar frá miðöldum. Syðsta tóftin er mjög niðurgrafin og skýr og virðist vera fjárhústóft með hlöðutóft við gaflinn." SR Byggðaleifar, 66

Heimildir: Ö-Vesturöræfi, 2; SR Byggðaleifar, 66

NM-167e:005 *Herjólfshaugur* þjóðsaga

"Við Herjólfsdrag [lækur sem fellur í Sauðá] er einstakur melkollur, sem heitir Herjólfshaugur (dys)." á Hkorti er þetta merkt sem Herjólfshólar. segir í örnefnalýsingu. "Herjólfshaugur er steinahvirfing efst á þurri jökulöldu og sést víða að á öræfunum. Steinarnir eru misjafnir að gerð og lögun og gætu verið fluttir á þennan stað af mönnum. Væri þetta þá leifar mannvirkis, vörðu eða þess háttar." SR Byggðaleifar, 72 Sigurður Gunnarsson getur haugsins 1872: "... þar sem mælt er að Herjólfur úr Fljótsdal, bróðir Herjólfs, er nam Herjólfsvík, hafi fallið fyrir Eiríki á Eiríksstöðum á Jökuldal. Heitir þar enn Herjólfshaugur." StSÍ II, 456 - einnig FF "Herjolfs-haugur; haug þenna er ad finna eina dagleid fyrir vestan Flotsdal, á sokölludum vestur öræfum: seigja menn hann orptinn yfir Herjolf nokkurn er búid hafdi a Eigilsstodum I Fliotsdal, og drepinn hafi verid af Hakoni landnamsmanni er bjó a Hakonarstodum a Jökulsdal, hvaded orsakast hafi, er nu kallast Herjolfs Haugur hefi eg komid en eí getad sed þara nokkur audsjaanleg mannaverk, og ekki kom mer hann ödruvísi fyrir Sjónir er grasholl med nokkrum storum steinum I kollinum.". Í sóknarlýsingu frá 1874 segir: "Á Vesturöræfum skammt fyrir norðan Grjótárhnjúkinn er nefndur Herjólfshaugur, þar er Herjólfur féll, en menn hans flýðu austur um heiði, en náðust og voru drepnir hjá Þrælahálsi..." SSM; Skv Sigfúsi Sigfússyni reis deila um Vesturöræfi milli Jökuldælinga og Herjólfs og hafi þeir orðið ásáttir um að semja um málið þar sem heitir Tunga á öræfunum. Jökuldælingar komu fleiri til fundarins og felldur þræla Herjólfs á Þrælahálsi en Herjólf sjálfan og menn hans á Tungunni. "Er hann þar heygður með mönnum sínum austur í Tungunni við dragið. Heitir þar síðan Herjúlfshaugur og Herjúlfsdrag, og er það skammt vestur frá dys Einars Þorbjarnarsonar, er Hrafnkell vá."

Heimildir: Ö-Vesturöræfi, 4; SR Byggðaleifar, 71-72, FF I, 35

NM-167e:006 *Einarsvarða* varða

"Norður af suðurmörkum Þuríðarstaðadals er Einarsvarða og Einarsdys. Þar á að vera heygður Einar smali frá Aðalbóli, sá er Hrafnkell drap." segir í örnefnalýsingu. Skv. Hrafnkels sögu var Grjótteigssel nálægt Grjótárgili og var Einar smalamaður dysjaður á hjalla vestur frá selinu og varða reist þar hjá dysinni og var þaðan haldinn miður aftan frá selinu. Enn er bent á Einarsvörðu vestur af Þuríðarstaðadalsá skammt frá ármótum hennar og Grjót´ og Grjótteigsár. 'Varðan' er frostsprungið stórgrýtishrúgald og fuglaþúfa efst og ber þetta mjög hátt á mjög stóru væði í kring. Sigurður Gunnarsson segir 1872 að engar selsmenjar séu þarna sjáanlegar og kunni þar að vera uppblæstri um að kenna. Kaalund kom á þennan stað 1873 og minnist á 'tomter af Grjótteigssel' en lýsir þeim ekki og telur SR mögulegt að hann hafi farið eftir frásögn annarra. Í sóknarlýsingu frá 1874 segir: "Við Grjóta, sem áður er nefnd sjást tóftabrot, sem kallað er Grjótársel. Þar átti Hrafnkell Freysgoði að hafa haft selför ..." SSM; Bruun segir hinsvegar og hefur eftir Elíasi á Aðalbóli að engar leifar séu af selinu og

er það staðfest af SR sem þaulleitaði svæðið bæði úr lofti og á landi. - SR Byggðaleifar, 68-71

Heimildir: Ö-Vesturöræfi, 4; SR Byggðaleifar, 68-71

NM-167e:007 *Grjótteigssel* heimild sel

"Síðan var fært sel fram í Hrafnkelsdal, þar sem heitir á Grjótteigsseli." HS: "Í Hrafnkelssögu eru nefndir aðeins fjórir bæir í Hrafnkelsdal, en þess getið að þar hafi verið fjórtán bæir. ... Nöfn bæjanna eru: Aðalból, Hóll, Laugarhús og Leikskálar, en seljanna, Grjótteigs og Reykjarsels. Reykjarsel er við Jökulsá gegnt Vaðbrekku vestan Vaðbrekkuháls, en Grjótteigssel langt suðaustur frá dalnum við Grjótteigsá þverá sem fellur í Þuríðarstaðadalsá, aðra höfuðána, sem myndar Hrafnkelu."

Skv. Hrafnkels sögu var Grjótteigssel nálægt Grjótárgili og var Einar smalamaður dysjaður á hjalla vestur frá selinu og varða reist þar hjá dysinni og var þaðan haldinn miður aftan frá selinu. Enn er bent á Einarsvörðu vestur af Þuríðarstaðadalsá skammt frá ármótum hennar og Grjótár og Grjótteigsár. 'Varðan' er frostsprungið stórgrýtishrúgald og fuglaþúfa efst og ber þetta mjög hátt á mjög stóru væði í kring. Sigurður Gunnarsson segir 1872 að engar selsmenjar séu þarna sjáanlegar og kunni þar að vera uppblæstri um að kenna. Kaalund kom á þennan stað 1873 og minnist á 'tomter af Grjótteigssel' en lýsir þeim ekki og telur SR mögulegt að hann hafi farið eftir frásögn annarra. Í sóknarlýsingu frá 1874 segir: "Við Grjóta, sem áður er nefnd sjást tóftabrot, sem kallað er Grjótársel. Þar átti Hrafnkell Freysgoði að hafa haft selför ..." SSM; Bruun segir hinsvegar og hefur eftir Elíasi á Aðalbóli að engar leifar séu af selinu og er það staðfest af SR sem þaulleitaði svæðið bæði úr lofti og á landi. - SR Byggðaleifar, 68-71

Heimildir: IF XI, 102:Halldór Stefánsson; "Hrafnkelsdalur og byggðin þar", 150; SR: Byggðaleifar, 68-71

NM-167f Valþjófsstaður (Miðheiði-Rani)

Suðurendi Fljótsdalsheiðar tilheyrði Valþjófsstöðum. Það er svæðið vestan við heimalönd í Fljótsdal en austan við Hölkná. Að sunnan skiptir Aðabólsvegur afréttum en Vesturöræfi sem eru þar fyrir sunnan tilheyrðu einnig Valþjófsstaðakirkju (NM-167e) en að norðan ræður lína úr ármótum Hölknár og Jökulsár í tind nyrst í Eyvindarfjöllum og þaðan sjónhending austur í Gilsárvötn norðarlega - Ö-Rani, 5 segir að við Fremri-Vegakvísl séu landamerki afréttarlanda Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar

NM-167f:001 *Ranakofi* heimild sæluhús

Milli Ytra- og Fremra Eyvindarfjalls er Fjallaskarð. "þar er göngumannakofi kallaður Ranakofi." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Rani

NM-167f:002 *Eyindartorfa* heimild

"Í Fremra-Eyvindarfjalli er blásin roftorfa, sem heitir Eyvindartorfa." segir í Sveitum og jörðum. sbr. Hrafnkelssögu.

Heimildir: Ö-Rani, 4

NM-167f:003 *Laukbarð* heimild náttstaður

"Í Fremra-Eyvindarfjalli er áningarstaður göngumanna, kallaður Laukbarð, mun ekki vera gamalt nafn." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Rani, 4

NM-167f:004 *Kofaalda* örnefni
Kofaalda er hæð nálægt Miðheiði, þar sem Aðalbólsvegur liggur yfir Þórisstaðakvísl, segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Rani, 5

NM-168 Hóll

Hjáleiga Valþjófsstaðar 1847. "H er ysti bærin vestan Jökulsár í Norðurdal, sem er afdalur sá er gengur sv. úr Fljótsdal um 16 km inn að hálendismörkum alllangt sv. af Kleif. ... Landamörk við Valþjófsdal voru ekki ákveðin fyrr en 1970, bein lína úr kletti við Teighúsahyl í Jökulsá og (um 3 km utan við H) og upp á Bjargbrún. Mörk við Þuríðarstaði eru við Klifklett við Jökulsá og fylgja læk upp fjallið um það bil mitt á milli bæjanna. Uppi í heiðinni eru mörk óljós, en talið er að H eigi nv. fyrir Hólmavatn, sem liggur í stórum flóa austur af Gilsárvötnum í 607 m hæð." SJM II, 42. Gömul merki eru við Dvergbælislæk. Ö-Hóll, 2.

1918: Tún 1,5 ha, garðar 654 m2. "Fram til ársins 1928 voru engjar sóttar hátt í fjall ofan við bjargið í brattar, grösugar brekkur. Þar voru þurrar og skemmtilegar engjar og heygóðar, m.a. laufslægjur en afar torsóttar. ... Heimatúnið er undir hlíðinni, þurrlent, staksteinótt, hallandi, en víða jarðdjúpt." SJM II, 42.

NM-168:001 *Hóll* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

NM-168:002 heimild smiðja
HH: "Gamall smiðjukofi úr grjóti og torfi og með torfþaki, stendur enn að nafninu til niður við veginn hjá Hóli, líklega byggður af Friðrik Stefánssyni bónda á Hóli framan af öldinni. Síðar notaður af Benedikt Friðrikssyni til járnsmíða. Í honum eru ýmis áhöld sem tilheyra smiðjunni, en liggja undir skemmdum, enda er kofinn að hruni kominn."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 21

NM-168:003 heimild hesthús
HH: "Hesthús var skammt innan við bæinn, með fallega hlöðnum veggjum, en var jafnað við jörðu 1989." "Í veggjum þess voru mest kantaðir steinar og vínkilréttir í hornum. Járnþak var á húsinu síðast. Bak við það var heystæði eða hlöðutótt."
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 21

NM-168:004 heimild hesthús
"Kofatún heitir fremst á túninu, framan við gilið, þar var hesthús, en svo hrapaði steinn eitt sinn niður í það svo hætt var að nota það." segir í örnefnalýsingu. Gæti verið sama og 003.
Heimildir: Ö-Hóll, 1

NM-168:005 heimild kálgarður
"Utan við lækinn neðst og fremst í aðaltúninu, heitir Garðhvammur, Þegar hér voru fyrst ræktaðar kartöflur, var það gert það, nú er það tún." segir í örnefnalýsingu. Ekki víst að þetta sé gamall garður.
Heimildir: Ö-Hóll, 1

NM-168:006 heimild túngarður

“Gamla túnið girt að ofanverðu með grjótgarði og utan við það ævagamall vörslugarður úr torfi og grjóti.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 43

NM-168:007 *Bæjarlind* lind áveita

“Bæjarlins er nú utan túns. Var veitt heim í tún, áður en vatnsleiðslan kom.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hóll, 1-2

NM-168:008 *Hólssel* tóftir beitarhús/sel

“Á Nautahlíð er Hólssel, þar voru beitarhús fram undir aldamót. Hólssel er aðeins utar en bærinn Hóll.” segir í örnefnalýsingu. HH: “Þetta sem er uppi í fjallinu fyrir ofan Bjargið og Skóginn. Þar mun vera óhreifðar tættur beitarhúsanna og etv. einhverjar minjar um selið.” “Á Nautahlíð ofan við Hólsbjarg eru á þrem stöðum tættur; heitir þar Hólssel.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Ö-Hóll, 4; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 21; SJM II, 42

NM-168:009 *Dvergabæli/Dvergamýli* heimild býli/beitarhús

HH: “Þessi staður er um 1/2 km utan við Hól, uppi á stuttum hjalla, skammt fyrir ofan veginn. Þar voru beitarhús frá Hóli fram að lokum búsetu um 1985, en þau voru jöfnuð við jörðu árið 1988 (eða 89).” HH: “Þau voru tvístæð, í “nýhúsastíl”, með hlöðu. Húsin voru byggð á gömlum tóttum, sem menn halda að hafi verið smábýli einsetukonu frá Valþjófsstað. Þar áttu að hafa sést dvergar.”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 21

NM-168:010 *Hólsrétt* heimild rétt

HH: “Hólsrétt, grjóthlaðin, allstór rétt, er í hvammi rétt fyrir utan og neðan Dvergsbæli. Var fyrrum skilarétt fyrir fé undan Fellum o.v., en síðan notuð frá Hóli.”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 21

NM-168:011 heimild mylla

HH: “Myllutótt við Ljósá niður við Jökulsá.”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 21

NM-168:012 heimild vörslugarður

“Gamla túnið girt að ofanverðu með grjótgarði og utan við það ævagamall vörslugarður úr torfi og grjóti.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 43

NM-168:013 *Einarsstaðir* bæjarstæði bústaður

“Þá er næsti lækur Stekkalækur. Og utan við þann læk er gamall stekkur, sem heitir Einarsstaðir, var stekkur áður en Einar byggði sér þar kofa.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hóll, 2

NM-168:014 þjóðsaga

“Utan við húsin [009] er klettur, kúptur að ofan, sem heitir Einbúi. Utan við húsin er Dvergbælislækur. Sögn er að dvergur hafi búið hér og kerling hans á Tóftartanga, handan ár.” segir í örnefnalýsingu. Tóftartangi er þar sem 009 er.

Heimildir: Ö-Hóll, 2

NM-168:015 heimild

“Fagraráð er skógarrák í hallanum, framan við Ljósána. Og utan við Ljósána er rák í hjallanum, sem heitir Háarák. Stundum voru kvíær reknar þangað og svo hlaðið fyrir, svo þær kæmust ekki burt.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hóll, 3

NM-168:016 heimild

“Upp af Geitahjalla tekur svo við Hólsbjarg, þverhníptur hamraveggur. Verður byrjað fremst og haldið út, þá eru fyrst svonefnd Þrep, þar utar Hólsgjá, framan við bæinn og auðvitað ofar. Svo heitir heyklettur, þar var heyi rennt niður á túnið. Var þar stór steinn, sem tók ferðina af böggunum. Vírnum, sem rennt var á, var festur við spil. Þetta var síðast gert 1928.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hóll, 3

NM-168:017 varða

“Utan við Hólssel [008] er Selhnúta, þar er varða.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hóll, 4

NM-168:018 varða

“Svo er Moldarflagahlíð. ytri endi hennar er upp af selinu, en hún nær inn í Þuríðarstaðaland. Þar utar heitir Flötuhraun. Hraun, sem þar eru í tvennu lagi. Fremst og yzt í Flötuhraunum eru vörðubrot.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hóll, 4

NM-169 Skriðu klaustur

Kirkjustaður. 12 hdr. 1695. “1696 er jörð þessi með Hantónni talinn 12 h að dýrleika.” JJ 1847, 362. Jarðarinnar er getið í Fljótsdælasögu IF XI, 293. 1397 er jarðarinnar getið í máldaga Múlakirkju. DI IV, 203. 1491 er til vitnisburðarbréf um torfskurð frá Valþjófsstað. Þar vottar Páls Grímsson að skorið var upp 20 hesta torf í Skriðu en í staðinn fengi Skriðubóndi að reka lömb í Tungurnar. DI VI, 748-749.

“Segja má að Skriðuklausturland nái þvert yfir Fljótsdalsheiði milli Jökulsánna beggja, í Fljótsdal og á Jökuldal, og land þess deilist milli tveggja hreppa, því að Skriðubændur áttu og nýttu eða leigðu öll gögn og gæði og býlanna í Rana. ... Rekaítök átti jörðin á Héraðsströndum, hálfan Helmingasand og selstöðu í Melalandi.” SJM II, 35-36. 1918: Tún 8,7 ha, garðar 3000m2, nátthagi 2,1 ha. “S var talin í röð bestu jarða, engjar samfelldar, grösugar og greiðfærar, en votar til baga í rigningartíð og heyið létt til fóðurs, sumarhagar ágætir fyrir alla gripi og hrossaganga góð, landið snjólétt og jarðsælt en vetrarbeit létt, enda landþröngt neðan heiðar fyrir margt fé. ... [1918] Tún að mestu slétt, fremur harðlent. Engjar samfelldar, grasgefnar, greiðfærar, sumpart mjög votar í óþurrkatíð.” Túnsléttun hófst fyrir aldamót. SJM II, 35-36.

NM-169:001 *Skriðuklaustur* bæjarhóll bústaður

HH: “Um hin mikla og reisulega torfbæ Halldórs Benediktssonar, sem sagt er að hafi verið fyrirmynd annarra bæja á Héraði, sjást nú heldur engin merki á yfirborðinu, nema varin hellan, og hluti af steinlagðri stétt neðan við bæinn.” “Stór bær byggður um 1890, baðstofa portbyggð, alþiljuð uppi og niðri, 18x6 álnir. Búr og eldavélahús 23x5,5 álnir, portb. Með lofti og gólfi, alþiljað uppi og niðri. Þverhús við hlaðið, portbyggð með kvisti, þiljað sem hin

húsin, bárujárnsþak ...” Segir í Sveitum og jörðum. HH: “Laust fyrir aldamótin 1900 fannst kjallaragröf í gamla bæjarstæðinu, með ljósu efni, er menn héldu vera leifar af skyri. Við jarðrakst sumarið 1988 fannst grjótveggur, ofan við íbúðarhúsið (vesturálmu þess), sem líklega er af skíthúsi Halldórs eða fjósi.”

Heimildir: SJM II, 37; Túnakort 1919; HH: Mannvistarminjar í Fljótsdalshéraði, 24

NM-169:002 heimild kirkja

“Kirkja (bænhús) var á S frá 1512. Árið 1739 varð hún útkirkja frá Valþjófsstað, en lögð niður 1792. Kirkjutún heitir neðan við bæjarhallið, þar sjást rústir af kirkjugarðsveggjum og í kirkjugarðinum eru rústir, sem gætu verið af kirkju eða bænhúsi.” segir í Sveitum og jörðum. DB: “Sjást rústir kirkju og kirkjugarðs u.þ.b. 600 fetum bæjarhúsanna, undir brekkuhalli.” Hann telur einnig að hann sjái leifar af jarðgöngum milli bæjar og kirkju. Friðl. sem: “Kirkjugarður með kirkjutóft undir brekkunni við bæjarhúsin á Skriðuklaustri.”

“Kirkjutótt og kirkjugarður eru á svon. Kirkjutúni, á hjalla fram og niður af bænum. Þar stóð klausturkirkjan, sem byggð var um 1500, og rifin um 1800, og umhverfis tótt hennar er lítill ferhyrndur kirkjugarður. Síðasta kirkjan þarna hefur verið með torfgjótveggjum á hliðum, en líklega timburstöfnum beggja vegna. Tóttin og garðurinn eru vaxin háu grasi (snarrót), og sér þar ekki nein leiði lengur, en legsteinn Hans Wiums sýslumanns var þar sýnilegur fram um aldamót eða lengur. Nú er þar aðeins hella með nafni þjóðsögupersónunnar Jóns hrak.”

SKRIÐA Í FLJÓTSDAL (NM)

Ýmist annexia frá Ási eða Valþjófsstað; (PP, 9)

1494: sett prior klaustur j Skridu; Gottskálksannáll, IA, 372

1512: Klausturkirkja vígð; (PP, 9)

um 1640-1729: Heimilispresta getið á Skriðuklaustri á þessu árabili; (PP, 10)

20.1.1792: Bænhús aftekið; (PP, 9) [konungsbréf]

Kirkjugarður með kirkjutóft undir brekkunni við bæjarhúsin á Skriðuklaustri' Friðlýst 1988

Heimildir: SJM II, 34; HH: Mannvistarminjar í Fljótsdalshéraði, 24; DB: “Við norðurbrún Vatnajökuls”, 164; ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 56

NM-169:003 *Skriðuklaustur* heimild klaustur

“Tættur klausturrústanna ... Hafa líklega verið spölkorn innan og ofan bæjar, um það bil sem kúahlaðan er nú, og sér þeirra nú ekki teljandi merki.” segir í Sveitum og jörðum. Uppdráttur af tóftum á Skriðuklaustri eftir DB frá 1901. “Um það bil 40 lanum vestan bæjarhúsanna er tótt (b), sem mun vera frá tímum klaustursins. Hún er 30-40 skrefa löng og mest 24 skref á breidd. Í bakka á djúpum skurði við annan enda rústarinnar kemur í ljós, að grunnurinn hefur verið hlaðinn úr grjóti, sem nú liggur á fjögurra feta dýpi í jörð. Enn er hin þriðja tótt © þar á túninu og er nú minni.” “Vegur Skriðu hefst er sýslumannshjónin á Víðivöllum, Hallsteinn Þorsteinsson og Sesselja Þorsteinsdóttir, gefa jörðina til klausturhalds 1493. Klaustrið var stofnað síðast klaustra á Íslandi 1496, og helgað “guði almáttugum, jungfrú Maríu og helgu blóði til ævinlegs klausturs.” Það var munkaklaustur undir stjórn priora, en ekki ábóta. Fjórir urðu priorarnir, áður en það var lagt niður 1552 eftir aðeins 56 ára starfstíma ... Barnaskóli var í klaustrinu, en annars fer ekki sögum af menningarstarfsemi þar. Veraldargengið var þeim mun meira, og auðgaðist það m.a. af gjöfum og jarðakaupum. Í lok starfstímans átti stofnunin auk heimajarðar og meðfylgjandi hjáleigna 37 jarðir í 13 sveitum austurlands ...”

Heimildir: SJM II, 34; HH: Mannvistarminjar í Fljótsdalshéraði, 24; DB: “Við norðurbrún Vatnajökuls”, 163-164

NM-169:004 garðlag túngarður

“Tún afgirt með görðum f. aldamót ...” segir í Sveitum og jörðum. HH: “Töluverðar leifar eru

enn af túngarði, fyrir ofan bæinn, frá tíð Halldórs."

Heimildir: SJM II, 36; HH: Mannvistarminjar í Fljótsdalshéraði, 24

NM-169:005 *Hringur* heimild traðir

HH: "Framan við bæinn voru djúpar traðir, grjóthlaðnar að innanverðu, og var hægt að loka þeim á tveim stöðum og nota þannig sem hestarétt." "Upp af Fit og Fremsta-Nátthaga er svæði, sem heitir Hringur. Ofan við Hring var áður geysistór hestarétt og djúpar traðir." segir í örnefnalýsingu. "Þetta merka mannvirki var sléttað með jarðýtu í kringum 1950. Sér þó enn móta fyrir hvar traðirnar hafa legið."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 24; Ö-Skriðuklaustur, 4

NM-169:006 *Grundarhús* heimild fjárhús

HH: "Grundarhús. Þetta eru einu torfgrjót-fjárhúsin sem enn standa á Klaustri. Þau eru á túninu (Grundunum), spölkorn utan við bæinn. Þetta eru tvö fjárhús, sem byggð eru saman í vinkil, og allstór hlaða úr bárujárni í horninu. Húsin eru bæði með járnþaki, en að öðru leyti upprunaleg. Veggir eru farnir að bila á fremra húsinu." Endurbyggð í tíð Jónasar Péturssonar.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 25

NM-169:007 heimild mylla

HH: "Þá má nefna myllutótt við skurð úti í Melakróki yst á Nesinu." "Silungakíll, sem er á merkjum; upp úr honum hefur svo Mylluskurðurinn verið grafinn á merkjunum til að fá vatn fyrir kornmyllu." segir í örnefnalýsingu. "Þar lét Halldór byggja myllu, með stórum "skúffuvatnshjóli", sem gárungar nefndu "Veraldarhjólið", því að fallið var næstum ekkert en stöðugt streymi af kaldavermslisvatni í skurðinum, sumar sem vetur."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 25; Ö-Skriðuklaustur, 1

NM-169:008 heimild kálgarður

"Í rituðum heimildum er þess getið, að Gísli Magnússon (Vísi-Gísli) hafi haft með höndum ræktunartilraunir, aðallega í garðrækt, á S. Hann var á S um 1649-´53 sýslum." segir í Sveitum og jörðum. 1777: "Mér var tjáð, að á Skriðuklaustri væri kálgarður í allgóðri rækt …" ÓO II, 136

Heimildir: SJM II, 36

NM-169:009 heimild áveita

"Í sóknarlýs. 1839 getur um uppistöðuáveitu á Klausturnesi." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Á Klausturnesi eru áveitugarðar og tilheyrandi mannvirki frá síðustu öld og framan af þessar."

Heimildir: SJM II, 36; HH: Mannvistarminjar í Fljótsdalshéraði, 25

NM-169:010 *Hantóarhús* heimild beitarhús

"Þá tekur við Valþjófsstaðafjall. Upp af Hanntóarmýrum eru í Klausturslandi Hantóarhús, þar eru beitarhús frá Skriðuklaustri." segir í örnefnalýsingu. "Spölkorn framan við túnið var hjáleiga Hantó (aðrir rithættir: Hvanntó, Handtó, Hamtó), sem fór í eyði 1803. Síðan voru þar beitarhús til 1950 eða þar um bil." segir í Sveitum og jörðum. "Þar inn af er nafnlaust svæði inn að Hantó, sem eru gömul beitarhús frá Klaustri, voru fjögur hús. Upp af Kvíabóli heitir Kvíaklöpp. Beint inn af henni er svo Hantóarhjalli, sem svo nær inn fyrir ofan beitarhúsin." segir í örnefnalýsingu. "Húsin á Hantó hétu sérstökum nöfnum. Yzta húsið hét Goluhús. Neðar stóð Götuhús. Inn af Götuhúsi var Þorpshús. Svo hét Hesthús innst." Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 3; SJM II, 35; Ö-Skriðuklaustur, 4; Ö-Skriðuklaustur,

NM-169:011 *Álar* heimild vað
“Nú förum við inn fyrir Krókakíl og inn bakkann þar. Þar af bökkunum er yzta vaðið yfir ána, það heitir Álar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 2

NM-169:012 *Bjarnarbrot* heimild vað
“Þá eru hér innar tvö vöð á ánni, Kirkjubrot (er í Valþjófsstaðalandi) og Bjarnabrotum en það var þrautavað á ánni.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 2

NM-169:013 garðlag
“Nokkuð innan við Álana liggur tangi fram af bökkunum út að ánni, hann heitir Klausturtangi. Upp frá tanganum liggur smágarður, svæðið utan við þann garð heitir Nýjalón.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 2

NM-169:014 *Hagagarður* örnefni
“Hér upp af þessu, innan við Hagagarð og upp undir Klausturhamra ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 2

NM-169:015 heimild stekkur
“Í Höllunum er allmikill klettahjalli, sem heitir Stekkjarhjalli. Hjallin er breiður og nær út að Bessastaða[ár]melum, ofan við Melakrókinn. Í innri enda Stekkjarhjalla heitir Stekkjarskot. Þar ganga fram klettar, sem mynda þetta skot. Það var hægt að refta milli þeirra, og þá var komið skýli.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 3

NM-169:016 *Vörðumelur* örnefni
“Vörðumelur liggur út af Stekkjarhjalla ofan við Melkrók hægra megin við veginn, þegar farið er út eftir.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 3

NM-169:017 *Bunuvellir* heimild þvottastaður
“... þá er Kirkjuvöllur. Þar eru leifar af hinum forna kirkjugarði ... Í króki milli Yzta-Nátthaga og Kirkjuvallar heita Bunavellir. Þar var ullin þvegin við læk, sem síðar var svo virkjaður til ljósa.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 3

NM-169:018 *Götuhús* heimild útihús
“Yzt á Kepping, út við Grafninginn, heitir Götuhús, nú horfið.” segir í örnefnalýsingu. Gæti verið eitt af húsunum sem voru á Hantó.
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 4

NM-169:019 *Nýjuhús* heimild útihús
“Yzt á Kepping, út við Grafninginn, heitir Götuhús, nú horfið. Neðan við Kepping voru geysistórar þúfur. Keppingurinn nær heim að bæ og upp að vegi, efst á honum eru þar Nýjuhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 4

NM-169:020 heimild kálgarður
“Þar inn af [019] heitir svo ekki neitt, en þar er eða var kartöflugarður, neðan vegar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 4

NM-169:021 *Kvíaból* örnefni kvíar
“Rétt innan við aðaltúnið, ofan við veginn, heitir Kvíaból, sneið af því lenti undir veginum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 4

NM-169:022 *Bóndabrekka* heimild áfangastaður
“Klaustursbugur eða Klausturstunga er nafn á fjalllendinu hér uppi, ... Eyvindarkelda var fyrr nefnd. Næsta örnefni upp frá henni heitir Bóndabrekka, þar er áningarstaður.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 5-6

NM-169:023 *Finna* varða
“Norðan við Bugöldu er endinn á Vegufs, nefndur Vegfusarendi. Þar vestan við endann á melnum er varða, sem heitir Finna.” segir í örnefnalýsingu. Gæti verið í landi Bessastaða.
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 6

NM-169:024 *Steinka* varða
“Móti Finnu er önnur varða handan Lambakíls, hún heitir Steinka.” segir í örnefnalýsingu. Gæti verið í landi Bessastaða.
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 6

NM-169:025 *Friðrikslónsgarður* garðlag
“Norðaustur úr Gortjörn er Friðrikslónsgarður.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 7

NM-169:026 *Bessasteinn* þjóðsaga
GG: “Meðal frægustu fornminja á Skriðuklaustri er svonefndur Bessasteinn, kúlulaga sveinvala, nokkru stærri en fótbolti, með smástöðri á einum stað. ... Hann er nú í “garðinum” fyrir sunnan Gunnarshúsið.” FF: “Steinn þessi - kalladur Bessasteinn - er einþa geimdur, sem minnis merki Bessa a Skridu-Klaustri, og þar hafnframt hafdur til ad reina á hraustleika Karlmanna, og þykir þad hraustr madur, er gétr kastad honum yfir oxl ser og apturfyrir; hefja þvi færri hann meir en á bríngu og þykir þad medalmans tak.” “Aflraunir við Bessastein voru þrjár. Í fyrsta lagi að grasa honum, lyfta úr grasi, í öðru lagi að lyfta honum í hnéhæð, í þriðja lagi að lyfta honum á réttarvegginn, og var þá aflrauninni lokið.”
Heimildir: FF I, 34; Gestur Guðfinnsson: “Steinatök eða aflraunasteinar Farfuglinn 1977; HH: “Þrír steinar á Skriðuklaustri”, Austri 24 árg

NM-169:027 þjóðsaga manndómsraun
HH: “Reyndar er annar slíkur [aflraunasteinn] við hlið Bessasteins á Skriðuklaustri, og hef ég engar fregnir haft af uppruna hans. ... Þessi steinn er heldur stærri en Bessasteinn, að lögun sem dálítið afflött kúla, og hvergi teljandi dæld eða slöður í honum.”
Heimildir: HH: “Þrír steinar á Skriðuklaustri”, Austri 24 árg

NM-169:028 *Hestasteinn* þjóðsaga

HH: “Enn er þriðji steinninn á Klaustri, langtum stærstur, eins og breiðvaxin kringla í laginu, en ekki vatnsnúinn neitt svipað og hinir. Ofan í hann miðjan hefur verið höggvin hola, nærri ferköntuð, og um 15 sm. djúp. Í holu þessa hefur líklega verið rekinn staur eða kengur, er síðar var notaður til að binda við hesta, því að steinninn er nefndur Hestasteinn. Hann stendur nú á stalli austan við Gunnarshúsið.” “Í viðtali í Morgunblaðinu ... hefur Þór Þorbergsson tilraunastjóri það eftir Einari Pálssyni ... að Hestasteinninn muni líklega vera gamall “blótsteinn”, og þá líklega vera ættaður úr hofi Bessa á Bessastöðum, sem fyrr var getið, en hofið kemur við sögu í fljótsdælu ... Má vera að þarna sé kominn hinn upphaflegi “Bessasteinn”, er svo hafi verið nefndur vegna tengsla hans við hofið, sem hefur þó líklega aldrei verið til ... “

Heimildir: HH: “Þrír steinar á Skriðuklaustri”, Austri 24 árg

NM-169:029 heimild nátthagi
Daniel Bruun sá afgirtan nátthaga á ferð sinni 1901.

Heimildir: DB: “Við norðurbrún Vatnajökuls”, 165

NM-169b Skriðuklaustur (Rani)

Rani er svæðið milli Eyvindarár að austan, Jökulsár að norðan og Hölknár að vestan. Sitthvorumegin Hölknár tilheyrði Valþjófsstaðakirkju en austan við línu sem lá úr ármótum Hölknár og Jökulsár í tind norðarlega í Eyvindarfjöllum og þaðan sjónhending í austur í Gilsárvötn norðarlega. Austurmerki voru Eyvindrá þangað til Klapparlækur rennur í hana en þaðan sjónhending (eða því sem næst) austur í kvíslina sem rennur í Gilsárvötn og svo með henni í nyrsta vatnið. Ö-Rani, 4-5: Klapparlækur er á merkjum afréttarlands Skriðuklausturs og Stuðlafoss en Fremri Vegakvísl skiptir afréttarlöndum Skriðuklausturs og Valþjófsstaða

NM-169b:001 *Þorskagerði* bæjarstæði býli
“Nokkuð innar [en Skakkagil, rétt utan við Sauðá] er svo, við Jökulsá, annað eyðibýli, Þorskagerði.” - gegnt Eiríksstöðum. “Þ er undan Móhilshálsi miðja vegur milli Hölknár og Sauðár á grundum í grunnri sveif skammt upp frá Jökulsá. Býlisins er ekki getið í opinberum jarðabókum og ætla má, að það hafi í öndverðu verið sumarsel frá klaustrinu á Skriðu. Meðan Sigfús Stefánsson bjó á hálfri Skriðu (1863-´71) lét hann byggja fjárhús fyrir 140 fjár á Þ og hafði þar í seli í nokkur ár.” Fór í eyði 1875. Býlið var í byggð 1783, 1826 og 4 síðustu árin fyrir öskufallið. voru byggð þar hús fyrir sauði 1920 og ´30. HS telur Þorskagerði og Eiríkshús vera sama býlið.

Heimildir: Ö-Rani, 1; SJM I, 292; Halldór Stefánsson “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 177

NM-169b:002 *Eiríkshús* bæjarstæði býli
“Raunar eru eyðibýlin í Rana þrjú. Rústir Eiríkshúsa eru á sléttri grund skammt utan við Þ. Sennilega er búlið kennt við Eirík Eiríksson frá Brú, móðurföður séra Einar Jónsson prófasts og ættfræðings; hann bjó þar nokkur ár, 1801-´10 áður en hann fluttist að Arnaldsstöðum í Fljótsdal ...” segir í Sveitum og jörðum. HS telur Þorskagerði og Eiríkshús vera sama býlið.

Heimildir: SJM I, 292; Halldór Stefánsson. “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 177

NM-169b:003 *Bessagötur* heimild leið
“Jeppaslóði liggur yfir á hinar fornu Bessagötur og austur af heiði.” segir í Sveitum og

jörðum.

Heimildir: SJM I, 292

NM-170 Bessastaðir

30 hndr. 1847. Fyrst minnst á jörðin á máldaga Bessastaðarkirkju frá um 1203. DI I, 340-342 Jarðarinnar er getið í Droplaugasonasögu og FLjótsdælu. IF XI, 142, 292-293. 1398 : Jörðin er seld og er goldið fyrir hana jörðina Torfastaði í Vopnafirði með 2 öðrum jörðum, selstöðu og bænhúsi og að auki 20 kúgildi. DI III, 638-639. 1451: Bessastaðir nefndir í kaupmála Guðmundar Sigurðssonar og Guðnýjar Þorsteinsdóttur. DI V, 87.

Skriðuklausturseign. Hjáleigur, Bessastaðagerði, Melar og Hamborg. "Upphafleg landamörk B og hjáleignanna, þ.e. Bessastaðatorfunnar, er að sv. Bessastaðaá á stykki í fjallshlíðinni og að na. Hengifossárgil, að sa Jökulsá og að nv. Miðheiðarháls á hreppamörkum við Jökuldal. Bessastaðaá fellur na. nes, þ.e. dalsléttuna, spölkorn neðan við veginn og í Jökulsá utan við Bessastaðagerði. Bessastaðabýlin eiga land neðan við ána, og eru mörkin (Hamborgar) við Skriðuklaustur þvert yfir nesið rétt innan við brúna á Bessastaðaá." SJM II, 30. 1918: Tún 5,5 ha, garðar 900m2. "Bessastaðabær stendur á grund milli fjalls og vegar, og gamla túnið er bæði ofan við veginn og neðan. Það er að miklu leyti slétt af náttúrunnar hendi fyrir neðan veg og grasgefið." SJM II, 31.

NM-170:001 *Bessastaðir* bæjarhóll bústaður

"Torfbær að mestu í Marbælisstíl frá síðasta áratug 19. aldar. Baðstofa 12x6 álnir, portb. alþiljuð. Þverhús við hlaðið. Bærinn stóð á s.st. og núv. íbúðarhús." Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 31; Túnakort 1918

NM-170:002 heimild kirkja

"Á Bessastöðum var aðalkirkjan, en um eða fyrir 1200 flutt að Valþjófskirkjustað, þó hún ætti ekki nema hálflendu til 1306. ... hálfkirkja áfram á Bessastöðum til 1600 eða lengur ..." segir í Sveitum og jörðum.

BESSASTAÐIR Í FLJÓTSDAL (NM) - HÁLFKIRKJA

[1203]: Þesse ær maaldage a bessastodum ath þar scal vera hæímílis prestr ef sa wíll er þar byr aa oc hafa kiorít fiorda dagh pasca

oc taca hæíma tíundh allra hæíma manna oc lyse tolla

Ræídha prestí tvau hundrot

Þar er skyldt ath synghia hvern dagh hælgan oc alla ymbro dagha. Midhuíko dagha alla oc fria dagha a langha fausto. oc tuær dímbill nætr Paalm swnodagh oc pasca dagh allar tidær.

Þar skal annazst hundrat alna vmagha. æda lata synghia hundrat salo messna: Ræidha vt æf vill þetta hundrat j wadmalum mat ædha skædum þeim fatækom monnom sem hann will oc sæ sa æíghi loghkomæn a fe hans; Máld DI I 342

1397: [til Valþjófsstaða] liggia tíunder af xj bæium vtan bessastodum oc vídivollum. ero her af sex bænhus. og tuæer kirkiur oc greidaz tuo .c. af annare. en iij merkr af annari; Máld DI IV 209-212 [Valþjófsstaðar]

1397: a sæx hundrot j mætfie oc tau hundrot j landi [+skógarparta og skógarteig]

þar ær skyldt ath wæita hus fatækum monnum ollum huadan sæm ath koma huertt laugar kuældh oc firir postola messor allar oc stærri hatidær.

Porcio ecclesie medan olafr hefuir buit half mork a hueriu are fiorertighæ ara; Máld DI IV 212

10.11.1398: skal [séra Guðmundur Þorsteinsson kaupandi] suara tiundar Reikningi vit

kirkiuna aa bessastodum þuilikum sem olafe [Jónssyni seljanda] ber til amedan hann hefer halldit kirkiuna ... skal sira gudmundur suara fyrnd aa kirkiunni aa bessastodum medan olafur bonde hefer halldit; DI III 639
[um 1500]: Máld DI VII 446-447
1576: hálfkirkja; (PP, 9)
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 97}
6.8.1641:kirkja á Bessastöðum lögð niður fyrir nokkru, en í notum Bessastaða "forsorgast heima á klaustrinu átta ærgilda ómagi." vísitatía Brynjólfs bps; (PP, 9)

Heimildir: SJM II, 31

NM-170:003 *Goðaborg* heimild

"Sé farið inn Fljótsdal með vesturhlið dalsins, er fyrst komið að Bessastöðum (eldra: Bersastöðum), og er það fyrsti bær frá Brekku (að hjáleigum undanteknum)... Síðar í sögunni [Droplaugarsona sögu] er minnzt á blóthús Bersa. Rækilega er rætt um þetta hof í Droplaugarsona sögu hinni meiri... Er haugur Bersa sýndur í túninu á Bessastöðum, og hefur nokkrum sinnum verið reynt að grafa í hann... Bent er á hofsstaðinn (Goðaborg)* suðvestan við bæinn, handan Bessastaðaár...Frá Bersa og hofi hans segir Sigurður Gunnarsson nánar: Örnefni, 460. Í túninu milli Bessastaða og næstu hjáleigu er nefndur Þingvöllur... Engu að síður telja menn sig hafa fundið búðatóftir bæði þar og einnig neðar með Fljótsdalnum..." "Í litlum fögrum hvammi, útsunnanvert við ána, gagnvart Bersastöðum, litlu ofar en áin kemr fram úr gljúfrunum, er löng tóft, mjög niðrsokkin, 60-70 fet á lengd; breiddin verðr eigi ákveðin, eða hvar dyr hafa verið, enn víst mun þetta vera blóthús Bersa."

DBFJ 1909,314. "...syd for denne gaard /Bessastaðir/ löber en tværelv, og paa den (sydlige) bred af denne udpeger traditionen tomterne af hövdingen Berses hovtomt; omridsene er yderst svage. Stedet hvor de findes, kaldes Goðaborg; de er c. 13. m. l. og c. 6 m. br. og har ingen lighed med hovtomter, som man maa forestille sig disse. En grundplan findes i D.Bruuns sidstnævnte afhandling s. 157. " Friðl. sem: "Forn tóft, um 60-70 fet á lengd, í litlum fögrum hvammi útsunnanvert við Bessastaðaá, litlu ofar en hún kemur fram úr gljúfrunum."

Uppdráttur af tóftunum hjá DB; 9.7.1992: "Næst að Bessastöðum. Þar fyrir sunnan ána "í fögrum hvammi" á neðsta stallanum áður en áin rennur út úr gljúfrunum er tóftin, mjög útflött, byggð utan í hlíðina þannig að syðri langveggurinn er meir en metra hærri en sá nyrðri. Teiknuðum rústina og afstöðu. Norðan árinnar, litlu ofar eru miklar rústir eftir smákot eða sel. Þar sýndist Adolf vera friðlýsingamerki, sem er örugglega betur komið þar, þó það eigi við þessa rúst sunnan við." Dagbók OV 1992.

Heimildir: Kaalund, bls. 24-25. ísl.sögust, IV; ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 56; Sigurður Vigfússon. (1893, 36); DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 162-163

NM-170:004 *Bessahaugur* heimild legstaður

"Bessahaugur nefnist dálítil þúst, með tóttarlagi, neðst í gamla Bessastaðatúninu, sem á að vera haugur Spak-Bersa, og hefur nokkrum sinnum verið grafið í hann en með litlum árangri. Álög eru á honum eins og flestum öðrum "fornhaugum". Í rofinu innan í dældinni í haugnum sjást beinaleyfar o.fl.drasl." "Bersahaugur er sagður vera neðst í Bessastaðatúni (gamla) og fundust þar hrossabein." "1) Haugar. a.) Bessahaugur hvorr orpinn skal vera yfir Bessa landnamsmann, er bjó a Bessastödum I Fljotsdal; munnmæli folks er, ad þegar Bessi hnigin á efra aldur, kom eitt sinn a fætur undir hadeigi, og gekk úta hladid, hafi fyrir houm ordid stor Steinn a hladinu, hvörjum hann kastad hafdi undir Sólu af fæti ser, og undir eins so fyrirmælt, ad hann heygdur yrdi þar Steinninn stadar nymdi." "Sé farið inn Fljótsdal með vesturhlið dalsins, er fyrst komið að Bessastöðum (eldra: Bersastöðum), og er það fyrsti bær frá Brekku (að hjáleigum undanteknum)... Síðar í sögunni [Droplaugarsona sögu] er minnzt á blóthús

Bersa. Rækilega er rætt um þetta hof í Droplaugarsona sögu hinni meiri... Er haugur Bersa sýndur í túninu á Bessastöðum, og hefur nokkrum sinnum verið reynt að grafa í hann... Bent er á hofsstaðinn (Goðaborg)* suðvestan við bæinn, handan Bessastaðaár...Frá Bersa og hofi hans segir Sigurður Gunnarsson nánar: Örnefni, 460. Í túninu milli Bessastaða og næstu hjáleigu er nefndur Þingvöllur... Engu að síður telja menn sig hafa fundið búðatóftir bæði þar og einnig neðar með Fljótsdalnum..."

"...syd for denne gaard /Bessastaðir/ löber en tværelv, og paa den (sydlige) bred af denne udpeger traditionen tomterne af hövdingen Berses hovtomt; omridsene er yderst svage. Stedet hvor de findes, kaldes Goðaborg; de er c. 13. m. l. og c. 6 m. br. og har ingen lighed med hovtomter, som man maa forestille sig disse. En grundplan findes i D.Bruuns sidstnævnte afhandling s. 157. " Friðlýst sem "Bessahaugur, svonefndur, fyrir sunnan túnið." "Steinn þessi - kalladur Bessasteinn - er einþa geimdur, sem minnis merki Bessa a Skridu-Klaustri, og þar hafnframt hafdur til ad reina á hraustleika Karlmanna, og þykir þad hraustr madur, er gétr kastad honum yfir oxl ser og apturfyrir; hefja því færri hann meir en á bríngu og þykir þad medalmans tak. - Ad lögun er Steinninn allt eins og Egg, ad því undanteknu, ad í einum stad utantil a honum er aflaung hvilft, er Sagan seigir, komid hafi epter Stórutá Bessa, er hann kastadi Steininum, en á ad gjetska, er steinninn 12 a 14 1FF., og af Bessastada hladisaudur ad haugnum 70 fadmar. - Hvornig Sköpulag haugs þessa í öndvördu verid hafi, verdur nú eki med viddu sagt, bædi þessvegna, ad epter fyrirmælum Sysslumans Sal. G Petussonar var grafid I hauginn ad suðaustanverdu, og honum þar nokkud rotad um, sem og líka hins, ad þeim er þá I hann grófu þokti ausdjáanlegt, ad fyrrum - á ad gjetska I Sturlunga tíd, - hefdi haúgurinn brotinn verid ad ofanverdu, en af hans öndverdliga Sköpulagi ad nordaustanverdu er hann en þa heldur, er ad sjá ad hann í logun verid hafi, sem Spilkomma a hvolfi, a hæd 21/2 al. og þvermal hans vid Jordu herumbil 3 fadmar. - Þeim sem aad tilhlutan Sysslumansins Sal. G. Peturssonar hauginn brutu, vard samt ekki til hlytar ageingt I þeim Starfa því þá þeir brotid höfdu herumbil 2 al. af þrisettri hledslu af grjóti og torfi a skakk ofanávid inní haúginn, for grofin ad fyllast af vatni, hvorju þeir heldu ollandi Kingi haugbúans, og gafu því tapt vid so búid; en um nottina á epter dreymdi 2 af þeim, er ad Starfanum unnid höfdu, haugbuann til sín koma og seigja: ad ekki hefdi grofin af sínum völdum fyllst af vatnini, heldur hefdi þad vatn komid úr ánni - er þá var í vexti, og rennur herum 6 fadma fyrir sunnan hauginn - þar hjl qvad hann þeim onytti vera í hauginn ad grafa, þar hann fyrir laugnu brotinn og ræntur væri, og þar, þessvegna nú alls ekkert ad finna, utan jarnbrot so sem qvartels langt, er hann syndi þeim nordaustantil I haúgnum. Bada mennina er sagt dreymt hafa a sömu leid."

Heimildir: Kaalund, bls. 24-25. ísl.sögust, IV; FF I, 34-35; ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 56; DBFJ 1909, 314; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 28

NM-170:005 *Götuhús* heimild útihús

HH: "Gripahús í túninu voru þessi nafngreind: Götuhús og viðbyggt Hesthús, stóð við gamla veginn (göturnar) framan við bæinn."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 28

NM-170:006 heimild hlaða

HH: "Þar var einnig Kúahlaða, grafin niður í hól ..."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 28

NM-170:007 heimild fjárhús

HH: "Þar var einnig Kúahlaða, grafin niður í hól, Hrútakofi o.fl."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 28

NM-170:008 heimild fjárhús

HH: “Ærhús voru beint upp af bæ.”

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 28

NM-170:009 heimild kvíar

HH: “Kvíar voru þar sem nýbýlið Eyrarlandi er nú.”

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 28

NM-170:010 *Þingvellir* örnefni

HH: “Þingvöllur nefnist óglöggt garðlag og vallgróið tóttarbrot á túninu , um 50-100 m suður frá bænum, rétt við veginn, sem hefur líklega verið lagður þar yfir. Þarna var brekkukorn sem kallað var Þingbrekka, og fjárhús, nefnt Þingvallahús, en þær minjar hafa verið sléttaðar. ... Á Bessastöðum var þingstaður langt fram eftir öldum, (til um 1800), og í fornum skjölum er minnst þar á þinghús.” FF: “Fornir þingstadir edur Domhríngar. Þesskonar gyrdingu í ferkant, held eg se ad finna í hjaleigutuninu a Bessastodum og er hún a milli 30 og 40 fadma á hvorn veg - Sumra manna már er samt, ad þetta verid hafi Sadgardur Bessa; en nú er þad þó kalladr Hringur. - “Sé farið inn Fljótsdal með vesturhlið dalsins, er fyrst komið að Bessastöðum (eldra: Bersastöðum), og er það fyrsti bær frá Brekku (að hjáleigum undanteknum)... Síðar í sögunni [Droplaugarsona sögu] er minnzt á blóthús Bersa. Rækilega er rætt um þetta hof í Droplaugarsona sögu hinni meiri... Er haugur Bersa sýndur í túninu á Bessastöðum, og hefur nokkrum sinnum verið reynt að grafa í hann... Bent er á hofsstaðinn (Goðaborg) suðvestan við bæinn, handan Bessastaðaár...Frá Bersa og hofi hans segir Sigurður Gunnarsson nánar: Örnefni, 460. Í túninu milli Bessastaða og næstu hjáleigu er nefndur Þingvöllur... Engu að síður telja menn sig hafa fundið búðatóftir bæði þar og einnig neðar með Fljótsdalnum...”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 28; FF I, 35; Kaalund ísl.sögust, IV, 24-25.

NM-170:011 heimild áveita

“Sléttlendið “Nesið” er skraufþurrt og slétt. Á nesinu var lengi veitt vatni úr Bessastaðaá og hey af þeim mikið og kjarngott.” segir í Sveitum og jörðum. “Við austurhorn Breiðumýrarlóns eru Kvíar. Þá er Pöltrur, smástykki; þar var stungið upp efni á áveitugarða í kringum lón sem heitir Mórauðipyttur, þar er aldrei tært vatn. Kringla er smáhorn yst og neðst í Breiðumýrarlóni. Þar hefur verið tjörn, sem var hlaðið um til að koma áveitunni á.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 30; Ö-Bessastaðir, 2

NM-170:012 heimild mylla

“Vatnsmylla við bæjarlæk.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 31

NM-170:013 *Þorgerðarþúfa* þjóðsaga legstaður

HH: “Þorgerðarþúfa var 25-30 m vestur af Bessastaðabæ, en skv. Þjóðsögu átti Þorgerður kona Bessa að vera jörðuð þar. Þúfan er nú horfin.”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 28

NM-170:014 *Gimbrastekkur* heimild stekkur

HH: “Stekkir voru á tveimur stöðum, Gimbrastekkur, uppi á Brekkunni fyrir ofan bæinn ...”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 28

NM-170:015 heimild stekkur

HH: “Stekkir voru á tveimur stöðum, Gimbrastekkur, uppi á Brekkunni fyrir ofan bæinn og annar utan við Stekkalæk, nokkuð fyrir utan bæinn.”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 28

NM-170:016 *Péturskofi* heimild smalakofi

HH: “Péturskofi og Bræðraborg voru hjásetukofar ofan við Brúnir í Heiðinni.”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 28

NM-170:017 *Bræðraborg* heimild smalakofi

HH: “Péturskofi og Bræðraborg voru hjásetukofar ofan við Brúnir í Heiðinni.”

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 28

NM-170:018 *Hæðarvarða*varða

HH: “Péturskofi og Bræðraborg voru hjásetukofar ofan við Brúnir í Heiðinni. Þar eru einnig nokkrar myndarlegar vörður.” “... Þar út og upp af var grjótvarða á hæð, kölluð Hæðarvarða.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 28; Ö-Bessastaðir, 6

NM-170:019 garðlag áveita

“Merkin að utanverðu er Áveitugarður, upp á um það bil mitt nes ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bessastaðir, 1

NM-170:020 *(Ytri-Ingiríður)* varða landamerki

“Merkin að utanverðu er Áveitugarður, upp á um það bil mitt nes, svo þar eftir að hafa verið hlykk á sig til norðvesturs, í Bressastaðaá á móts við fyrrnefndan Áveitugarð, svo beina línu í stóran stein í Breiðagili, svo í Þrísteina, ofan við gilið. Þaðan beina línu í grjótvörðu á Fálkaþúfu. (Hún hét áður Ytri-Ingiríður), sú fremri er í Hamborgarlandi.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bessastaðir, 1

NM-170:021 *Sauðavarða* varða landamerki

“Merkin að utanverðu er Áveitugarður, upp á um það bil mitt nes, svo þar eftir að hafa verið hlykk á sig til norðvesturs, í Bessastaðaá á móts við fyrrnefndan Áveitugarð, svo beina línu í stóran stein í Breiðagili, svo í Þrísteina, ofan við gilið. Þaðan beina línu í grjótvörðu á Fálkaþúfu. (Hún hét áður Ytri-Ingiríður), sú fremri er í Hamborgarlandi. Þaðan beint í Sauðavörðu ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bessastaðir, 1

NM-170:022 *Merkigarður* örnefni landamerki

“Svo eru það merkin að innan suðvestan. Þar er það fyrst í Jökulsá, svo er það um Merkigarð í Úthleypuskurð í Hamborg ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bessastaðir, 1

NM-170:023 *Kvíar* örnefni kvíar

“Við austurhorn Breiðumýrarlóns eru Kvíar.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bessastaðir, 2

NM-170:024 *Fífuhólmavað* heimild vað

“Fífuhólmi er bakki, sem myndast af beygju; af honum er heybandsvað yfir ána, Fífuhólmavað.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bessastaðir, 2-3

NM-170:025 *Krókur* heimild vað
“Bessastaðaárbakkar eru suðaustan Bessastaðaár. Krókur er hjá Blesubakka og Fífuhólma. Þar var einnig heybandsvað, sem nefnt var Krókur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bessastaðir, 3

NM-170:026 *Aurhús* heimild fjárhús
“Yzt og neðst var svo Aurhús, það var fjárhús, sem nú hefur verið sléttað yfir.” segir í örnefnalýsingu.
HH: "Fremst á túninu eru Fitahús (voru í svon. Nátthaga innan við elsta túnið.)." "Það eru einföld fjárhús, úr torfi og grjóti, með hlöðu að baki, og járnþak á henni, en torfþak á túninu, líklega ofan á járni. Veggir eru m.e.m. hrundir að utan og húsið að falli komið."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 38

NM-177:004 *Grundarkofi* heimild fjárhús
HH: "Næst fyrir utan er Grundarkofi, sem er rétt við gamla túngarðinn (utan við hann?)." "Húsið er fremur stutt, fornlegt, með torfþaki, sem er að snarast fram og að falli komið. Undirbygging þess af ýmsu taki og aldri. Að baki þess er gömul hlaða, sem snýr þvert miðað við húsið, um 6x3 m að innanmáli, og vegghæð um 3-4 m. Í henni eru þrjár klósoðir, er snúa þvert, og hvíla á þeim tveir mæniásar, sem bera rafta o.s.frv. Segja má að hlaðan standi vel, að utan sem innan, og veggir eru fallega hlaðnir. (Líklega endurnýjaðir um 1940, af Vigfúsi

Einarssyni). Að innan eru torfhlaðnir veggir, á um 1 m belti efst, mest úr fremur þunnum hnausum, af þökustærð."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 38

NM-177:005 heimild túngarður

HH: "Næst fyrir utan er Grundarkofi, sem er rétt við gamla túngarðinn (utan við hann?)." "Gamli túngarðurinn sést enn á nokkrum stöðum, t.d. í Brekkunni ofan við túnið, og í Leyningnum utantil á því."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 38, 40

NM-177.006 *Kútmagi* heimild hesthús

HH: "Um 40 m ofan við þetta hús [003] er hesthús, sem kallast Kútmagi, hlöðulaust, og snýr þvert á hin húsin (Rétt við lítinn lindarlæk, sem kallast Kútmagalækur). Húsið er líklega byggt um aldamótin, (etv. upp úr eldra húsi) og var aðallega ætlað fyrir hesta gesta (Kofinn er rétt við gömlu traðirnar heim að bænum). Torfþak er á húsinu, nokkuð upprunalegt, með einum mæniás og ganga raftar af honum út á lausholt, við báða veggi, sem hvíla á stoðum. Að ofanverðu eru stoðirnar um 30-40 sm frá vegg, og ganga ofan í grjóthlaðinn stall, sem myndar jötuna."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 38

NM-177:007 heimild traðir

HH: "Um 40 m ofan við þetta hús [003] er hesthús, sem kallast Kútmagi, hlöðulaust, og snýr þvert á hin húsin (Rétt við lítinn lindarlæk, sem kallast Kútmagalækur). Húsið er líklega byggt um aldamótin, (etv. upp úr eldra húsi) og var aðallega ætlað fyrir hesta gesta (Kofinn er rétt við gömlu traðirnar heim að bænum)."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 38

NM-177:008 *Miðlambhús* heimild fjárhús

HH: "Upp af Kútmaga er gömul fjárhústótt, sem Aðalbjörn segir að heiti Miðlambhús, en þar hefur ekki verið hús eftir 1930."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 38

NM-177:009 *Lambhús* heimild lambhús

HH: "Út og upp af því er svo Lambhúsið, út við Bæjarlækinn, undir Lambhúshjalla. Það er svipað Grundarkofanum, að stærð og lögun, og með þverhlöðu, eins og hann, en hlaðan er með járnþaki. Torfþakið á fjárhúsinu er að mestu fallið, og veggir líka hrörlegir."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 38

NM-177:010 *Fjóhlaða* heimild hlaða

HH: "... því [fjósinu við bæinn] tilheyrði Fjóshlaða, skammt fyrir utan og neðan, og stendur hún enn, með grjót-torfveggjum og skúrþaki úr járni, sem var sett á hana milli 1930 og 1940. Veggir eru mjög lasburða a.m.k. að utanverðu. Viðbyggt hlöðunni er hesthús, áður hestarétt, að mestu úr timbri og járni."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 38

NM-177:011 *Einstakahlaða* heimild hlaða

HH: "Þá er Einstakahlaða, rétt fyrir utan kúahlöðuna, einstök, þ.e. ekki tengd neinu húsi, og hefur líklega verið kúahlaða fyrrum, snýr út og fram, grafin niður í djúpan jarðveg á dálitlum hól. Dyr eru sunnan á henni, en vindauga vestan á þekju, Hlaðan er um 6,5 m á lengd, um 3,5 á breidd og um 3 m á vegghæð." "Að utan er hlaðan nánast sporöskjulaga, en ferköntuð að

innan. Í henni eru tvær stoðir í röð í miðju, sem halda uppi einum mæliás, og líka eru stoðir undir endum hans, við sinn hvorn stafn hlöðunnar (önnur stutt, stífuð inn í vegginn). Að innan er neðri hluti veggjanna grjóthlaðinn eða upp í ca. miðjan vegg, en þar fyrir ofan er hlaðið torfi, sem Aðalbjörn kallar hnaus, stafninn þó aðallega úr lengri torfum, streng. Veggirnir hafa verið hlaðnir upp á pörtum, síðustu áratugina, sem greinilega kemur fram í mismunandi hleðslu. Elstu partarnir eru líkl. í NA-horninu, og gæti sú hleðsla verið frá aldamótum. Veggir hafa rofnað nokkuð sunnan á hlöðunni, þar sem stafninn er torfhlaðinn, en standa annars sæmilega að utan, og mjög vel að innanverðu. (Í hlöðunni er ein klóstoð, og snýr klóin (téið), langs með mæniásnum sem er óvenjulegt, og bendir til að í hlöðunni hafi upphaflega verið tveir mæniásar, eins og í Grundarkofahlöðunni) .(3 tröppur, grjótlagðar, eru upp úr hlöðunni að útidyrum)."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 38-39

NM-177:012 *Ærhúsin* heimild fjárhús

HH: "Ærhúsin, standa yzt á gamla túninu, eða rétt fyrir utan það, á svon. Teigum. Þar eru nú tvístæð fjárhús, alllöng, með stoðum undir sundinu á milli. Þverhús gengur suður úr þessum aðalhúsum, austast (hefur líkl. verið aðskilið fyrst). Það er byggt síðar en hin húsin, líkl. um 1940. Loks er stór bárujárnshlaða ofan við húsin, og viðbygging af timbri og járni er líka austanvið húsin." "Gömlu húsin eru mjög farin að "snarast" þ.e. stoðirnar hallast fram (austur), og þekjurnar hafa skriðið til. Hleðslur að utanverðu eru einnig farnar að gefa sig, og yfirleitt eru húsin á fallandi fæti."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 39

NM-177:013 *Nýhúsin/Hringur* heimild fjárhús

HH: "Nýhúsin eru spölkorn utan og ofar, á túnmörkum. Skv. örnefnaskrá hefur það líklega verið svon. Hringur og Hringhús, eða tótt þess." "Jón bóndi segir að Eiríkur faðir sinn, og þeir bræður, hafi byggt fjárhús á þessari tótt, sem hafi verið stækkuð smám saman síðan. Elsta húsið (það fremsta), er með torfveggjum, og járnþaki, en annars eru hús þessi og viðbyggð hlaða, eingöngu úr bárujárni á trégrind."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 39

NM-177:014 heimild hesthús

HH: "Gamalt hesthús var neðan við Bæjarhólinn, rétt fyrir ofan veginn, en það var rifið og jafnað við jörðu um 1970."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 39

NM-177:015 heimild

HH: "Gömul tótt eða réttarbrot er í Leyningi, úti á túninu, fram og niður af Ærhúsum."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 39

NM-177:016 *Halldórskofi* heimild hesthús

HH: "Halldórskofi var uppi á Hjallanum, fyrir utan og ofan bæinn og túnið, kenndur við Halldór Guttormsson smið, sem lengi var á Arnst., og hafði hest sinn í þessum kofa. Tóttin sést þar enn."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 39

NM-177:017 *Laufakofi* heimild útihús

HH: "Líka tótt Laufakofa, sem var kenndur við hest."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 39

NM-177:018 *Geitahús* bæjarstæði býli
HH: “Geitahús voru á Geithúsamýri, inn við Geitána, sem er á merkjum við Geitagerði. “Á henni mótar fyrir stórri tóft, sem nefnd er Geitahús.” Halldór Stef segir að þarna hafi verið afbýli frá Arnheiðarstöðum, sem fór í eyði 1707, en þetta [er] líklega þjóðsaga, því býlisins getur ekki manntalinu 1703. Tóftin er nú komin í nýrækt, sem þarna var gerð um 1970, og hefur líklega verið sléttuð.”

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 37; ÓO: Ferðabók, 140; Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum, 179

NM-177:019 *Selhlíð* örnefni sel
HH: “Selhlíð og Selhlíðarhnaus eru örnefni uppi í fjallinu, fyrir ofan bæinn, utan við Bæjarlækinn. Þau vitna etv. um sel á þessum slóðum, en ekki er kunnugt um neinar tættur þar.”

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 37

NM-177:020 *Sauðhús* tóft fjárhús
HH: “Hins vegar voru Sauðhús, uppi á svon. Hamri, sem er áberandi klettabelti, efst á hlíðum fyrir ofan Arnheiðarstaði, og ber við loft frá þjóðveginum.”

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 37

NM-177:021 *Samsteypa* varða
HH: “Margar vörður eru í Arnheiðarstaðafjalli, og sumar þeirra með sérstökum nöfnum, svo sem Samsteypa, tvöföld varða neðan við Skjöldólfsstaðamýri, orðin nokkuð hrörleg, vel mannhæðarhá.”

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 37

NM-177:022 *Prófastavarða* varða
HH: “Prófastavarða og Biskupavarða eru á Hálsinum, ofan við mýrina, líka orðnar hrörlegar.” Við veginn milli Arnheiðarstaða og Merkis.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 37

NM-177:023 *Biskupavarða* varða
HH: “Prófastavarða og Biskupavarða eru á Hálsinum, ofan við mýrina, líka orðnar hrörlegar.” Við veginn milli Arnheiðarstaða og Merkis.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 37

NM-177:024 *Merkisvegur* heimild leið
HH: Leið milli Arneiðarstaða og Merkis á Jökuldal.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 37

NM-177:025 *Eyjólfína* varða
HH: “Neðar í fjallinu eru nokkrar fallega hlaðnar vörður, sem standa vel, m.a. Eyjólfína og Þórstína.”

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 37

NM-177:026 *Þórstína* varða
HH: “Neðar í fjallinu eru nokkrar fallega hlaðnar vörður, sem standa vel, m.a. Eyjólfína og Þórstína.”

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 37

NM-177:027 heimild smiðja
HH: “Smiðja er rétt fyrir framan Bæjarlækinn, andspænis bænum, grjótveggir, þil á stafni og járnþak. Hefur verið gerði upp fyrir um 10-15 árum, notuð sem reykingarkofi nú. Líklega byggð um aldamótin, og notuð til smíða fram um 1940.”
Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 40

NM-177:028 heimild mylla
HH: “Myllutótt er við Bæjarlækinn, að innanverðu, rétt fyrir ofan veginn, vel skýr en grasi vaxin.”
Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 40

NM-177:029 heimild rétt
HH: “Grjótrétt er inn á Gálgafleti, undir Lambhúshjalla, innan við túni, byggð upp við stóra steins, sem fallið hafa úr hjallanum.”
Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 40

NM-177:030 heimild rétt
HH: “Önnur smárétt var í gildragi utan og neðan til túnið, neðan vegar, líklega horfin nú.”
Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 40

NM-177:031 heimild nátthagi
HH: “Nátthagi var neðan vegar, beint niður af bænum, líklega með torfgarði umhverfis, sem nú er horfinn.”
Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 40

NM-177:032 heimild áveita
HH: “Einnig sjást merki um vatnsveitu á túnið, sem gerð var um miðja síðustu öld, úr Bæjarlæknum, og var ein fyrsta túnáveita á Héraði og etv á öllu Austurlandi.”
Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 40

NM-177:033 *Gálgaklettur* þjóðsaga aftökustaður
HH: “Gálgaklettur er innan við tún, og Gálgaflötur, en þar áttu sakamenn að hafa verið hengdir.” ÞJÁ: “Fyrir innan Arnheiðarstaðir í Fljótsdal stendur stór steinn á svonefndum Gálgaflöt, sem tekur nafn af þjófum er þar vóru eitt sinn hengdir. Undir þessum steini á að vera fólgin peningahálftunna, en enginn maður hefur enn vogað að grafa eftir henni fyrir þá sök að þrír loftandar eiga að vera settir til að geyma hálftunnuna svo enginn maður geti notað sér hana.”
Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 40; ÞJÁ III, 350; sbr. ÞSS VI, 32-33

NM-177:034 *Arnheiðarmelur* þjóðsaga legstaður
HH: “Arnheiðarmelur (eða -haugur) er utan við túnið, þar sem Arnheiður á að vera heygð.”
Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 40

NM-177:035 *Parthús* tóft beitarhús
HH: “Gömul beitarhús frá Arnheiðarstöðum, sem heyra til nýbýlinu Droplaugarstöðum, frá árinu 1942. Parthúsin eru um 1 km. út frá bænum, rétt neðan við þjóðveginn. Húsin voru einstæð, með hlöðu að baki, og annað minna hús viðbyggt hlöðunni, myndaði rétt horn við aðalhúsið, og var nefnt Parthúskofi. Inn í hann voru um 4 m löng göng, eða andyri.”
“Hallgrímur Helgason, breytti húsunum um 1940, byggði annað hús við hliðina á austurhúsinu, eða öllu heldur færði útvegg hússins, svo að húsin urðu tvístæð, með stoðum

undir sundinu á milli. Síðar reif hann kofann, og sér hans nú lítil merki. Torfþak var á húsunum meðan þau voru Í notkun, en hætt var að nota þau um 1978. Á fremra húsinu var birkitróð undir torfinu, en járn undir þekju ytra hússins, a.m.k. að hluta til, og síðar aðeins járnþak. Hann endurbyggði einnig hlöðuna, stækkaði hana, og setti á hana skúrþak af járni. Þil var á milli hlöðu og húsa. Húsin féllu fljótt eftir að hætt var að nota þau, og síðustu þökin voru rifin 1987-88. Veggir standa þó enn að mestu, en hafa rofnað nokkuð að utanverðu. Í hlöðunni eru ágætar hleðslur, torf í efri helmingi veggsins, þ.e. hnausar, um 10-12 sm þykkir, ferkantaðir, og sést af öskulaginu í þeim, að veggurinn er byggður um aldamótin. Í sumum hlutum veggsins er óregluleg klömbruhleðsla. Þegar húsin voru endurbyggð um 1940 fannst steinhella með áletrunum ... elsta ártalið er 1836."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 40

NM-177:036 *Stekkhús* heimild beitarhús

HH: "Önnur beitarhús ... spölkorn utan við Parthúsin, og tilheyra nýbýlinu síðan 1942. Þar voru til skamms tíma tvö einstæð fjárhús, er sneru hornrétt hvort á annað, með um 40 m millibili." "Fremra húsið sneru Au-V, var fremur lítið og kallað Kofi (Stekkhúskofi), ofan við það var heystæði (kuml). Kofinn var alla tíð með torfþaki, en síðast var sett bretaskálajárn ofan á það. Undirbygging var hefðbundin, með birkitróði og nokkrum hellum. Kofinn var rifinn um 1980, og 1988 var byggt úr honum lítið kartöfluhús. Ytra húsið er er kallað Stóra-Stekkhús, enda er það með lengri fjárhúsum, og hlaða viðbyggð því að utan. Torfþak var á húsinu til um 1970, en þá var sett á það járnþak, þ.e. bretaskálajárn á járnbogum, sem var rifið 1989. Áður var komið skúrþak af bárujárni á hlöðuna, líklega sett um 1950. Húsinu hefur ekkert verið breytt á þessari öld, aðeins endurhlaðnir hlutar af efra vegg þess og hlöðunnar. Veggir eru allvel hlaðnir, mikið af hornóttu grjóti, og standa allvel enn, bæði á húsi og hlöðu. Efri (nyrðri) veggurinn er alveg á kafi í jörð að utanverðu, því húsið er byggt í talsverðum halla, sömuleiðis norðurveggur hlöðunnar. ... Merki um túngarð á Stekkhúsum, utanum húsin og gamla túnið, og við vegagerð 1935-40 fannst sorphaugur, með ýmsu drasli, m.a. beinum og leirtausbrotum, rétt fyrir neðan Stóra-Stekkhúsið. Eru því líkur til, að þar hafi verið búið fyrr á öldum, en engar beinar heimildir eru fyrir því. Etv hefur þarna verið sel eða gerði frá Arneiðarstöðum ..."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 41

NM-177:037 heimild fjós

HH: "Torfhús við bæinn á Droplaugarstöðum ... Fyrsta húsið sem byggt var á staðnum, var lítið fjós, alveg úr torfi, sem stóð í um 2 áratugi, utan við það var síðan byggt hesthús, úr grjóti og torfi, með járnþaki. Bæði eru nú horfin."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 41

NM-177:038 heimild hesthús

HH: "Torfhús við bæinn á Droplaugarstöðum ... Fyrsta húsið sem byggt var á staðnum, var lítið fjós, alveg úr torfi, sem stóð í um 2 áratugi, utan við það var síðan byggt hesthús, úr grjóti og torfi, með járnþaki. Bæði eru nú horfin."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 41

NM-177:039 heimild lambhús

HH: "Torfhús við bæinn á Droplaugarstöðum ... Lambhús var byggt rétt fyrir innan túnið, um 1950-60 og standa veggir þess enn að hluta, en í tóttinni var byggður lítill reykingarkofi."

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 41

NM-177:040 heimild hesthús

HH: “Torfhús við bæinn á Droplaugarstöðum ... Lítið hesthús var byggt yst á túninu, út við ána, um 1970, og er það eina húsið af náttúruefnum, sem enn stendur heima á bænum.”

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 41

NM-177:041 *Arnheiðarstaðavöttur* gripir

HH: “Arnheiðarstaðir eru landnámsjörð og mikill sögustaður gegnum aldirnar, og þar hafa fundist merkisgripir í jörðu, t.d. Arnheiðarstaðavötturinn frægi, sem nú er á Þjóðminjasafni ...” Það fannst vettlingur frá fornöld árið 1889 á Arneiðarstöðum á héraði, “... djúpt í jörðu undir einhverju bæjarhúsi, er þá var rifið og grafin upp tóptin fyrir öðru húsi, er reist var í sama stað, þar fundust og tveir aðrir gripir, sem bersýnilega eru frá fornöld og nú eru komnir til safnsins. ... Arneiðarstaðhanzkinn er 26 cm. Á lengd og 12 cm. Á vídd um þumalinn. Margrethe Hald telur að fræðilega sé ekkert því til fyrirstöðu að vötturinn sé frá landnámsöld

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 42; Árbók 1895, 34-5; Árbók 1949-50, 75

NM-177:042 varða landamerki

“... en Lagarfljót að suðaustan í klett rétt sunnan við Parthúsin. Þaðan eru mörk við Arnheiðarstaði um vörður tvær á Hlíðum og áfram til heiðar.” segir í Sveitum og jörðum. “Landamerki Arnheiðarstaða og Droplaugastaða eru: Úr klöpp við Lagarfljót, innan við Parthús. Þaðan bein líka í stein neðan við gamla þjóðveginn. Þaðan beygir línan í vinkil út með veginum, í vörðu ofan við sama veg, upp af Parthúsum.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 16; Ö-Arnheiðarstaðir, 8

NM-177:043 *Árnasteinn* þjóðsaga

”Vegurinn frá Geitá liggur eftir svonefndri Geitárhæð. Þá er næst steinn, sem heitir Árnasteinn. Sagt er, að maður hafi forðað sér upp á steininn undan nauti, og gróf svo tvo kúta með peningum, annan fyrir framan steininn, hinn fyrir utan. Sagt er, að ef fé þessu yrði rænt, átti bærinn að brenna, þrír beztu men sveitarinnar að deyja og að lokum sá, sem að þessu ynni. Eitt sinn var gerði tilraun, og þá var eki að sökum að spyrja, bærinn virtist standa í björtu báli.” segir í örnefnalýsingu.

“Fremst eða vestast á Gálgakletti stendur stór steinn fast við götuna, nær því toppmyndaður og kúptur ofan eða ávalur; hann er nær því mannhæðarhár og mjög einkennilegur. Vestan í honum er sem vallgróin rúst, afar gömul, eigi óáþekk forndys eða leiði og sést vegsummerki að við því hefur verið hreyft í síðari tíð. Steinn þessi er kallaður nú á dögum Árnasteinn og segir sagan að fornmaður og bóndi á Arnheiðarstöðum hafi lagt fyrir að heygja sig þar en þó áður fólgið þar mikið fé undir steininum með þeim ummælum að ef nokkur dirfðist að grafa eftir fénu þá skyldi Arnheiðarstaðarbærinn brenna.” Einn bóndi reyndi að grafa í hann en gekk ekki því ætíð kviknaði í.

Heimildir: Ö-Arnheiðarstaðir, 2; ÞSS VI, 32-33

NM-177:044 *Siggeirsvarða* varða

“Út af þeim [Geithúsamýrum] er svo hjallinn, sem heitir Lambhúshjalli, sem nær út að Bæjarlæk. Þá er þar hall nafnlaust, er ofan við Lambhúshjalla, það heitir Siggeirshall, og uppi á hallinu, yzt, rétt fram við Bæjarlæk, er varða, sem heitir Siggeirsvarða, reyndar er aðeins brot af henni eftir.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Arnheiðarstaðir, 2

NM-177:045 *Vörðuklöpp* örnefni

“Upp af Fossbrekkum [við Geitará] heitir Vörðuklöpp.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Arnheiðarstaðir, 4

NM-177:046 *Vörðuhlíð* örnefni
"Ofan við Hamrana [?] er Vörðuhlíð." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnheiðarstaðir, 5

NM-177:047 varða landamerki
"Landamerki Arnheiðarstaða og Droplaugastaða eru: Úr klöpp við Lagarfljót, innan við Parthús. Þaðan bein lína í stein neðan við gamla þjóðveginn. Þaðan beygir línan í vinkil út með veginum, í vörðu ofan við sama veg, upp af Parthúsum. Þaðan bein lína í börðu á Grásteinshlíð." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnheiðarstaðir, 7-8

NM-177:048 varða landamerki
"Landamerki Arnheiðarstaða og Droplaugastaða eru: Úr klöpp við Lagarfljót, innan við Parthús. Þaðan bein lína í stein neðan við gamla þjóðveginn. Þaðan beygir línan í vinkil út með veginum, í vörðu ofan við sama veg, upp af Parthúsum. Þaðan bein lína í börðu á Grásteinshlíð." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Arnheiðarstaðir, 7-8

NM-177:049 *Kolásar* örnefni kolagröf
"Ytri-Smáklettar eru út af Smáklettum á Arnheiðarstöðum, eru þar upp við hlíðarnar. Þá eru þar Smáklettadrög, eins og byrjunin á aðalklettunum. Svo kemur þar Neðsti-Blautidalur, þar fellur Stekkslækurinn niður. Þessi dalur er fyrir framan og ofan Sjónarhraun, svo er stórt svæðimelar og klappir utan við Blautadal, sem heitir Kolásar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Droplaugstaðir, 2

NM-178 Geitagerði

Hjáleiga Arneiðarsstaða. "Jörðin á um tveggja km. breiða spildu meðfram Lagarfljóti milli Geitár og Merklkjar. Arnheiðarstaðaland er norðan Geitár, en Hús (Brekkugerðishús) sunnan Marklækjar. Lækur skiptir löndum upp á heiðarbrún, sem er tiltölulega skammt upp af bæ. Þaðan liggur markalínan við Hús gagngert í steinana tvo, Bræður, á hreppamörkum á Miðheiði." SJM II, 18.

1918: Tún 3,5 ha, garðar 1400, nátthagi 0,5 ha .F,18: "Túnið er 320 arar að flatarmáli, í sæmilega góðri rækt, meirihlutinn slétt og allt greiðfært aðveinnslu; hálent og harðlent og liggur móti sólu, því mjög brunagjarnt í þurrkasumrum. ... Engjar eru samfelldar út frá túninu, sem vatni er veitt yfir á vorin; oftast snöggar og ógreiðfærar til heyskapar vegna þýfis og bleytu. ... Heyskapur í fjalli langsóttur og erfiður, en engi þar fremur grasgefið, en ekki brattur og slæmur umferðar." SJM II, 18.

NM-178:001 *Geitagerði* bæjarhóll bústaður
"Áfast gamla bænum var fárhús kallað Bakhús, áföst við það var Bakhúshlaða." Segir í örnefnalýsingu. "Gamli bærinn stóð rétt ofan við núv. íbúðarhús, forn baðstofa, löguð um 1896, 83/4 álnir+endi. Þverhús (´06), hlaðið, 12x6 álnir, alþiljað járkl. þak, stafn og veggur." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Ö-Geitagerði, 5; Túnakort 1918; SJM II, 19

NM-178:002 heimild hesthús

HH: “Gripahús við bæinn. Þar eru tvö lítil hesthús, sambyggð, undir sama risþaki, en torfveggur á milli, bæði með dyrum í austur. Torfþak er á þeim og stendur sæmilega enn, enda eru húsin í notkun. Framan við þau er viðbyggð hlaða, úr torfi og grjóti, með skúrþaki af járni. Á henni eru útidyr að austan, en vindauga vestan á, enginn samgangur milli hennar og húsanna. Þetta er kúahlaðan, en steypt fjós er þar rétt fyrir framan, sem var notað þar til fyrir fáum árum.” “Hesthúsin eru byggð upp úr fjárhúsi, sem þarna var, og var kallað Traðarhús. Þá var annað fjárhús framan við hlöðuna, viðbyggt, og var sama nafn.”

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 36

NM-178:003 *Guttormshús* heimild fjárhús

“Spölkorn innan við íbúðarhúsið var fjárhús, nefnt Guttormshús, byggt um 1839. Þar er nú kartöflugeymsla.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Geitagerði, 5

NM-178:004 *Götuhús* heimild fjárhús

HH: “Aðalfjárhúsin Götuhús, voru rétt fyrir ofan bærinn, og stóðu fram um 1950-60, en nú sjást engar minjar þeirra.” “Götuhús hét eitt fjárhúsa, rétt fyrir ofan íbúðarhúsið, rifin 1955.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 36, Ö-Geitagerði, 5

NM-178:005 *Hesthústún* örnefni hesthús

“Neðan við íbúðarhúsið er allbrött brekka og nefn Brekka í daglegu tali. Þar fyrir neðan var hálfdeigja, kölluð Fit, framan við hana hét Hesthústún. Utan og neðan við gamla túnið hét Hesthúsmór, nú tún.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Geitagerði, 4

NM-178:006 heimild kálgarður

“Kartöflu- og rófugarðar löngu fyrir aldamót.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 19

NM-178:007 heimild rista

“Torfrista engin nema í engjum.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 18

NM-178:008 heimild leið

“Engjavegur langur, brattur og slæmur umferðar.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 18

NM-178:009 *Fornasel* heimild sel

“Rústir Fornasels í landareign.” segir í Sveitum og jörðum. HH: “Fornasel kallast fornar tættur, langt upp í fjalli, undir svon. Hamarsenda, sem er hluti klettabeltis, er kallast Efrihamar.”

Heimildir: SJM II, 18; HH: Mannvistarleifar í Fljótsdal, 36

NM-178:010 heimild áveita

“Um 1840 gerð áveita á tún og engjar úr bæjarlæk með vatnsauka úr Geitá.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 19

NM-178:011 heimild mylla

“Um 1840 gerð áveita á tún og engjar úr bæjarlæk með vatnsauka úr Geitá. Myllu komið upp um svipað leyti.” segir í Sveitum og jörðum. HH: “Myllutótt er við Bæjarlækinn, stutt fyrir ofan veginn, inn af Neðra-Bjarginu.”

Heimildir: SJM II, 19; HH: Mannvistarleifar í Fljótsdal, 36

NM-178:012 gripir

“Silfurhnappar tveir fundust um ´03, taldir vera af buxnastreng. Varðv. í G.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 19

NM-178:013 gripir

“Hringur áletraður fundin um ´14. Varðv. í Þjóðms.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 19

NM-178:014 heimild beitarhús

HH: “Gamlar beitarhúsatættur eru þar skammt fyrir innan [009], undir Húsabrekkum. ... Hætt að nota beitarhúsin um 1910.”

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 36

NM-178:015 heimild stekkur

HH: “Stekkur var á milli Efra- og Neðra-Bjargs, utantil. Þar er ein ferköntuð tótt, líklega af fjárhúsi.”

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 36

NM-178:016 garðlag nátthagi

HH: “Nátthagi með grjótgarði umhverfis, er út og niðri á bökkunum við Lagarfljót, fyrir utan túnið.”

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 36

NM-178:017 *Grímshellir* hellir

HH: “Rauðihellir, stundum nefndur Grímshellir er í kletti við Fljótið út undir merkjum. Hugsanlegt að Grímur Dropi hafi dvalið þar.”

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 36

NM-178:018 garðlag

HH: “Einnig má geta grjótgarðs utan við trjágarð við bæinn, sem er laglega hlaðinn ...” Ekki víst að garðurinn sé mjög gamall.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 36

NM-178:019 *Skipavík* heimild lending

“Í Skipavík lentu vélbátar, meðan bátar voru notaðir til flutninga á Lagarfljóti (1905-1933).” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Geitagerði, 4

NM-179 Merki

Hjáleiga Arneiðarsstaða, er í raun í Jökuldalshreppi. Nýbýlið Arnarhóll stofnað 1960. “Landið liggur skáhallt frá Jökulsá sa í Fljótsdalsheiði á hreppamörk. Að sv. eru mörk við

Klaustursel við Tregagilsá inn á móts við steina tvo stórkallalega, Bræður að nafni. Að utan og na. eru mörk nú úr Valagilsárkrók á heiðarbrún og til heiðar um há-Villingafell og áfram sa. á hreppamörk milli Stóruaxlar og Grjótháls. Hnefilsdalur átti áður land suður í Mórauðukvísl og Merkisgreni í miðri heiði. Björn Þorkelsson í Hnefilsdal gaf Merkilsbónda stærðarspildu á þeim slóðum, enda lá hún betur við Merki til gangna." SJM I, 295.

"Gamla túnið var hólatún, fremur snöglent, en nær allt slétt og jarðdjúpt, gaf af sér um 100 hb. Engjar vpru nærtækar og samfelldar á grundunum, en fremur snöggar, graslendur slegnar annað hver ár og laufaengjar á fjögra til fimm ára fresti." SJM I, 296.

NM-179:001 *Merki* bæjarhóll bústaður
"1880 byggði Björn Jónsson timburhús 9x5 álnir í veggtótt, þiljuð hlið sv. á hlað. Kvistur var uppi, útskorinn og stóð á súlum fram á hlað, en pallur á hlaðinu undir við súlurnar. Panilþiljuð og súlurnar klæddar panil. Timburþak ..." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 296; Túnakort 1918

NM-179:002 heimild túngarður
"Torfgarður um gamla túnið, nú horfin." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 296

NM-179:003 heimild mylla
2 myllur segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 296

NM-179:004 heimild mylla
2 myllur segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 296

NM-179:005 heimild áveita
" ... túnáveita úr Bæjarlæk." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 296

NM-179:006 heimild kláfferja
"Jökla eljar fram við túnfótinn í alldjúpu gili og víða þröngu; þar er kláfferja." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM I, 296

NM-179:007 garðlag kálgarður
"Niðri í Tregagili, þar sem vegurinn liggur niður í það, heitir Tregluhvammur, er beint inn af Stóralækjarbala. Neðst í gilinu er nefnt Garður. Það er gamall sáðgarður og skógavaxin brekka, þar var sáð kartöflum fyrir aldamót, fyrsti garðurinn hér í dalnum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Merki, 2

NM-179:008 heimild fjárhús
"Innst í túni framan við Hesthúslæk eru Frambalar ... Rétt framan við Hesthúslæk, fram af Hesthúshól, er síðar getur er holt sem heitir Steinholt. ... Þetta svæði er hér beint beint fyrir framan bæinn, sléttan milli lækjanna heitir Grund og þar upp af er hóll, sem heitir Hesthúshóll, er við lækinn, á honum eru fjárhús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Merki, 2, 3

NM-179:009 *Steinholt* heimild leikvöllur
“Rétt framan við Hesthúslæk, fram af Hesthúshól, er síðar getur er holt sem heitir Steinholt. Það var leikvöllur barna ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Merki, 3

NM-179:010 *Hádegisvarða* varða eyktamark
“Skammt utan við Stóralæk er Hádegisgil ... og þá er þar Hádegisvarða á brún. Beint út af henni er Háavarða á brúninni.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Merki, 3

NM-179:011 *Háavarða* varða
“Skammt utan við Stóralæk er Hádegisgil ... og þá er þar Hádegisvarða á brún. Beint út af henni er Háavarða á brúninni.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Merki, 3

NM-179:012 *Fúsi* varða
“Þar utan við Stóralæk beint út af Treglumel, sem er hér innan við lækinn og síðar getur, eru tvær vörður, sem heita Fúsi og Elsa þar rétt á sama mel.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Merki, 3

NM-179:013 *Elsa* varða
“Þar utan við Stóralæk beint út af Treglumel, sem er hér innan við lækinn og síðar getur, eru tvær vörður, sem heita Fúsi og Elsa þar rétt á sama mel.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Merki, 3

NM-179:014 heimild
“Þar utan við Stóralæk beint út af Treglumel, sem er hér innan við lækinn og síðar getur, eru tvær vörður, sem heita Fúsi og Elsa þar rétt á sama mel. Gamalt byrgi er á melnum og þessi mannvirki eru allt að því 100 ára.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Merki, 3

NM-179:015 *Hesthúsvegur* vegur leið
“Rétt framan við Hesthúslækinn, ofan við brún, aðeins utar og neðan við Fúsa og Elsu, er hár melur, sem heitir Kaupstaðamelur. Heybandsvegur liggur þar um niður á hesthúshól, nefndur Hesthúsvegur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Merki, 3

NM-179:016 *Ærhús* heimild útihús
“Svo er Ærhúshóll, sem er utan við lindina. Á honum eru Ærhús og Skálahús (nú horfin), er standa saman, og rétt utan við þau var Stórhús og neðan þess Stórhúshóll, nú kominn í garðinn.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Merki, 3

NM-179:017 *Stórhús* heimild útihús
“Svo er Ærhúshóll, sem er utan við lindina. Á honum eru Ærhús og Skálahús (nú horfin), er standa saman, og rétt utan við þau var Stórhús og neðan þess Stórhúshóll, nú kominn í garðinn.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Merki, 3

NM-179:018 heimild hesthús

“Þá er það svæðið frá Bæjarlæk og út að Heimagróf. Utan við Bæjarlæk, efst í túni er Lambhúshóll, nú er það hesthús, svo hann er stundum nefndur Hesthúshóll ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 4

NM-179:019 *Smiðjuhóll* örnefni smiðja

“ ... neðan undir honum [Hesthúshól], rétt ofan við götuna, er smiðjuhóll rétt utan bæjar ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 4

NM-179:020 varða

“Þá er þar varða beint frammi við bæjarlæk. Þá er Lágabrún. Á henni er Klapparvarða, fast við Heimagróf.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 4

NM-179:021 *Klapparvarða* varða

“Þá er þar varða beint frammi við bæjarlæk. Þá er Lágabrún. Á henni er Klapparvarða, fast við Heimagróf.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 4

NM-179:022 *Skotkofaholt* örnefni skotbyrgi

“Skotkofaholt er upp við Pínulæk í fjalli, þar er grafningur á kafla.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 4

NM-179:023 heimild smalakofi

“Skotkofaholt er upp við Pínulæk í fjalli, þar er grafningur á kafla. Þar upp af Lágubrún er Lágahlíð og á henni er Láguhlíðarsteinn. Þar fyrir ofan er kölluð Flóabrún. Ofan við brún taka svo viðflóar. Á brúninni er smalakofi, rétt neðan við Bæjarflóa.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 4-5

NM-179:024 heimild stekkur

“Við Stekkjarlæk heitir Stekkur og bakkinn við ána Stekkjarbakki og Stekkjargrund er framan við Stekkinn, og þar er Stekkjarlind.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 5

NM-179:025 varða

“Stekkjarmelur er melur beint upp af Stekknum með vörðu á.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 5

NM-179:026 *Mókolla* varða

“Mókolla er varða á brún, aðeins ofar en Lágabrún, er þar ofar varða, sem heitir Risa, er framar og ofar en Mókolla, beint út af Láguhlíð.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 5-6

NM-179:027 *Risa* varða

“Mókolla er varða á brún, aðeins ofar en Lágabrún, er þar ofar varða, sem heitir Risa, er framar og ofar en Mókolla, beint út af Láguhlíð.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 5-6

NM-179:028 *Illalækjarvarða* varða

“Á brún rétt utan við Illalæk er Illalækjarvarða, rétt utan við lækinn, þar í slakkanum, er nafnlaus varða.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 6

NM-179:029 varða

“Á brún rétt utan við Illalæk er Illalækjarvarða, rétt utan við lækinn, þar í slakkanum, er nafnlaus varða.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 6

NM-179:030 varða

“Á brún rétt utan við Illalæk er Illalækjarvarða, rétt utan við lækinn, þar í slakkanum, er nafnlaus varða. Þar í hlíð er nafnlaust, fyrr en í Flóabrún, þar er Þvermelur, stór melur með tveim vörðum rétt utan við Illalæk.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 6

NM-179:031 varða

“Á brún rétt utan við Illalæk er Illalækjarvarða, rétt utan við lækinn, þar í slakkanum, er nafnlaus varða. Þar í hlíð er nafnlaust, fyrr en í Flóabrún, þar er Þvermelur, stór melur með tveim vörðum rétt utan við Illalæk.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 6

NM-179:032 *Vörðuhlíð* örnefni

“Þar ofar [en 030-031], ofan við Þvermel, taka við Vörðuhlíðardrög milli Illalækjar og Selmýrar, þar er Vörðuhlíð frá Skiðumel inn að Illalæk ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 6

NM-179:033 *Sel* heimild beitarhús

“Þá er næst frá Selmýrarlæk að Þrepalæk. Þá er neðst alla leið milli lækja Selmýri og Selklaufarlækur, er næst fyrir framan Selmýrina, svo er Selklauf. Sel beitarhús var utan við lækinn, beint út af Hjallanum.” segir í örnefnalýsingu.

Ö-Merki, 6-7

NM-179:034 *Tvívörður* varða

“Frá Sellæk að Þrepalæk heitir Selhjalli og framhald af honum, upp á brún, heitir Selfjall. Þar upp á brún heitir Selhólar. Fyrir ofan þá er hóll, Laufhóll, nokkurn veginn beint upp af Selinu í sömu stefnu og Laufhóll. Í sömu hæð eru Tvívörður. Heybandsvegur lá hjá þeim áður fyrr.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 7

NM-179:035 vegur leið

“Frá Sellæk að Þrepalæk heitir Selhjalli og framhald af honum, upp á brún, heitir Selfjall. Þar upp á brún heitir Selhólar. Fyrir ofan þá er hóll, Laufhóll, nokkurn veginn beint upp af Selinu í sömu stefnu og Laufhóll. Í sömu hæð eru Tvívörður. Heybandsvegur lá hjá þeim áður fyrr.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 7

NM-179:036 varða

“Utan við Selmýrarlæk er melur með vörðu ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 7

NM-179:037 varða

“Ofan við Sleðamel, sem fyrr getur, hefur gleymzt Treglumelur, melur með vörðu á.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 10

NM-179:038 *Þrívörður* varða

“Þá er ofar með Treglu, liggur upp og niður með ánni, inn af Móhálsi, Langimelur. Meðfram honum er nafnlaus tjörn. Þar nokkru innar eru Þrívörður, þrjár vörður á mel rétt við ána.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 10

NM-179:039 *Lambhúsvegur* vegur leið

“Lambhúsvegur liggur beint upp af Lambhúshól, utan við Bæjarlæk, svo skiptast leiðir um Mókoll, liggur annað í Vörðuhlíðardrag.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 11

NM-179:040 *Skeggjastaðavegur* vegur leið

“Skeggjastaðavegur liggur upp með Treglu utan við Mórauðavatn.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 11

NM-179:041 heimild kláfferja

“Við Dráttarbakka var dráttur = kláfferja á Jökulsá frá 1930-1949.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 12-13

NM-179:042 heimild kláfferja

“Við Dráttarmýri er nú kálfferja á Jökulsá og var þar fyrir 1930.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Merki, 13

NM-661 Fornleifar á fleiri en einni jörð

NM-661:001 heimild leið

“Á einokunartíma, meðan landinu var skipt í verslunarumdæmi, var Fljótsdælingum gert að versla í Djúpavogsumdæmi. Kaupstaðaleiðin lá upp úr dalnum ýmist um Þingmannakleif, sem er sneiðingur efst í fjalli ofan við Víðivallagerði ... Síðan lá leiðin suðaustur yfir hornbrynjuslakka, þ.e. norðan við Hornbrynju, þvert austur yfir Geitadalsafrétt og Búðatungur inn af Skriðdal, meðfram Ódáðavötnum og yfir þau á rifi, sem talið er að hafi verið hlaðið í mjödd á vötnunum. Þaðan var farið á Axarveg, niður í Berufjörð og sem leið liggur út á Djúpavog.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 9

NM-661:002 heimild leið

“Á einokunartíma, meðan landinu var skipt í verslunarumdæmi, var Fljótsdælingum gert að versla í Djúpavogsumdæmi. Kaupstaðaleiðin lá upp úr dalnum ýmist um Þingmannakleif, sem er sneiðingur efst í fjalli ofan við Víðivallagerði, eða upp af Sturluflöt. Síðan lá leiðin suðaustur yfir hornbrynjuslakka, þ.e. norðan við Hornbrynju, þvert austur yfir Geitadalsafrétt og Búðatungur inn af Skriðdal, meðfram Ódáðavötnum og yfir þau á rifi, sem talið er að hafi verið hlaðið í mjödd á vötnunum. Þaðan var farið á Axarveg, niður í Berufjörð og sem leið liggur út á Djúpavog.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 9

NM-661:003 heimild leið
"Kaupstaðaleiðir á Djúpavog lágu víðar um öræfin en hér hefur verið lýst, t.d. suður á milli Brattaháls og Líkárvatns og út á Fossárdal." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 10

NM-661:004 heimild leið
"Eftir að verslun fluttist á Reyðarfjörð lá aðalverslunarleið Fljótsdælinga þangað út hjá Hallormsstað og þaðan yfir Hraungarð, ofan í Skriðdal rétt framan við Geirólfsstaði og síðan um Þórsdalsheiði." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 10

NM-661:005 heimild leið
"Sláturfé var þó rekið yfir Hraungarð upp frá Buðlungavöllum og niður milli Flögu og Mýra í Skriðdal." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 10

NM-661:006 heimild leið
"Af Norðurbyggð, a.m.k. utan til, lá kaupstaðarleið út Fell. Þegar mikið var í ánum fóru allir Norðurbyggjar þá leið." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 10

NM-661:007 *Hallfreðargata* heimild leið
Hrafnkell reið oft yfir Fljótsdalsheiði og fór ekki Bessagötur sem flestir fóru heldur ofar yfir heiðina, ofan við Eyvindarfjöllin, og kallaðist þar Hallfreðargata. Nafnið hefur ekki varðveist. Leiðin gæti hafa legið upp frá Kleif.
Heimildir: IF XI, 99

NM-662 Óstaðsetjanlegar fornleifar

NM-662:001 *Lagarfljótsormurinn* þjóðsaga
Sjá SM-622:001

NM-662:002 þjóðsaga
Skepna sást fyrir utan Arnheiðarstaði fara upp eftir fljótinu jafn stór og sexæringur. Sama sá fólkið í Hrafngerði. Þriðji aðilinn sá skrímsli skammt undan land líktist sel og skötu. Á árunum 1749-50
Heimildir: Eggert Ólafsson: Ferðabók II, 112-113

Heimildaskrá

Adolf Friðriksson: Dagbók úr hofleiðangri Fornleifastofnunar Íslands 1992

Ágúst Ó. Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar,* Reykjavík 1993 [fjölrit]

Biskupasögur I-II, Kaupmannahöfn 1858, 1878

Björn Lárusson: *The Old Icelandic Land Registers,* Lundi 1967

Björn Magnússon Olsen: "Valþjófsstaðahurðin", *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1884-5* , 24-37

Bruun, Daniel: "Við norðurbrún Vatnajökuls", *Múlaþing VII* 1974, 159-195

Bruun, Daniel & Finnur Jónsson: "Undersögelser og Udgravniner paa Island 1907-09", *Geografisk tidskrift* XX, 302-315

Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árið 1752-1957, I-II Reykjavík 1943

Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I-II, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983

Gestur Guðfinnsson: "Steinatök eða aflraunasteinar" *Farfuglinn* 1977

Guðrún Kristinsdóttir: "Kuml á Hrólfsstöðum í Jökuldalshreppi" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1996-97,* 61-68

Hald, Margrethe: "Vötturinn frá Arnheiðarstöðum", *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1949-50,* 73-77

Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum" *Múlaþing* V, 1970, bls. 172-187.

Halldór Stefánsson; "Hrafnkelsdalur og byggðin þar", *Austurland. Safn Austfirzkra fræða* II, Akureyri 1948, 145-172

Hannes Þorsteinsson: "Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi" *Árbók hins íslenska Fornleifafélags 1923*, bls. 1-96

Helgi Gíslason. "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti" *Múlaþing* XIII 1984. 5-10

Helgi Hallgrímsson: "Af náttúru og minjum á Austurlandi VI"

Helgi Hallgrímsson: *Mannvistaminjar í Fljótsdal. Skrá yfir gömul hús, aðallega úr torfi og grjóti, húsatættur af ýmsum aldri, réttir, garðlög, vörður o.fl. gömul mannvirki,* 1990, Fjölrit í vörslu höfundar, afrit á Fornleifastofnun Íslands.

Helgi Hallgrímsson: *Samantekt um gangnamannakofa á Fljótsdalsafréttum*, 1993, Fjölrit í vörslu höfundar, afrit á Fornleifastofnun Íslands.

Helgi Hallgrímsson: "Þrír steinar á Skriðuklaustri", *Austri* 24. ár.

Islandske Annaler indtil 1578, Kristjania 1888

Íslenskt fornbréfasafn I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

Íslenzk fornrit I-, Reykjavík 1933

Íslenzkar þjóðsögur og sagnir. Safnað hefir og skráð Sigfús Sigfússon I-XVI, Seyðisfjörður 1922-1958

Íslenskar þjóðsögur og sagnir. Safnað hefir og skráð Sigfús Sigfússon I-XI, Reykjavík 1982-1993

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Safnað hefur Jón Árnason I-VI, Reykjavík 1993

J.Johnsen: *Jarðatal á Íslandi,* Kaupmannahöfn 1847.

Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir, Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar, Kaupmannahöfn 1992.

Kaalund, Kristian: *Bidrag til en topografisk-historisk Beskrivelse af Island* I-II, Kaupmannahöfn 1877-82

Kaalund, Kristian: *Íslenzkir sögustaðir. Austfirðingafjórðungur* IV, Reykjavík 1986

Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé,* Akureyri 1956.

Kristján Jónsson: "Um Lambanes-þing o.fl.", *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1924*, 34-41

Ólafur Lárusson: "Nokkrar athugasemdir um fjórðungaþingin", *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1925-26* , 4-17

Ólafur Olavius: *Ferðabók* I-II, Reykjavík 1964.

Pálmi Pálsson: "Um myndir af gripum í forngripasafni", *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1895* , 30-35

Sigurður Vigfússon: "Rannsókn í Austfirðingafjórðungu 1890", *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1893*, 28-60

Sveitir og jarðir í Múlaþingi II Egilstaðir 1974

Sveinbjörn Rafnsson: *Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum. Brot úr byggðasögu Íslands*, Reykjavík 1990

Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, 2. útg. Reykjavík 1950.

Sigurður Gunnarsson: "Örnefni frá Jökulsá í Axarfirði austan að Skeiðará" *Safn til sögu Íslands og islenzkra bókmennta. Að fornu og nýju* II, Kaupmannahöfn 1886, 429-497

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1918. Fljótsdalshreppur.

Ö-Arnaldsstaðir, *Arnaldsstaðir*. Örnefnastofnun.

Ö-Arnheiðarstaðir, *Arnheiðarstaðir*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Bessastaðagerði, *Bessastaðagerði*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Bessastaðir, *Bessastaðir*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Brekka, *Brekka*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Brekkugerði, *Brekkugerði*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Brekkugerðishús, *Brekkugerðishús*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Droplaugstaðir, *Droplaugarstaðir*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Egilsstaðir, *Egilsstaðir*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Geitagerði, *Geitagerði*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Glúmsstaðasel, Glúmsstaðasel, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Glúmsstaðir, *Glúmsstaðir*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Hamborg, *Hamborg*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Hjarðarból, *Hjarðarból*, Eiríkur Eiríksson skráði 1973.

Ö-Hóll, *Hóll*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Hrafnkelsstaðir I, Hrafnkelsstaðir I, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Hrafnkelsstaðir II, Hrafnkelsstaðir II, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Kleif, *Kleif*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Klúka, *Klúka*, Metúsalem Kjerúlf skráði, Eiríkur Eiríksson skráði 1973. Örnefnastofnun

Ö-Langhús. *Langhús*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Melar, *Melar*, Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Merki, *Merki*, Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Múlinn, *Múlinn*. Örnefnastofnun.

Ö-Rani, *Rani*. Örnefnastofnun.

Ö-Skriðuklaustur, *Skriðuklaustur*. Örnefnastofnun.

Ö-Sturluflöt, *Sturluflöt*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun

Ö-Undir Fellum, *Undir Fellum*. Örnefnastofnun.

Ö-Suðurfell og Villingadalur, *Suðurfell og Villingadalur*. Örnefnastofnun.

Ö-Vallholt, *Vallholt*, Helgi Hallgrímsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Valþjófsstaður, *Valþjófsstaður*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Vesturöræfi, *Vesturöræfi*. Örnefnastofnun.

Ö-Víðivallagerði, *Víðvallagerði*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Víðivellir fram, *Víðivellir fremri*, Metúsalem Kjerúlf skráði, Eiríkur Eiríksson skráði 1973. Örnefnastofnun.

Ö-Víðivellir ytri, *Víðivellir ytri*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun

Ö-Þorgerðarstaðir, *Þorgerðarstaðir*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Þuríðarstaðir, *Þuríðarstaðir*, Metúsalem Kjerúlf skráði. Örnefnastofnun.